# FRÉTTABLAÐIÐ

136. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 10. JÚNÍ 2016


Föstudagsviðtalið

LEIÐIN TIL BESSASTAÐA



# Óttast ekki höfnun

Davíð Oddsson litur ekki svo á að forsetaframbjóðendur tapi þótt þeir endi ekki í forsetastól. Hildur Þórðardóttir segir framboðið vera sjálfsstyrkingu en Elísabet Jökulsdóttir er í framboði til þess að fá höfnun.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Bergur Ebbi skrifar minningargrein um núvitund. **13**

**SPORT** Evrópumótið í fótbolta hefst í Frakklandi í dag. **18-20**

**MENNING** Geðlæknirinn Ferdinand Jónsson yrkir um landið og tilfinningarnar. **28-30**

**LÍFIÐ** Íslendingapartíið á EM sprengir utan af sér. **36**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **ÁFRAM ÍSLAND**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






# Stærstur hluti Íslendinga vill hafa forsetaembætti

**STJÓRNMÁL** „Þetta segir mér kannski bara fyrst og fremst að það er yfirgnæfandi stuðningur við það í samfélaginu að hafa forsetaembætti áfram, hvað svo sem röddum um annað líður," segir Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði, um niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis.

Þessar niðurstöður sýna að einungis 12 prósent svarenda vilja að embætti forseta Íslands verði lagt niður, 78 prósent vilja það ekki, níu prósent eru óákveðin í afstöðu sinni en eitt prósent neitar að svara. Þegar einungis eru skoðuð svör þeirra sem afstöðu taka sést að tæp 14 prósent vilja að forsetaembættið verði lagt niður. Rúm 86 prósent vilja það ekki. Fleiri karlar en konur sem afstöðu taka vilja að embættið verði lagt niður, eða 15,6 prósent á móti 11,7.

Grétar Þór segir þessar niðurstöður benda til þess að þjóðin vilji hafa forseta. „En svo er náttúrlega hitt að þjóðin er komin í forsetagírinn í aðdraganda kosninga. Það er ekkert útilokað að þú fengir aðeins lægri tölu ef þú værir á miðju kjörtímabili," segir Grétar Þór og ítrekar að fólk sé komið í ákveðinn gír.

Könnunin var gerð mánudagskvöldið 6. júní. Hringt var í 924 manns þar til náðist í 800 og var svarhlutfallið því 86,6 prósent. Spurt var: Vilt þú að embætti forseta Íslands verði lagt niður? Svarmöguleikarnir voru já og nei. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Alls tóku 89,9 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. – jhh

**Vilt þú að embætti forseta Íslands verði lagt niður?**



## Veður




Austlæg átt í dag, hvassast allra syðst á landinu. Skýjað og lítilsháttar væta sunnan- og vestanlands, en nokkuð bjart veður norðan- og austanlands, en líkur á þokulofti við sjóinn. Áfram hlýtt í veðri og hiti allt að 20 gráður inn til landsins. SJÁ SÍÐU 26

# Á milli 300 og 400 lítrar af áfengi gerðir upptækir




Tveir voru handteknir á ellefta tímanum í gærmorgun grunaðir um áfengisframleiðslu í húsi við Laugaveg í Reykjavík. Mennirnir voru látnir lausir að yfirheyrslu lokinni og taldist málið þá upplýst. Á staðnum fundust á bilinu 300-400 lítrar af gambra og nokkrir tugir lítra af hreinum landa. Lögregla gerði vökvann upptækan. Þá voru tæki og tól til bruggunar gerð upptæk. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Kennarar kolfelldu kjarasamning

**KJARAMÁL** Grunnskólakennarar felldu nýjan kjarasamning við Samband íslenskra sveitarfélaga með afgerandi niðurstöðu. Frétt um það birtist á vef Kennarasambands Íslands í gær. Þannig kusu 72 prósent gegn samningnum en aðeins 25 prósent vildu samþykkja hann. Þá skiluðu 2,5 prósent auðu. Atkvæðagreiðsla stóð dagana 2. til 9. júní. **– nej**



**Fjármögnun er lokið fyrir fyrsta áfanga.** MYND/LANDSVIRKJUN

## Þeistareykir fjármagnaðir

**ORKUMÁL** Evrópski fjárfestingabankinn (EIB) hefur undirritað lánssamning að fjárhæð 17 milljarðar íslenskra króna [125 milljónir evra] við Landsvirkjun til fjármögnunar á jarðvarmavirkjun á Þeistareykjum. Þetta er fyrsta verkefni Evrópska fjárfestingabankans á Íslandi frá árinu 2011.

Fjármögnunin verður nýtt til þess að styðja við hönnun, byggingu og rekstur 90 MW jarðvarmavirkjunar Landsvirkjunar á Þeistareykjum, þar sem níu vinnsluholur með 50 MW afkastagetu hafa þegar verið boraðar og prófaðar.

Lánið er fyrsta verkefni EIB á Íslandi frá því árið 2011, þegar bankinn lánaði 70 milljónir evra, einnig til Landsvirkjunar, til byggingar á Búðarhálsvirkjun á Suðurlandi. Á síðasta ári var meira en fjórðungur verkefna sem nutu stuðnings EIB í formi verkefna sem stuðla að verndun umhverfisins. **– shá**

## 7.600 umsóknir bárust HÍ

**MENNTAMÁL** Liðlega 7.600 umsóknir um grunn- og framhaldsnám bárust Háskóla Íslands fyrir komandi skólaár. Umsóknarfrestur um grunnnám rann út sunnudaginn 5. júní síðastliðinn. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Háskóla Íslands.

Umsóknir um grunnnám voru 4.500 og rúmlega 3.100 manns sóttu um framhaldsnám. Til samanburðar voru hátt í fjögur þúsund nemendur brautskráðir með stúdentspróf frá framhaldsskólum landsins um síðustu áramót og í vor.

Á félagsvísindasviði bárust flestar umsóknir í viðskiptafræði, alls 390, en greinin hefur um nokkurt skeið verið sú vinsælasta innan skólans. **– ngy**

**Umsóknir um grunnám voru 4,500 og rúmlega 3.100 sóttum framhaldsnám.**

# Lána ríkinu til að byggja flughlað

**Mikið efni safnast fyrir við vesturmunna Vaðlaheiðarganga sem þarf að losna við. Ríkið hefur ekki sett fé í að kaupa efnið til að byggja flughlað. Ákveðið að lána ríkinu efnið. Áætlað er að 175 þúsund rúmmetrar af efni þurfi í flughlaðið.**

**SAMGÖNGUMÁL** Stjórn Vaðlaheiðarganga hefur ákveðið að flytja um 20.000 rúmmetra af efni í flughlað Akureyrarflugvallar í þeirri von að hún fái það greitt seinna meir. Ekki eru til peningar hjá ríkinu til verksins og því ætla Vaðlaheiðargöng að lána ríkinu efni.

„Við byrjuðum á mánudagsmorgni að keyra efni í flughlað Akureyrarflugvallar. Við munum greiða kostnaðinn við flutningana og lána þar með ríkinu það fjármagn. Við vonumst svo til að fá það greitt síðar meir,“ segir Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga. „Við gerum ráð fyrir að þessi útlagði kostnaður okkar verði greiddur af ríkinu þó við höfum ekkert í hendi okkar núna um það.“ Áætlaður kostnaður við efnisflutninginn nú er um 20 milljónir króna.

Akureyrarbær hefur gagnrýnt ríkið fyrir að veita ekki fjármuni til stækkunar flughlaðsins á Akureyrarflugvelli þannig að hann geti tekið við millilandaflugi í auknum mæli. Til að mynda er bygging flughlaðsins ekki á samgönguáætlun ársins 2015-2018 sem enn er í meðförum þingsins.

„Verktakinn þurfti að losa sig við efnið því það vantaði pláss á vinnusvæði ganganna. Því var um tvennt að velja; annaðhvort gefa efnið eða flytja það niður á flugvöll í þeirri von að fá það borgað seinna. Sá kostur var tekinn.“ segir Valgeir en hann áætlar að það taki um tvær til þrjár vikur að flytja efnið niður á flugvöll.

Guðni Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Isavia, vissi ekki af þessum áformum Vaðlaheiðarganga þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Hann sagði framkvæmdina alfarið á hendi ríkisins og Isavia kæmi ekkert að stækkun flughlaðsins að svo stöddu.

Áætlað er að um 175 þúsund rúmmetrar af efni þurfi í stækkun flughlaðsins. Nú hafa um 50 þúsund rúmmetrar verið settir í verkefnið og að þremur vikum liðnum verða því um 70 þúsund rúmmetrar komnir á flugvallarsvæðið. Því er ljóst að um 100 þúsund rúmmetra af efni úr göngunum mun þurfa í viðbót til að hlaðið verði fullbyggt.

sveinn@frettabladid.is



**Hagstætt er að flytja efnið úr göngunum í flughlað en ríkið setur ekki fé í það.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**Við byrjuðum á mánudagsmorgni að keyra efni í flughlað Akureyrarflugvallar.**

Valgeir Bergmann, framkvæmdstjóri Vaðlaheiðarganga



**175**

**þúsund rúmmetra af efni þarf í stækkun flughlaðsins en nú hafa 50 þúsund rúmmetrar verið settir í það.**

AFMÆLISTILBOÐ 50 ára
LANDMANN gasgrill 2ja brennara
Þetta frábæra 2ja brennara verðlaunagrill er komið aftur í nýrri útgáfu
FULLT VERÐ 49.900
AFMÆLISTILBOÐ
39.900
Hjólavagn Kr. 14.900




LANDMANN 50 ÁRA
grillbudin.is
Grillbúðin
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - (við hliðina á Bónus) - Sími 554 0400




DRÖGUM KL. 18.00 Í DAG | **TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á HHI.IS**

**HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS**

*Vænlegast til vinnings*

PIPAR\TBWA • SÍA • 162559

# Fangelsið á Hólmsheiði opnað í dag

**FANGELSISMÁL** „Þetta er bylting. Það hefur ekki verið byggt fangelsi á Íslandi síðan 1874,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður verkefnastjórnar um fangelsið á Hólmsheiði, sem verður opnað formlega í dag.

Steinunn segir að sérstaklega verði framfaraskrefið mikið fyrir kvenkyns fanga en 8 af 56 plássum í fangelsinu verða fyrir konur. Steinunn segir að gert sé ráð fyrir að konur geti afplánað lengri fangelsisdóma í fangelsinu en fangelsið verður eina kvennafangelsið. Á móti hefur fangelsum í Kópavogi og í Hegningarhúsinu verið lokað.

„Hönnun fangelsisins er með þeim hætti að konur og karlar blandast ekki,“ bendir Steinunn þó á.

Þá verður fangelsið einnig móttökufangelsi fyrir þá sem hefja afplánun fangelsisdóma auk þess sem gæsluvarðhaldsfangar munu sitja af sér sína dóma í fangelsinu.

Páll Winkel fangelsismálastjóri segir að starfsfólk fangelsisins muni taka sér tíma í að læra á öll öryggiskerfi áður en fyrstu fangarnir hefji afplánun þar. Miðað er við að það gerist í ágúst, þegar fyrstu kvenfangarnir hefja afplánun enda sé þörfin brýnust þar. **– ih**



Fyrstu fangarnir koma að líkindum í ágúst og verða kvenkyns. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Átta af 56 plássum í fangelsinu á Hólmsheiði verða fyrir konur. Fangelsið verður eina kvennafangelsið á landinu.**

# Margfalt fleiri fara í kynleiðréttingu

**Fjöldi þeirra sem leita til transteymis Landspítalans hefur margfaldast síðustu ár. Hópurinn er jaðarsettur í samfélaginu, hefur minni menntun, er líklegri til að kljást við geðræn vandamál og vera atvinnulaus samkvæmt nýrri lokaritgerð í læknisfræði.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Aldrei hafa fleiri leitað til transteymis Landspítalans vegna kynáttunarvanda en á síðasta ári eða 23 einstaklingar. Þá leituðu sjöfalt fleiri til teymisins á árunum 2010-2015 en á árunum 2004-2009 eða 67 miðað við níu á síðustu sex árum þar á undan. Þetta er niðurstaða lokaritgerðar Steinunnar Birnu Sveinbjörnsdóttur, í B.Sc.-námi í læknisfræði.

„Þetta er alþjóðleg þróun og þetta er það sem við sjáum í öllum nágrannalöndum okkar,“ segir Óttar Guðmundsson geðlæknir, sem stýrir transteymi Landspítalans, um hvers vegna einstaklingum sem leita til teymisins hafi fjölgað. Óttar segir að einkum séu það fleiri transkarlar sem leiti til teymisins en áður, en það eru þeir sem fæðast í kvenmannslíkama.

Óttar segir erfitt að festa fingur á hvers vegna þessar breytingar hafi átt sér stað. „Skýringin er helst þessi mikla umræða og allar þessar upplýsingar, netið og þessi opnu samskipti þessara einstaklinga sem gera það að verkum að fólk uppgötvar miklu fyrr hvað það vill gera,“ segir hann.

Hópurinn virðist vera með minni menntun en aðrir og líklegri til að eiga við geðræn vandamál að stríða samkvæmt rannsókninni. Þá virðist atvinnuleysi hópsins einnig vera mun meira en annarra þjóðfélagshópa. 14,3 prósent transkarla og 44,9 prósent transkvenna voru á framfærslu ríkisins í ferlinu, það er að segja á atvinnuleysisbótum eða endurhæfingarlífeyri. „Þetta er félagslega jaðarsettur hópur og virðist eiga erfitt uppdráttar í samfélaginu. Það virðist vera að hann þurfi meiri stuðning,“ segir Steinunn.

Ritgerðin er byggð á sjúkraskýrslum einstaklinganna en samkvæmt þeim höfðu fjögur prósent transkvenna og þrjú prósent transmanna lokið háskólanámi þegar þau leituðu fyrst til transteymisins. Hlutfallið er mun lægra en hjá öðrum en 26,7 prósent starfandi kvenna og 19,3 prósent starfandi karla á aldrinum 15-64 ára hafa lokið háskólagráðu samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Steinunn setur þó þann fyrirvara á þessar upplýsingar að einhverjir einstaklingar í hópnum hafi verið í háskólanámi eða ekki gefið upp menntun sína í sjúkraskýrslum.

„Það voru margir sem áttu mjög erfitt uppdráttar og höfðu gengið í gegn um meðferð við geðrænum vanda, annaðhvort notað geðlyf eða farið í sálfræðimeðferð,“ segir Steinunn. Alls hafði 51 prósent transkarla og 46 prósent transkvenna gengið í gegn um meðferð við geðrænum vanda sem sé mun hærra hlutfall en hjá öðrum þjóðfélagshópum.

Þá hefur meðalaldur þeirra sem leita til transteymisins lækkað lítillega en hann var 23 ár hjá transkörlum og 31 ár hjá transkonum. Við þetta bætist hópur ungmenna sem leitað hafi í Barna- og unglingageðdeild Landspítalans vegna kynáttunarvanda og því megi búast við að aldur þeirra sem leiti til transteymisins lækki enn frekar á næstu árum að sögn Steinunnar. **ingvar@frettabladid.is**

**Fjöldi þeirra sem leita til transteymis Landspítalans**
1997-2015




**Þetta er alþjóðleg þróun og þetta er það sem við sjáum í öllum nágrannalöndum okkar.**

Óttar Guðmundsson geðlæknir



**7**

**falt fleiri leituðu til transteymisins á árunum 2010 til 2015 miðað við árin 2004 til 2009**



Transfólk hefur oft verið áberandi á Gay-Pride. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Ólöf deilir ekki við dómarann

**DÓMSMÁL** Ólöf Nordal innanríkisráðherra segist ætla að virða niðurstöðu Hæstaréttar sem kvað upp dóm sinn í gær um að loka þurfi NA-SV flugbraut Reykjavíkurflugvallar innan sextán vikna. Ólöfu er þar með gert að standa við samning sem forveri hennar, Hanna Birna Kristjánsdóttir, gerði við borgina og fleiri aðila árið 2013.

Reykjavíkurborg höfðaði mál á hendur innanríkisráðuneytinu vegna þeirrar ákvörðunar ráðuneytisins á sínum tíma að neita að loka brautinni. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í málinu í mars síðastliðnum og var dómur Hæstaréttar staðfesting á honum. Dómur Héraðsdóms kvað einnig á um að ríkið ætti að greiða milljón króna dagsektir þangað til brautinni yrði lokað.

Ólöf segir hafa verið brýnt að niðurstaða fengist í málinu. „Við munum af sjálfsögðu virða niðurstöðu Hæstaréttar og fylgja henni. Þetta er niðurstaðan og hún er alveg afgerandi. Ég deili ekki við dómarann,“ segir Ólöf.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir sín viðbrögð við dómnum góð. „Þetta er fullnaðarsigur og loksins endahnútur á þessu máli sem snerist um það hvort samkomulagið frá 2013 og fjöldamörg samkomulög um þetta atriði hefðu eitthvað gildi. Við efuðumst svo sem aldrei um það en það er mikilvægt að fá þessa niðurstöðu þannig að brautinni verði lokað,“ segir Dagur.

Höskuldur Þórhallsson, formaður umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, ætlar að leggja fram frumvarp á Alþingi í ágúst þess efnis að flugvöllurinn í Vatnsmýri verði þar áfram í óbreyttu ástandi þar til annað verður ákveðið af Alþingi.

Höskuldur segist vera þeirrar skoðunar að færa eigi skipulagsvald yfir Reykjavíkurflugvelli frá Reykjavíkurborg til ríkisins. **– þea**

**Við munum af sjálfsögðu virða niðurstöðu Hæstaréttar og fylgja henni.**

Ólöf Nordal innanríkisráðherra



**Þetta er fullnaðarsigur og loksins endahnútur á þessu máli.**

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri






**Bara svona Hilux dagur hjá viðurkenndum söluaðilum laugardaginn 11. júní**

Nýr Hilux er endurhannaður að utan sem innan með þægindi og afköst í huga. Þessi sterkbyggði harðjaxl er núna með nýrri og togmeiri vél og hlaðinn þægindum sem fylgja þér alla leið í öruggum og afslöppuðum akstri. Lúxus í leik og starfi.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág innborgun**

**Tryggt framtíðarvirði**

**Fastar mánaðargreiðslur**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

# Telja frumvarp um LÍN til góðs fyrir flóttamenn

**MENNTAMÁL** „Ég held að það skipti gríðarlega miklu máli þegar við erum að taka á móti flóttamönnum að við tryggjum sem best að þeir fái tækifæri til að mennta sig og komast þannig sem hraðast inn í samfélagið okkar,“ segir Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, en hann segir fyrirhugaðar breytingar á námslánakerfi LÍN vera til góðs fyrir flóttamenn. Það sé breyting þar á frá núverandi kerfi en Illugi lagði fram nýtt frumvarp um Lánasjóð íslenskra námsmanna, LÍN, í síðasta mánuði.

Frumvarp Illuga var samþykkt á fundi ríkisstjórnar í maí en ekki er enn búið að mæla fyrir því á Alþingi.

Í frumvarpinu eru nýmæli um að þeir sem eru með dvalarleyfi hér á landi á grundvelli þess að vera flóttamenn geti fengið námsaðstoð. Í dag er það hins vegar þannig að flóttamenn þurfa að uppfylla skilyrði til að fá námsaðstoð. Í fyrsta lagi að vera í hjúskap með íslenskum ríkisborgara sem uppfylli sjálfur skilyrði sjóðsins eða að hann hafi haft lögheimili hér á landi í tvö af fimm árum. „Aðalbreytingin er sú að áður þurfti að uppfylla þessi skilyrði sem mun þá ekki þurfa lengur. Hafi flóttamaður fengið dvalarleyfi á grundvelli laga um útlendinga þá getur viðkomandi sótt um námsaðstoð,“ segir Illugi og bætir að við þetta hagnist allt samfélagið. „Með því að þeir fái möguleika á því að nýta krafta sína og getu og með því að fjárfesta í tækifærum fyrir flóttamenn erum við um leið að fjárfesta í betra samfélagi.“

Illugi áréttar að þegar búið sé að taka ákvörðun um að taka á móti flóttamönnum þá skipti miklu máli að allt sé gert til að einstaklingarnir aðlagist samfélaginu og fái tækifæri til að vaxa og dafna.

Björn Teitsson, upplýsingafulltrúi Rauða kross Íslands, segir að Rauði krossinn fagni því að flóttafólki verði tryggður þessi réttur til jafns við aðra, enda fullkomlega sjálfsagður hlutur. **- ngy**

> **Hafi flóttamaður fengið dvalarleyfi á grundvelli laga um útlendinga þá getur viðkomandi sótt um námsaðstoð.**
>
> Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra



# Segir samningsrétt veiktan kerfisbundið

**KJARAMÁL** Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, segir ríkisstjórnina veikja samningsrétt á vinnumarkaði kerfisbundið. Katrín var á meðal þeirra sem kusu gegn lagasetningu á yfirvinnubann Félags íslenskra flugumferðarstjóra á Alþingi. Frumvarpið var samþykkt á miðvikudag.

„Nei-ið okkar í gær snerist ekki eingöngu um þetta mál efnislega heldur raðlagasetningu þessarar ríkisstjórnar á kjaradeilur,“ segir Katrín og vísar meðal annars til lagasetningar á verkfallsaðgerðir BHM, hjúkrunarfræðinga og undirmanna á Herjólfi. „Það sem þessi sería af lagasetningum ríkisstjórnarinnar er að gera er að kerfisbundið veikja samningsrétt allra hópa á vinnumarkaði,“ segir Katrín.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra, sem mælti fyrir frumvarpinu, segir þurfa að ákveða hvernig eigi að meðhöndla hvert mál fyrir sig. „Það er alls ekki hægt að draga ályktanir út frá þessu máli þvert á allar kjaradeilur í landinu. Það er ekki hægt.“ **- þáe**

> **Það sem þessi sería af lagasetningum ríkisstjórnarinnar er að gera er að kerfisbundið veikja samningsrétt allra hópa á vinnumarkaði.**
>
> Katrín Júlíusdóttir þingmaður



> **Það er alls ekki hægt að draga ályktanir út frá þessu máli þvert á allar kjaradeilur í landinu.**
>
> Ólöf Nordal innanríkisráðherra



## Atkvæði greidd í Perlunni



Utankjörfundaratkvæðagreiðsla á höfuðborgarsvæðinu vegna forsetakosninganna hófst í Perlunni í gær. Áður hafði hún farið fram á skrifstofu sýslumanns. Opið verður í Perlunni alla daga milli klukkan 10 og 22. Þó verður lokað föstudaginn 17. júní. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Obama lýsir yfir stuðningi við Clinton

**Segir að aldrei hafi neinn verið jafn hæfur til að gegna embætti forseta Bandaríkjanna og Hillary Clinton. Bernie Sanders hitti Obama í gær og segist nú hlakka til að vinna með Clinton í því að sigrast á Donald Trump. Segir kosningabaráttu Trumps grundvallast á hræsni.**

**BANDARÍKIN** Barack Obama Bandaríkjaforseti lýsti í gær yfir stuðningi við Hillary Clinton sem forsetaefni Demókrataflokksins.

„Ég held að aldrei hafi neinn verið jafn hæfur til að gegna þessu embætti,“ sagði Obama um Clinton í gær, stuttu eftir að hann hafði tekið á móti Bernie Sanders í Hvíta húsinu.

„Ég er alveg bergnuminn. Ég get ekki beðið eftir því að fara af stað og taka þátt í kosningabaráttunni með Hillary,“ sagði Obama.

Clinton var utanríkisráðherra í stjórn Obama fyrra kjörtímabil hans í embætti.

Bernie Sanders virðist nú hafa sætt sig við að Clinton verði forsetaefni flokksins og heitir því að vinna með henni til að tryggja sigur á Donald Trump, forsetaefni repúblikana.

Hann sagði það ótrúlegt að Repúblikanaflokkurinn ætli að gera Donald Trump að forsetaefni sínu, mann „sem á árinu 2016 gerir hræsni og mismunun að grundvelli kosningabaráttu sinnar“.

Sanders ætlar samt ótrauður að taka þátt í síðustu forkosningum demókrata, sem verða haldnar í Washingtonborg á þriðjudaginn í næstu viku. Svo sagðist hann enn bíða spenntur eftir endanlegum tölum úr forkosningunum í Kaliforníu, sem muni ekki sýna jafn afgerandi sigur Clinton og til þessa hefur verið talið.

Síðan sagðist hann ætla að fara með baráttumál sín, sem snúast um að stjórn landsins verði fulltrúi allra landsmanna en ekki aðeins hinna auðugu, á landsþing Demókrataflokksins.

„Við munum halda áfram að gera allt sem í okkar valdi stendur til að standa gegn þeirri þróun, sem nú stendur yfir, í áttina að fámennisstjórn þar sem fáeinir milljarðamæringar hafa gríðarleg völd í stjórnmála-, efnahags- og fjölmiðlalífi okkar,“ sagði hann við blaðamenn.

> **Ég get ekki beðið eftir því að fara af stað og taka þátt í kosningabaráttunni með Hillary.**
>
> Barack Obama

> **Ég hlakka til að hitta Clinton fljótlega til að sjá hvernig við getum unnið saman að því að sigrast á Donald Trump.**
>
> Bernie Sanders

„Ég hlakka til að hitta Clinton fljótlega til að sjá hvernig við getum unnið saman að því að sigrast á Donald Trump og mynda ríkisstjórn sem þjónar okkur öllum en ekki bara prósentinu eina.“

gudsteinn@frettabladid.is



**Bernie Sanders og Barack Obama við Hvíta húsið í gær, þar sem þeir ræddu saman góða stund.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is

Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

# Nýtt vopn gegn loftslagsvandanum

**Aðeins tekur tvö ár að binda koltvísýring í berglög við Hellisheiðarvirkjun en ekki aldir eða árþúsund eins og áður var talið. Þetta sýnir loftslagsverkefni þar sem Orkuveita Reykjavíkur er helsti bakhjarl. Grein birtist í hinu virta vísindatímariti Science í dag um verkefnið.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is





Verkefnið hófst árið 2007 og var hvati að því að tókst að uppræta mengunarvanda vegna brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**UMHVERFISMÁL** Hægt er að binda koltvísýring sem steintegund í berglögunum við Hellisheiðarvirkjun að 95 prósentum á aðeins tveimur árum – en ekki öldum eða árþúsundum eins og áður var talið. Aðferðin er ódýrari en aðrar aðferðir sem reyndar hafa verið í sama tilgangi og gæti reynst mikilvæg í baráttunni við loftslagsvandann.

Rannsóknarniðurstöður CarbFix loftslagsverkefnisins svokallaða verða birtar í dag í Science, einu útbreiddasta og þekktasta vísindatímariti heims. Unnið hefur verið að verkefninu við Hellisheiðarvirkjun frá árinu 2007. Orkuveita Reykjavíkur (OR) hefur verið helsti bakhjarl þess frá því að til þess var stofnað og að því hefur komið fjöldi vísindamanna auk iðnaðarmanna og tæknifólks OR og síðar einnig Orku náttúrunnar. Aðalhöfundur greinarinnar er Jürg Matter, einn vísindamannanna, en nú er ljóst að öll markmið verkefnisins hafa náðst þó áfram verði unnið að frekari framgangi þeirra.

Edda Sif Pind Aradóttir, vísindamaður á Þróunarsviði OR, er verkefnisstjóri. Hún segir niðurstöðurnar merkilegar, ekki síst hvað bindingin er hröð í basaltberginu.

„Aðferðirnar sem við höfum þróað standa öðrum tilraunum í þessa veru talsvert framar hvað þetta varðar. Þá er þessi aðferð miklu ódýrari en aðrar sem við höfum upplýsingar um. Við áætlum að kostnaður við bindingu hvers tonns sé um 3.500 krónur, sem er helmingur til fjórðungur af þeim fjárhæðum sem gefnar hafa verið upp við samsvarandi verkefni. Við höfum nú í höndunum niðurstöður sem gefa til kynna að heimsbyggðin hafi eignast nýtt vopn í baráttunni við loftslagsvandann.“

CarbFix verkefnið er einstakt að því leyti að það tengist beint rekstri jarðvarmavirkjunar og er að mati OR merkilegt dæmi um samstarf vísindasamfélagsins og orkufyrirtækis. Verkefnið hefur notið alþjóðlegra rannsóknarstyrkja, meðal annars frá Evrópusambandinu og Bandaríkjastjórn.

CarbFix verkefnið hefur beina tengingu við annað verkefni sem stendur almenningi kannski nær. Við vinnslu þess kviknaði sú hugmynd að hægt væri að beita sams konar aðferð á brennisteinsvetni, sem einnig kemur upp úr borholum með jarðhitavökvanum. Þannig fæddist SulFix þróunarverkefnið. Í því er farið svipað með brennisteinsvetni og koltvísýringinn; það er blandað vatni og dælt niður í berggrunninn þar sem það breytist í pýrít, eða glópagull.

Eins og Fréttablaðið greindi frá nýlega telur Orka náttúrunnar að mengunarvandinn vegna brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun sé leystur með SulFix verkefninu. Frá því að niðurdæling á jarðhitagösum hófst í stórum stíl í júní 2014 hefur styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti í þéttbýli aldrei farið yfir reglugerðarmörk. Það er ekki síst þekkingunni sem fékkst í CarbFix verkefninu að þakka, samkvæmt upplýsingum frá OR.

Um stórt skref er að ræða en Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, lýsti því yfir á sínum tíma að útblástur brennisteinsvetnis frá Hellisheiðarvirkjun væri „stærsti umhverfisvandi sem Orkuveitan glímdi við“.

## Tækniþróun ætluð heimsbyggðinni

Þau meginmarkmið sem lagt var upp með við stofnun CarbFix verkefnisins voru þrjú:

- Að auka skilning á því hvað verður um koltvísýring sem dælt er niður í berggrunninn til langs tíma litið
- Að þróa tækni til að binda koltvísýring varanlega í jarðlögum
- Að gefa út og miðla niðurstöðum rannsókna og tilrauna svo þær geti nýst sem víðast

Koltvísýringur, sem kemur upp með jarðhitavökvanum og færi annars út í andrúmsloftið, er bundinn í bergi í grennd virkjunarinnar og eykur þar með grænt gildi orkuframleiðslunnar. Koltvísýringur er um 0,4% útblásturs virkjunarinnar. Með því að leysa koltvísýringinn upp í vatni við niðurdælingu – svipað og í sódavatni – er verulega dregið úr hættu á því að hann sleppi upp á yfirborðið áður en hann binst í formi karbónatsteinda í berggrunninum.

> Við höfum nú í höndunum niðurstöður sem gefa til kynna að heimsbyggðin hafi eignast nýtt vopn í baráttunni við loftslagsvandann.
>
> Edda Sif Pind Aradóttir, verkefnisstjóri






## Efla samvinnu í varnarmálum

**SVÍÞJÓÐ** Varnarmálaráðherrar Svíþjóðar og Bandaríkjanna, Peter Hultqvist og Ashton Carter, hafa undirritað samkomulag um að efla varnarsamstarf þjóðanna. Í samkomulaginu segir að samstarf Bandaríkjanna og Evrópuríkja sé afgerandi fyrir öryggi Evrópu.

Bandaríkin hafa að undanförnu beint sjónum sínum að Eystrasaltssvæðinu. Til þess að Atlantshafsbandalagið geti varið Eystrasaltslöndin geri Rússar árás á þau þarf það aðgang að sænskri lofthelgi, flugvöllum og höfnum.

Um þessar mundir taka Svíar þátt í árlegu heræfingunni Baltops á Eystrasalti sem Bandaríkin stjórna. Samkvæmt samkomulaginu sem hefur verið undirritað er opnað á fleiri æfingar, að því er Dagens Nyheter greinir frá. **– ibs**

## Hafa ekki efni á að fara í frí

**NOREGUR** Fimmtán prósent Norðmanna segjast ekki hafa efni á því að fara í frí í ár. Þetta sýna niðurstöður könnunar á vegum DNB bankans. Í fyrra svöruðu níu prósent því sama.

Norska ríkisútvarpið hefur það eftir hagfræðingi bankans að þetta sé í fyrsta skipti sem þeir sjái að fólk ætli að verja minna fé í sumarfrí. Ástæðurnar séu margvíslegar. Nú ríki efnahagslegt óöryggi í Noregi. Margir hafi misst vinnuna og það dragi fólk úr neyslunni. **– ibs**

Yale



## YALE lykla-geymslubox með takkalás

**Verð: 4.278 kr.**




## GENIE GSMSOCEU

Skynjari sem notar GSM kort (G2) og fylgist með t.d. hitastigi, hvort það sé kveikt/slökkt ofl.
**Verð 27.280 kr.**

EYSTON

## Optískur reykskynjari




- SD-361HS,
- 9V rafhlaða
- Prófunarhnappur
- 85db EN14604, 973 k

**Verð: 620 kr.**




Bluetooth® SMART

## Master Lock 4401EURDL hengilás fyrir bluetooth

Hægt er að miðla aðgangskóða í gegnum frítt app og fylgjast með aðgangi.

**Verð: 14.725 kr.**

# Öryggi í sumarbústaðnum

Allir vilja koma að sumarbústaðnum sínum eins og þeir skildu við hann og tryggja öryggi sitt og sinna sem best. Því er sjálfsagt að grípa til varúðarráðstafana eins og að nota trausta lása, setja upp þjófavarnarkerfi, slökkvitæki og að sjálfsögðu reykskynjara. Margs konar öryggisvörur og lásar fást í úrvali hjá Vélum og verkfærum.

MYLOQ



## Myloq 1101 talnalás

Talnalásinn er hægt að nota með ASSA skrám eða FIX þriggja punkta læsingum. Talnakóðanum er hægt að breyta eins oft og þarf, t.d. tímabundið.

**Verð: 44.640 kr.**

ogniochron




## Ognio GP-2X ABC duftslökkvitæki 2 kg.

**Verð: 2.914 kr.**

BLAUPUNKT




## Þráðlaust þjófavarnarkerfi

**Blaupunkt SA2700**

- Fullkominn GSM hringibúnaður
- Hægt að stjórna með Connect2Home-appi
- Boð send með sms eða tali
- Viðbótarskynjarar fáanlegir og fjöldi aukahluta

**Verð: 45.725 kr.**

OLYMPIA




## Þráðlaust þjófavarnarkerfi

**OLYMPIA 9030**

- Mjög einfalt í uppsetningu/notkun
- Fyrir farsímakort (GSM)
- Hringir í allt að 10 símanúmer
- Allt að 32 stk. skynjarar
- 2 stk. hurða/gluggaskynjarar og fjarstýring fylgir
- Fáanlegir aukahlutir: viðbótarfjarstýringar, glugga/hurða-skynjarar, svæðisskynjarar PIR, reyk- og vatnsskynjarar

**Verð: 26.040 kr.**

VÉLAR & VERKFÆRI
Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ - LEIÐIN TIL BESSASTAÐA

# Að finna forsetann í sjálfum sér

**Forsetaframbjóðendurnir þrír sem mættust í föstudagsviðtalinu að þessu sinni eiga það sameiginlegt að vilja hitta fleira fólk og vera meira áberandi en núverandi forseti hefur gert í embætti. Þau greinir á um fortíðina en hafa svipaða sýn á kosti forseta. Öll segja þau kosningabaráttuna hafa verið ánægjulega reynslu.**

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is
Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is

Elísabet Jökulsdóttir, Hildur Þórðardóttir og Davíð Oddsson hafa notið kosningabaráttunnar sem nú er á lokasprettinum.

Elísabet segir baráttuna vera manndómsvígslu og að hún sé breytt manneskja. Hún mælir með námskeiði fyrir fólk þar sem það finnur forsetann í sjálfu sér.

Davíð segir mesta muninn á þessari baráttu og þeirri sem hann er vanur í flokkapólitík vera að hann þurfi að tala meira um sjálfan sig, en minna um strauma og stefnur. Það geti verið áskorun.

Hildur segist alls ekki tala um sjálfa sig heldur njóti þess að tala við fólkið í landinu. Hún vill gefa landsmönnum styrk og efla anda þeirra, en hún hefur skrifað sjálfsstyrkingarbækur í gegnum tíðina.

Öll vilja þau skilgreina hálendið sem þjóðgarð, Hildur vill siðareglur fyrir forsetann, ekki Davíð en Elísabet vill senda hann reglulega í persónuleikapróf til að athuga hvort hann sé búinn að tapa sjálfum sér. Viðtalið í heild sinni má finna á hlaðvarpinu á Vísi.

**1. Styður þú breytingar á stjórnarskrá? Hvort styður þú frekar tillögur stjórnlagaráðs eða stjórnarskrárnefndar um breytta stjórnarskrá?**

**ELÍSABET** Já, ég styð nýju stjórnarskrána. Ég styð Illuga hjá stjórnlagaráði. Ég er búin að kynna mér þá stjórnarskrá mjög vel.

**DAVÍÐ** Það á aldrei að kollvarpa stjórnarskrá lýðveldis. Breytingar kunna að vera nauðsynlegar, líkt og 1995 þegar nýr mannréttindakafli, sem styrkti stöðu og réttindi borgaranna, var samþykktur. Það er eðlilegt framhald af þeim breytingum að setja inn í stjórnarskrá rétt almennings til að kalla fram þjóðaratkvæðagreiðslur í ákveðnum málum.

**HILDUR** Ég er eindreginn stuðningsmaður nýju stjórnarskrárinnar. Persónukjör, þjóðaratkvæðagreiðslur og ráðherrar út af þingi, skýrara valdsvið forseta, meira vald til fólksins og lárétt valdauppbygging eru allt nauðsynleg ákvæði fyrir lýðræðisríki.



Elísabet færði Hildi og Davíð bangsa til að vera með í myndatökunni til þess að minna okkur á börnin í Sýrlandi.





FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# 3 um þrennt

HVAÐA ORÐ KEMUR FYRST UPP Í HUGANN ÞEGAR ÞÚ HEYRIR EFTIRFARANDI HUGTÖK?

Ást
Trú
Samfélag

## Elísabet Kristín Jökulsdóttir



Aðalvík, Drangar og Laugarvatn
Fólk, náttúra og æðri máttur
Tækifæri, opnun og lykill

**LAGIÐ Que sera sera** | Doris Day

## Davíð Oddsson



Móðir, eiginkona og fjölskylda
Von, kærleikur og upprisa
Velferð, samkennd og tækifæri

**LAGIÐ The times they are a changin'**
Bob Dylan

## Hildur Þórðardóttir



Unaður, fegurð og hlýja
Traust, vernd og kærleikur
Fólk, uppbygging og samvinna

**LAGIÐ Ég er eins og ég er**
Páll Óskar Hjálmtýsson

**2. Hvaða hagsmunatengsl hefur þú eða þín fjölskylda við stjórnmál eða viðskiptalíf?**
**ELÍSABET** Ég held að við ráðum öllu. Nei, ég held að þau séu engin. Ég held að Hrafn litli bróðir minn ráði öllu, með Hrókinn.
**DAVÍÐ** Engin en ég er félagi í Sjálfstæðisflokknum.
**HILDUR** Engin. Ég er ótengd stjórnmálaflokkum og ótengd fjármálaöflum og á enga reikninga í skattaskjólum.

**3. Vilt þú að miðhálendið verði skilgreint sem þjóðgarður?**
**ELÍSABET** Ég var að tala við Andra Snæ um daginn og spurði hvort við gætum ekki bara látið þetta heita Öræfi. Af hverju endilega national park? Það er svo amerískt. Honum fannst það ekkert vitlaust. Þannig að ég held að það sé allt í lagi að halda þessu gamla íslenska nafni en það sé með þessum skilyrðum þjóðgarðs. Þannig að ég styð að þetta sé friðað en það er spurning með að kalla þetta öræfi.
**DAVÍÐ** Já, það kemur vel til greina.
**HILDUR** Ég vil að við komum á samræðuvettvangi þar sem sjónarmið náttúruverndarsamtaka, jeppamanna, skotveiðimanna, göngufólks, ferðamannaiðnaðarins, orkufyrirtækja, sauðfjárbænda, landgræðslu og allra sem vilja fái að heyrast. Hvort þetta verður borgaraþing þar sem sérfræðingar og áhugafólk er kallað til eða risastór þjóðfundur er útfærsluatriði.

**4. Ertu femínisti?**
**ELÍSABET** Já.
**DAVÍÐ** Ég er jafnréttissinni. Ég hef alla tíð barist fyrir jöfnum tækifærum allra, og gegn sérréttindum ákveðinna hópa.
**HILDUR** Ég styð jafnrétti kynjanna heilshugar og tel mikilvægt að vinna gegn alls kyns ofbeldi og misrétti. Að kvenlæg gildi verði jafn hátt metin og hin karllægu.

**5. Hvort skilgreinir þú þig til hægri eða vinstri á pólitíska ásnum?**
**ELÍSABET** Eiginlega hvorugt. Samt er ég eiginlega meira vinstri ef út í það er farið. En ég held að þetta séu úrelt hugtök en ég hef alltaf kosið meira til vinstri.
**DAVÍÐ** Ég hef aldrei falið skoðanir mínar í stjórnmálum og þær eru öllum ljósar.
**HILDUR** Mér finnst mikilvægt að taka það besta úr öllum stefnum og blanda því saman í lausn sem hentar samfélaginu. Þetta er ekki spurning um að draga taum einnar stefnu, heldur vinna saman að heill lands og þjóðar.

**6. Vilt þú að settar verði siðareglur fyrir forsetaembættið? Hvað væri mikilvægasta atriði þeirra?**
**ELÍSABET** Bara að hann myndi reglulega fara í persónuleikapróf til að vita hvort hann væri búinn að tapa sjálfum sér. En já, ég held það alveg eins og við setjum okkur öll siðareglur. Og það er kannski sérstaklega með forsetann því hann er þarna aleinn í valdamiklu embætti. Að hann sé ekki að þiggja peninga eða njóta friðinda sem við gerum ekki.
**DAVÍÐ** Nei. Forseti sem fer að lögum, ekki síst stjórnarskránni, og hefur burði til að sinna embættinu í nánum tengslum við þjóðina, þarf ekki siðareglur.
**HILDUR** Já. Að forseti megi ekki þiggja gjafir í skiptum fyrir persónulega greiða fyrir hagsmunaaðila.

**7. Hversu margir starfsmenn vinna við framboð þitt?**
**ELÍSABET** Enginn. Þetta eru allt sjálfboðaliðar sem ég gríp til.
**DAVÍÐ** Ég er svo lánsamur að til liðs við mig hafa komið tugir sjálfboðaliða um allt land.
**HILDUR** Enginn starfsmaður á launum. Bara fólk sem deilir sömu sýn og ég og hefur trú á mér.

**visir.is** Viðtalið í heild sinni við Elísabetu, Davíð og Hildi má hlusta á og lesa á Vísi.




# Samvinna



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Þingið hefur lokið störfum og er komið í sumarfrí, fyrir utan stutta samkomu á miðvikudaginn til að setja lög á flugumferðarstjóra. Síðasti þingfundur vorsins var í síðustu viku þar sem fjölmörg mál urðu að lögum eða voru samþykkt sem ályktanir á Alþingi. Mörg þeirra þess eðlis að hafa töluverð áhrif á það samfélag sem við búum við.

Traust í samfélaginu er lítið. Sérstaklega á opinberum stofnunum; Alþingi, borgarstjórn, Seðlabankanum, bankakerfinu og dómskerfinu. Samkvæmt nýjustu mælingum Gallup, frá því í febrúar á þessu ári, bera sautján prósent mikið traust til löggjafans.

Skipulagið á Alþingi hefur oft verið gagnrýnt. Fyrir þá sem standa utan við samkunduna sjálfa virðist oft sem lítið sé í gangi langt fram eftir vetri, en örstutta fyrir frestun þingsins fer allt í gang og hvert frumvarpið af öðru er afgreitt á sama hraða og pylsurnar hjá Bæjarins bestu eftir miðnætti um helgar. Hættan á því að yfirlegan og vandvirknin sé ekki eins og best verður á kosið eykst eðli málsins samkvæmt við þessar aðstæður.

En vegna þess hversu traustið er lítið var ánægjulegt að sjá hvernig þingið tók höndum saman, að mestu leyti, og kláraði það sem þurfti að klára nú fyrir sumarfríið. Ný heildarlög um útlendinga voru samþykkt í þverpólitískri sátt. Það er einsdæmi í Evrópu að slík lög fari í gegnum þjóðþing í sátt. Í öðrum ríkjum álfunnar hafa þing logað stafna á milli þegar frumvörp af þessu tagi eru til umræðu. Þá fóru húsnæðisfrumvörp félagsmálaráðherra í gegn og samstaða náðist um nýtt greiðsluþátttökukerfi heilbrigðisráðherra. Það var samþykkt að kanna sölu Búnaðarbankans árið 2003 og frumvarp um ráðstafanir sem draga eiga úr áhættu sem verulegt fjármagnsinnstreymi getur skapað vegna afléttingar hafta. Önnur mál, sum umdeild og líkleg til þess að valda upphrópunum, bíða haustsins.

Í samtali við Fréttablaðið í síðustu viku sagði Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, þingstörfin mjög skilvirk þá dagana. „Þegar fólk vinnur saman eins og gert hefur verið í nefndum og vinnur að því að nálgast verkefni með lausnir í huga þá verða störfin mun skilvirkari fyrir vikið.“ Brynhildur Pétursdóttir, þingflokksformaður Bjartrar framtíðar, tók í sama streng. Hún sagði skilvirknina grundvallast á mikilli vinnu þingnefnda og sáttar sem þar hefði myndast. „Hér er verið að klára mörg ótrúlega flott mál sem sýnir gott samstarf,“ sagði Brynhildur.

Þetta er nefnilega hægt. Það er auðvitað hlutverk þeirra sem sitja á þingi að þjóna samfélaginu með þeim hætti sem þeim finnst bestur og fylgja sannfæringu sinni. Það fylgir þessu hlutverki að takast á um hugsjónir og hugmyndir. Þó að mörgum finnist sem þingmennirnir okkar geri lítið annað en að karpa og rífast er það þó staðreynd að mýmörg mál fara í gegnum þingið í samstöðu. Mál sem eru jákvæð og skipta samfélagið miklu máli. Sama hver situr í ríkisstjórn. Og fyrir það má þakka – við gerum það allt of sjaldan.

**En vegna þess hversu traustið er lítið var ánægjulegt að sjá hvernig þingið tók höndum saman, að mestu leyti, og kláraði það sem þurfti að klára.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Ólöf styrkir sig**

**Hæstiréttur hefur fellt þann úrskurð að samningar skuli standa, nema hvað, um að flugbraut 06/24 skuli víkja innan 14 vikna. Ólöf Nordal lét hafa það eftir sér þegar hún hóf störf í ráðuneyti samgöngumála að hún teldi flugvöllinn eiga að vera í Vatnsmýri í óbreyttri mynd. Þrátt fyrir þessi ummæli Ólafar styrkir hæstaréttarúrskurðurinn stöðu Ólafar. Hún vann á sitt band alla þá sem vilja flugvöll í Vatnsmýri þegar hún tók við og mun núna, með því að framfylgja dómnum, vinna hylli þeirra sem vilja hann burt. Kaleikurinn stendur síðan beiskur á borði Hönnu Birnu Kristjánsdóttur.**

**Flugbrautir í formalín**

**Í rúma tvo áratugi hafa íslenskir pólitíkusar náð að þrasa sig hása um flugvöllinn í Vatnsmýrinni. Gríðarlegum tíma hefur verið eytt í þetta rifrildi og hefur ekkert hafst upp úr þeim þrætum annað en áunnið óþol kjósenda gagnvart hráskinnaleik íslenskra stjórnmála. Það var því vonast eftir að þessi hæstaréttardómur myndi á einhvern hátt enda þetta karp sem hefur skipt þjóðinni í tvennt sumpart. Sú ósk var heldur betur drepin í fæðingu því innan við tveimur klukkustundum eftir að Hæstiréttur kvað upp úrskurðinn sagðist formaður umhverfis- og samgöngunefndar ætla að leggja frumvarp um „flugvöll í formalín“. sveinn@frettabladid.is**

# Síld og fiskur



Lilja Alfreðsdóttir
utanríkisráðherra

Hinn 1. ágúst kemur til framkvæmda nýr samningur milli Íslands og Evrópusambandsins (ESB) sem felur í sér verulega aukningu á tollfrjálsum innflutningskvótum til ESB á íslenskum humri, heilfrystri síld, ferskum karfaflökum og niðursoðinni lifur. Samningurinn er afrakstur vinnu sérfræðinga utanríkisráðuneytisins, sem daglega vinna markvisst að því að tryggja viðskiptahagsmuni Íslands á erlendri grundu. Með nýja samningnum verður stór hluti viðskipta með humar í raun tollfrjáls auk þess sem niðursoðin lifur er nú í fyrsta skipti hluti af samningi af þessu tagi við ESB.

Með EES-samningnum árið 1994 var íslenskum fiskútflytjendum tryggður greiðari aðgangur að evrópskum mörkuðum. Tollar af ferskum þorsk- og ýsuflökum féllu niður, sem skapaði grundvöll fyrir aukinni vinnslu á ferskum afurðum hérlendis fyrir stóran erlendan markað. Fyrir vikið er meira magn en áður unnið hér á landi fyrir Evrópumarkað og verðmætið er mun meira. Mikilvægi þessa fyrir þjóðarhag hefur verið ótvírætt á undanförnum tveimur áratugum, enda eru um $\frac{2}{3}$ hlutar allra útfluttra sjávarafurða frá Íslandi seldir til Evrópu.

Tollaákvæðum í samningum milli Íslands og ESB hefur nokkrum sinnum verið breytt. Með breytingunum hefur aðgengið að innri markaði Evrópu aukist og samkeppnisstaða Íslands verið bætt. En betur má ef duga skal. Enn eru til staðar hindranir í viðskiptum við ESB í formi tolla á ýmsar tegundir sjávarafurða. Við hljótum að stefna að því að skapa forsendur fyrir frekara tollaafnámi, enda er mikilvægt fyrir íslenskt efnahagslíf að afrakstur af sjávarauðlindinni sé sem mestur. Að sem minnst af verðmætinu fari í greiðslu tolla í viðskiptum milli landa.

Talsverður vöxtur hefur verið í útflutningi á vöru og þjónustu síðastliðin ár. Aukningin hefur að mestu verið á sviði þjónustu og því er sérstaklega ánægjulegt að nú skapist tækifæri til aukins vöruútflutnings.

Íslenskur útflutningur hvílir nú á fleiri stoðum en áður. Auk sjávarútvegs og stóriðju hafa ferðaþjónusta og hugverkaiðnaður skapað gjaldeyristekjur sem stuðla að sjálfbærum viðskiptajöfnuði. Það er staða sem allar þjóðir sækjast eftir.

**Talsverður vöxtur hefur verið í útflutningi á vöru og þjónustu síðastliðin ár.**

FRÉTTABLAÐIÐ ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Minningargrein um núvitund

Í DAG



Bergur Ebbi

Í kringum aldamótin komst í tísku að tileinka sér það sem nefnt er „núvitund“. Með þessu er ég meðal annars að vísa í Eckhart Tolle, en bók hans „The Power of Now“ sem kom fyrst út 1997 sprengdi alla metsölulista á aldamótaárinu 2000. Ég er að tala um tískufyrirbrigði sem við erum kannski fyrst núna að ná að einangra. Tímabilið þegar Oprah Winfrey var andlegur leiðtogi heimsins og Tom Cruise var enn talinn fyrirmynd um persónulega velgengni.

En núvitund var ekki fundin upp af Eckhart Tolle. Núvitund hefur alltaf verið vinsælt umfjöllunarefni sérhvers sem predikar bætt lífsgæði. Það eru engin ný sannindi að það er erfitt að njóta lífsins ef hugurinn dvelur sífellt í fortíðinni. Boðskap núvitundar má til dæmis finna í æðruleysisbæn bandaríska guðfræðingsins Reinhold Niebuhr, sem nú er orðin um áttatíu ára gömul. Við þekkjum þessa bæn enda er hún nánast Faðir vor Íslendinga síðustu þriggja kynslóða. Hér eru fyrstu sex línurnar, séu þær ekki þegar tattúeraðar á heilabörkinn:

*Guð – gef mér æðruleysi*
*til að sætta mig við það sem ég fæ ekki breytt,*
*kjark til að breyta því sem ég get breytt*
*og visku til að greina þar á milli.*
*Að lifa einn dag í einu,*
*njóta hvers andartaks fyrir sig.*

Þrátt fyrir bandarískan upprunann þá finnst mér boðskapurinn hlýlega íslenskur. Það er einhver Djöflaeyju-sjarmi yfir þessu. Skjálfandi karlar í leðurjökkum, búnir að klúðra lífi sínu, setja nokkur fyrirtæki á hausinn og kannski heila þjóð. Þá er bara að lifa einn dag í einu, njóta hvers andartaks fyrir sig. Ekki fer maður að dvelja í fortíðinni. Amen.

**Sprautulökkuð í Hlíðunum**

Vegna einhverrar ástæðu tengi ég æðruleysisbænina mikið við sjónvarpsþáttinn Innlit/Útlit. Par á fertugsaldri með börn úr fyrri samböndum og sprautulakkaða hvíta hæð í Hlíðunum. Hár mannsins smekklega úfið, klukka í ofurstærð yfir eldhúsborðinu, lágstemmd hástónlist í hljóðrásinni, tal um fúgur og flísar. Fyrst ég get ekki breytt skítlegu eðli mínu þá ætla ég allavega að skrans-breyta þessari íbúð og flísaleggja mig í gegnum þetta misheppnaða hjónaband. The power of now. Guð. Amen. SÁÁ.

Ég dýrka þetta reyndar smá, öfunda þá sem aðhyllast núvitund úr fjarska, en sjálfur legg ég áherslu á að ná fjarlægð á nútímann. Að sjá veruleikann og núið skýrt er of mikið fyrir minn huga. Ég er bara einn af þeim sem vilja meta líf sitt og annarra í stærra samhengi heldur en því sem bundið er við núið. Kannski er þetta ótti. Kannski er ég ómeðvitað að undirbúa málsvörn mína þegar kemur að dómsdegi og vil vera tilbúinn með betri afsakanir fyrir lífi mínu heldur en „ég var bara að lifa í núinu“.

**Control find dómsdagur**

En hvenær verður dómsdagur? Í kristinni trú er það sjöhyrnt Lamb lífsins sem birtist á logandi himninum og dæmir jarðarbúa af verkum sínum og skipar þeim í flokk réttlátra og ranglátra. Ekki ætla ég að ybba gogg út í opinberun Jóhannesar enda er þar að finna myndmál sem smjörbakar alla móderníska póesíu en hugmyndin um einn rökréttan dómsdag á ekki lengur upp á pallborðið – en þó ekki vegna þess að við höfum tekið fram úr þeirri hugmynd siðferðislega. Ástæðan er tæknileg.

Sjáið til. Hver dagur er dómsdagur. Spólum eina kynslóð fram í tímann, þegar fullorðið fólk mun lifa á þessari jörð sem hefur skrásett líf sitt nákvæmlega frá degi til dags á stafrænt form. Þar sem sérhver kassakvittun og klósettferð er skráð í skýið. Þar sem fólk getur ferðast fram og aftur um líf sitt og skoðað myndir af sérhverju partíi, séð öll sín þroskamerki og hugsanir – og ekki bara sjálfs sín heldur líka annarra. Það verður tilgangslaust að „grafa“ upp gömul ummæli eftir fólk. Allt verður aðgengilegt öllum hvenær sem er, þetta verður allt í ctrl find fjarlægð frá meðvitund hvers manns. Það mun renna upp sá tími þar sem hægt verður að súmmera upp líf sérhvers einstaklings og niðurstaðan verður líklega sú að langsamlega flestir eru hvorki ranglátir né réttlátir heldur troðandi marvaðann í fölum sjó einhvers staðar mitt á milli. Soldið klám, soldil svik og svo einhver krabbameinsmaraþon til að vega upp á móti.

**Tækni drepur nútímann**

Allir dagar eru dómsdagar og dagar tilheyra ekki lengur núinu. Í framtíðinni verður hægt að lifa í því tímabili sem maður helst kýs. Vilji maður lifa lífi eins og það tíðkaðist árið 2001 þá verður til hreyfing fólks sem hittist reglulega á miðvikudögum, horfir á Opruh Winfrey, býr til Casa Fiesta tortillu-veislur og les upp úr bókinni „The Power of Now“. Allir stílar og allar hugsanir verða til samhliða.

Núvitund er kannski nútímaleg afstaða en eins kaldhæðnislegt og það hljómar þá verður það tæknin sem mun ganga af henni dauðri. Svo má ekki gleyma að það eru til fleiri leiðir til að flýja núvitund heldur en að lifa í fortíðinni. Það er líka hægt að steypa sér í hugsanir um framtíðina. Enginn veit hvernig framtíðin verður og því er hún tilvalin griðastaður draumóramanna. Þar geta þeir hvílt hugsanir sínar fjarri ábyrgð vitundar um líðandi stund. Persónulega get ég ekki gert upp á milli hvor mér finnst betri flóttaleið: eftirsjá eða draumórar. Eins og góður og gegn rómantíkus skipti ég tíma mínum nokkuð bróðurlega á milli þeirra beggja, eins og þessi pistill ber greinileg merki um.

> Persónulega get ég ekki gert upp á milli hvor mér finnst betri flóttaleið: eftirsjá eða draumórar. Eins og góður og gegn rómantíkus skipti ég tíma mínum nokkuð bróðurlega á milli þeirra beggja, eins og þessi pistill ber greinileg merki um.



UEFA EURO2016 FRANCE

Þorsteinn J. Vilhjálmsson

Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir

Pétur Marteinsson



# EM2016 hefst í dag

Í dag kl. 19.00
**Opnunarleikur: Frakkland – Rúmenía**
Hitað upp í EM svítu Símans frá kl. 17:00.

Laugardagur kl. 19:00
**England – Rússland**
Sunnudagur kl. 19:00
**Þýskaland – Úkraína**
Mánudagur kl. 13:00
**Spánn – Tékkland**
Mánudagur kl. 19:00
**Belgía – Ítalía**
Þriðjudagur kl. 19:00
**Ísland – Portúgal**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA




Velkomin á 30 daga þjóðhátíð!

Dagleg umfjöllun úr EM svítu Símans undir handleiðslu Þorsteins J.

**Pantaðu núna á siminn.is!**

# Enn betri Reykjavík



Halldór Auðar Svansson
borgarfulltrúi Pírata

Reykjavíkurborg hefur síðan 2010 haldið úti vefsíðunni www.betrireykjavik.is í samstarfi við sjálfseignarstofnunina Íbúa. Betri Reykjavík er samt meira en bara vefsíða heldur er þetta stærra fyrirbæri sem tengist beint inn í stjórnsýslu borgarinnar.

Á síðunni geta íbúar lagt fram hugmyndir, rökrætt þær og kosið um þær sín á milli. Reykjavíkurborg skuldbindur sig síðan til að taka vinsælustu hugmyndir hvers mánaðar til formlegrar umfjöllunar innan borgarkerfisins. Sumar eru samþykktar og öðrum hafnað en ferlið er þó alltaf gagnsætt og ákvarðanir rökstuddar, rétt eins og gerist með t.d. tillögur sem borgarfulltrúar leggja fram innan borgarkerfisins. Með þessu hafa íbúar borgarinnar rödd beint inn í kerfið.

Jafnframt hefur farið fram árleg söfnun og forgangsröðun á hugmyndum íbúa að framkvæmdum í hverfum borgarinnar undir formerkinu Betri hverfi, þar sem 300 milljónir úr borgarsjóði eru eyrnamerktar framkvæmdum sem íbúar leggja fram og kjósa síðan um sjálfir. Þannig eru Betri hverfi svipuð og Betri Reykjavík, nema þau afmarkast við tiltekin mál (framkvæmdir) en eru líka með upphæð sem er úthlutað fyrirfram úr borgarsjóði sem tryggir að þær hugmyndir sem íbúar kjósa að setja í forgang ná alltaf fram að ganga. Betri hverfi eru einnig þróuð og rekin af Íbúum þó vefsvæðið og vörumerkið hafi hingað til verið annað.

Í samstarfssáttmála þeirra fjögurra flokka sem nú mynda meirihluta í borgarstjórn segir að „Gerð verði úttekt á kostum og göllum Betri Reykjavíkur og Betri hverfa og gerðar tillögur um næstu skref í rafrænu þátttökulýðræði". Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands var fengin til verksins og skilaði hún úttektarskýrslu sinni í janúar á þessu ári. Stjórnkerfis- og lýðræðisráð ásamt starfshópi embættismanna hefur síðan verið að vinna úr niðurstöðum hennar og nýta þær til að móta formlegri stefnu gagnvart Betri Reykjavík og rafrænu lýðræði í Reykjavík almennt en verið hefur.

**Hverfið mitt**

Eitt sem þegar hefur verið ákveðið er að bregðast við þeim ruglingi sem það hefur skapað að reyna að viðhalda tveimur vörumerkjum, Betri Reykjavík og Betri hverfum, með því að fella Betri hverfi einfaldlega undir Betri Reykjavík og gefa því árlega átaki heitið Hverfið mitt. Þannig sjáum við fyrir okkur að undir Betri Reykjavík geti verið ýmislegt í gangi og að Hverfið mitt sé bara eitt af mörgu sem borgin býður íbúum upp á undir formerkjum Betri Reykjavíkur. Hverfið mitt er nú í fullum gangi og íbúar geta lagt fram hugmyndir til 15. júní. Hugmyndirnar verða síðan rýndar af umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar, kostnaðarmetnar og drög að því hvernig þær myndu líta út teiknuð upp. Þær fara þaðan í kosningu meðal íbúa 1.–8. nóvember næstkomandi og í framkvæmd sumarið 2017.

Framkvæmdapotturinn hefur verið hækkaður úr 300 milljónum í 450 milljónir, en halda má því til haga að þar sem lengt hefur verið í ferlinu til að gefa borginni meiri tíma til að vinna úr hugmyndum áður en þær fara í kosningu verður ekkert framkvæmt undir formerkjum hverfakosninga á þessu ári. Með hækkuðum potti mun þetta þó jafna sig út og gott betur á fáeinum árum.

Svo vill síðan til að Íbúar hafa setið hörðum höndum við að þróa nýja útgáfu af kerfinu sínu til að laga það að kröfum nútímans og bæta við virkni þess. Betri Reykjavík hefur því verið uppfærð og nú getur fólk t.d. látið myndefni og staðsetningu á korti fylgja með hugmyndum sínum. Kópavogur hefur tekið sama kerfi upp á sína arma í samstarfi við Íbúa en nú stendur yfir í fyrsta sinn hjá bænum átak svipað Hverfinu mínu sem heitir Okkar Kópavogur. Sveitarfélögin tvö munu án efa njóta góðs af reynslu hvort annars – og vonandi slást þau fleiri í hópinn sem fyrst.

**Hverfið mitt er nú í fullum gangi og íbúar geta lagt fram hugmyndir til 15. júní. Hugmyndirnar verða síðan rýndar af umhverfis- og skipulagssviði borgarinnar, kostnaðarmetnar og drög að því hvernig þær myndu líta út teiknuð upp.**

Hvað Reykjavíkurborg varðar munum við væntanlega halda áfram að þróa Betri Reykjavík í samstarfi við Íbúa, sem og aðrar lausnir í lýðræði á netinu út frá langtímastefnumörkun. Eitt atriði sem bent er á að vanti í úttektarskýrslu Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála er aukið samtal milli íbúa og borgarinnar á netinu, bæði um þær hugmyndir sem íbúar hafa og fyrirætlanir borgarinnar. Betri Reykjavík hefur hingað til að mestu boðið upp á einhliða samskipti frá íbúum til borgarinnar, sem er fínt svo langt sem það nær en það má setja markið hærra. Í raun hafa þessi markmið um gagnvirk samskipti nú þegar verið sett niður í gildandi upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar, en hún var uppfærð af stýrihópi á vegum stjórnkerfis- og lýðræðisráðs í fyrra eftir að hafa verið óbreytt í fimmtán ár.

Fyrir liggja því mörg útfærsluatriði og ný útgáfa af vefsíðu Betri Reykjavíkur gefur fullt af tækifærum til að koma þeim í framkvæmd. Þá er bara að nýta þau vel.

# Við getum - ég get



Arndís Jónsdóttir
sérfræðingur í hjúkrun

Alþjóðlegur dagur gegn krabbameini er haldinn árlega 4. febrúar. Alþjóðasamtökin gegn krabbameini (UICC) skora nú á þjóðir heims að taka þátt í að vekja athygli á baráttunni gegn krabbameini undir slagorðunum VIÐ GETUM – ÉG GET. Mikilvægt er að samfélög og einstaklingar leggi sitt af mörkum til að draga úr tíðni krabbameins og áhrifum sjúkdómsins.

Fagdeild krabbameinshjúkrunarfræðinga á Íslandi fagnar í ár 20 ára afmæli sínu og fer nú af stað, í samvinnu við Krabbameinsfélag Íslands, með röð greina undir heitinu VIÐ GETUM – ÉG GET. Í þessari grein er áhersla lögð á stuðning við fjölskyldur.

Þegar einhver innan fjölskyldu greinist með krabbamein hefur það margs konar áhrif í för með sér, ekki aðeins á hinn krabbameinsveika, heldur einnig á maka hans og fjölskyldu, vini og vinnufélaga.

Áhrifin geta verið af ýmsum toga, t.d. líkamleg með breyttri líðan og einkennum af völdum krabbameinsins, sálræn með áhyggjum, depurð og kvíða og félagsleg með breyttum aðstæðum.

Krabbameinssjúklingar geta einangrast og þess vegna er félagslegur stuðningur svo mikilvægur. Öll eigum við okkar föstu hlutverk og skyldur í lífinu, sem við sinnum daglega án þess að leiða beinlínis hugann að því. Þegar veikindi koma upp, breytast þessi hlutverk og tengsl einstaklinga geta einnig breyst. Um hríð munu einhverjir í fjölskyldunni þurfa að breyta sínum daglegu háttum og taka að sér einhver af hlutverkum eða skyldum hins veika.

Við þessar aðstæður er stuðningur mjög mikilvægur þeim krabbameinsveika og fjölskyldu hans. Það getur stuðlað að öryggi og dregið úr kvíða, létt margvíslegar byrðar sem fylgja veikindunum og auðveldað aðlögun að breyttu

**Um hríð munu einhverjir í fjölskyldunni þurfa að breyta sínum daglegu háttum og taka að sér einhver af hlutverkum eða skyldum hins veika.**

lífi og hlutverkum og aukið lífsgæði allra.

Stuðningur getur komið víða að, t.d. frá maka eða sambúðaraðila, fjölskyldu, vinum, vinnufélögum, heilbrigðisstarfsfólki og öðrum og stuðninginn má veita með ýmsum hætti. Í sumum tilvikum geta stórfjölskylda, vinir og vinnufélagar myndað mikilvægt stuðningsnet og stuðlað að því með góðum tengslum á veikindatímanum og haft þar með jákvæð áhrif á líðanina.

Eðli stuðningsins getur verið mismunandi og í öllum tilvikum getur hann átt þátt í að auðvelda þeim krabbameinsveika og fjölskyldunni aðlögun að margvíslegum breytingum sem fylgja veikindunum. Sumir veita aðstoð við daglegar athafnir, aðrir hafa það hlutverk að veita aðstoð vegna barna á heimili eða í formi dægrastyttingar og enn aðrir veita stuðning úr fjarlægð.

Stuðningur á vinnustað frá yfirmönnum og samstarfsfólki er einnig mikilvægur og getur átt þátt í að draga úr kvíða og stuðlað að því að auðveldara verði að snúa aftur til vinnu að loknum veikindum. Fyrir vinnufélaga er mikilvægt að vera vakandi fyrir þörfum og tilfinningum þess krabbameinsveika þegar hann er á vinnustað og halda einnig sambandi við hann þegar hann er frá vinnu. Það getur verið mikilvægt að fá heimild til að aðlaga verkefni og vinnutíma getu hins veika.

Óháð þætti þínum í því að styðja hinn krabbameinsveika, þá getur þú verið þess fullviss að stuðningur þinn er mikilvægur honum og öllum sem honum tengjast.

VIÐ GETUM – stutt aðra, auðveldað þeim að takast á við krabbameinið og átt þátt í að bæta líðan þeirra og lífsgæði

ÉG GET – leitað eftir stuðningi hjá öðrum til að takast á við krabbameinið.

# Framfaraframbjóðandinn



Sigurður Ingi Friðleifsson
framkvæmdastjóri Orkuseturs



Umfangsmesta umhverfisógn sem heimsbyggðin glímir við er taumlaus útblástur gróðurhúsaloftegunda sem tilkemur af hömlulausri brennslu á óendurnýjanlegu jarðefnaeldsneyti. Að mínu mati er vandinn ótrúlega einfaldur og auðskiljanlegur. Mannkynið er sem sagt að tæma kolefnisauðlind í iðrum jarðar og troða henni upp í aðra takmarkaða auðlind sem er sameiginlegur lofthjúpur jarðar. Að tæma eitthvað og fylla annað hefur oftast gefið okkur lúmskar vísbendingar um að aðgerða sé þörf. Ef ísskápur tæmist á heimili og ruslatunna fyllist þá hefur hingað til ekki þurft stjarneðlisfræðing til að átta sig á að bregðast þarf við. Þrátt fyrir þetta eru allt of margir ráðamenn sem draga lappirnar í aðgerðum.

Stjórnmálamenn tala digurbarkalega um bráða nauðsyn aðgerða í loftslagsmálum en átta sig oft illa á því að hikstið er ekki tæknivandamál heldur innleiðingarvandi. Frá árinu 1990 þegar Kyoto-samningurinn var innleiddur hafa margar lausnir í orkumálum þroskast úr hálfgerðum tilraunaverkefnum í hreinar markaðslausnir. Allt of margir eru tuðandi um eitthvert meint vesen og að tapa sér í kostnaði við innleiðingu nýrra tíma. Hvar er drifkrafturinn sem var yfir og allt um kring og skilaði okkur orkuskiptum í húshitun á sínum tíma? Þó að við höfum umhverfisvænstu og ódýrustu húshitun í heimi í dag þá var innleiðing þeirra orkuskipta langt í frá ókeypis og vandræðalaus. Hvar værum við stödd í dag ef úrtöluraddir fyrri tíma hefðu hamlað hitaveituvæðingu Íslands?

Orkuskipti í samgöngum eru ekkert ósvipuð, þ.e. kalla á þó nokkurn stofnkostnað í formi ívilnana og innviða en eftirsóknarverður ávinningur fæst til lengri tíma. Flokka ætti þessi orkuskipti sem hreint og beint framfaramál þar sem það er ekkert í boði að bakka. Ákvarðanir ættu ekki að snúast um hvort heldur einungis hversu fast við sláum í klárinn.

**Kæru frambjóðendur til næstu kosninga, það er ykkar að stilla framfaravélina og tryggja að umhverfisvænar lausnir verði hagstæðasti kosturinn fyrir okkur neytendur hvort sem þið beitið skattalækkunum eða hækkunum til ná þeim markmiðum.**

Það má kannski líkja þessu við innleiðingu og notkun bílbelta sem þýddi, á sínum tíma, í raun meiri kostnað og vesen. Hvað var málið með þau? Bílar urðu dýrari fyrir vikið og svo er ekki hægt að bruna af stað fyrr en við höfum eytt dýrmætum sekúndum í að troða yfir okkur einhverjum beltisræfli. Viljum við bakka með þessar reglur í dag til að lækka kostnað, minnka forræðishyggju og vesen?

Eða eigum við kannski að taka upp íblöndun á blýi í bensín aftur? Blýið bætir nefnilega orkunýtingu eldsneytisins og gerir það miklu stöðugra en skemmir reyndar líka miðtaugakerfi manna og dýra auk þess að valda nýrnaskaða og blóðleysi, en er það svo rosalegt miðað við ávinninginn fyrir bílinn?

**Viðsnúningur engum til góðs**

Nú heyrast t.d. raddir um að hætta ætti íblöndun á umhverfisvænu eldsneyti í dísil og bensín. Rökin eru að það sé dýrara og ákveðnar efasemdir um umhverfisvænleika. Reglugerðin krefst nú reyndar vottunar um sjálfbæra framleiðslu alls endurnýjanlegs eldsneytis til íblöndunar.

Hver er svo lausn slíkra úrtölumanna? Jú, að endurnýjanlegu eldsneyti verði skipt út fyrir gömlu góðu óendurnýjanlegu olíuna, kannski til að tryggja að hún klárist enn fyrr. Raforka, metan, lífdísill, metanól og vetni eru allt tilbúnar lausnir á markaði og meira að segja framleitt hér á landi.

Uppbyggileg gagnrýni er mikilvægt aðhald til að stilla af framfarir en viðsnúningur og afturför eru engum til góðs. Nú styttist í kosningar og ýmsir farnir að máta sig við formannssæti flokka og væntanleg þingsæti. Kæru frambjóðendur til næstu kosninga, það er ykkar að stilla framfaravélina og tryggja að umhverfisvænar lausnir verði hagstæðasti kosturinn fyrir okkur neytendur hvort sem þið beitið skattalækkunum eða hækkunum til ná þeim markmiðum. Hitaveituvæðing, blýlaust bensín og beltaskylda eru dæmi um framfarir sem kostuðu bæði fé og fyrirhöfn en raungerðust sem betur fer þrátt fyrir það. Orkuskipti í samgöngum eru af sama meiði og nú er mikilvægt að sýna ívilnanaþolinmæði til að auka innleiðingarhraðann.

# LÍN – jafnræði ábyrgðarmanna



**Hulda Rós Rúriksdóttir**
hæstaréttarlögmaður

Undanfarið hafa verið umræður í fjölmiðlum um tillögur að breytingum á reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Ekki er ætlunin að fjalla sérstaklega um þær tillögur í þessari grein.

Undirrituð var nemi í háskólanámi á árunum 1984-1991 og tók á þeim tíma námslán hjá lánasjóðnum og fékk lán eftir þeim reglum sem þá giltu en þá var undirritað skuldabréf einu sinni á ári og þurfti að fá ábyrgðarmann á hvert skuldabréf. Aðallega var þá leitað til foreldra og systkina til að „skrifa upp á“. Að námi loknu hófust svo endurgreiðslur á láninu. Undirrituð, sem nú er 52 ára gömul, gerir ráð fyrir að ljúka endurgreiðslum um 55 ára aldur. Þetta er allt í góðu lagi og sjálfsagt mál að endurgreiða slíkt námslán og í raun er það gott að geta endurgreitt hverja krónu þannig að ekki komi til þess að ábyrgðarmennirnir sem eru á lánunum þurfi að greiða nokkurn hluta. Ég ætla hér að ræða jafnræði við greiðslur til námsmanna og stöðu ábyrgðarmanna.

Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 622/2011 var fjallað um stöðu ábyrgðarmanns. Þar kemur fram að skylda ábyrgðarmanns sem skrifað hafði upp á endurnýjun ábyrgðar á námsláni á árinu 1985, var einungis gild í 20 ár en samkvæmt þeim reglum sem giltu á þeim tíma féll ábyrgðin niður að 20 árum liðnum.

Í öðrum dómi Hæstaréttar í máli nr. 229/2015 var um að ræða námslán sem tekin voru á árunum 1983–1987. Þar var ábyrgðarmaður námslánsins látinn og gengið að erfingjum dánarbús ábyrgðarmanns vegna vanskila lántaka, en erfingjar höfðu tekið ábyrgð á skuldum hins látna við arfsskipti eftir hann. Niðurstaða dómsins var sú að erfingjar væru ábyrgir gagnvart lánasjóðnum. Á þeim tíma sem umrædd lán voru tekin hafði reglan um 20 ára ábyrgðartíma sem kom til skoðunar í fyrrnefnda málinu, verið felld úr gildi.

Öll lán sem veitt voru hjá lánasjóðnum til skólaársins 2008-2009 voru með ábyrgðarmönnum, þ.e. námsmaður þurfti að fá ábyrgðarmann á lán sín. Frá vetrinum 2009-2010 hafa aðrar reglur gilt um ábyrgðarmenn en samkvæmt reglum sem koma fram á heimasíðu lánasjóðsins gilda þær reglur nú að ef lántaki er á vanskilaskrá þurfi hann að fá ábyrgðarmann á lán hans en hámarksfjárhæð ábyrgðar er 7 milljónir. Í því felst að ábyrgðarmaður greiðir ekki hærri fjárhæð, komi til þess að hann þurfi að greiða samkvæmt ábyrgð, vegna vanskila lántaka.

Undirrituð hefur um langt árabil haft aðkomu að skiptum fjölda dánarbúa. Alltaf af og til kemur upp að hinn látni var ábyrgðarmaður á námsláni. Lengi var það svo að lánasjóðurinn hafði þá reglu að ganga ekki að erfingjum dánarbús látins ábyrgðarmanns ef greiðsla láns fór í vanskil. Fyrir örfáum árum var greinilega tekin sú ákvörðun hjá lánasjóðnum að gera breytingu á þessari vinnureglu og taka þess í stað upp þá reglu að innheimta gjaldfallin námslán hjá erfingjum látins ábyrgðarmanns, þ.e. í þeim tilvikum þegar erfingjar hafa tekið ábyrgð á skuldum hins látna.

Að mati undirritaðrar er nú komið að því að taka verði upp allar reglur um endurgreiðslu námslána við breytingu á LÍN reglum. Að reyna þannig að nálgast jafnræði meðal þeirra sem hafa tekið námslán í gegnum tíðina. Nú, þegar umræðan snýst um það hvort ekki sé rétt að veita styrki til náms sem ekki eigi að endurgreiðast hlýtur að skapast rými til að endurskoða reglur um stöðu ábyrgðarmanna. Þær reglur sem ég hef rakið hér að framan um ábyrgðarmenn og framkvæmd þeirra, hljóta að kalla á það að ráðherra og Alþingi beiti sér fyrir því að reyna að nálgast jafnræði og jafna stöðu þeirra einstaklinga sem hafa gerst ábyrgðarmenn barna sinna, systkina eða ættmenna. Ég skora á þessa aðila að taka þessar reglur til skoðunar enda gefst nú kjörið tækifæri til að færa þær í átt til jafnræðis.

> **Nú, þegar umræðan snýst um það hvort ekki sé rétt að veita styrki til náms sem ekki eigi að endurgreiðast hlýtur að skapast rými til að endurskoða reglur um stöðu ábyrgðarmanna.**








# Með söguna með sér í liði

**Frakkar eru taldir líklegir til afreka á EM á heimavelli. Liðið er sterkt og svo er sagan þeim hagstæð. Frakkar eru með frábæra blöndu leikmanna í sínu liði. Spila upphafsleikinn gegn Rúmenum í kvöld.**

**FÓTBOLTI** Klukkan 19.00 í kvöld mun ungverski dómarinn Viktor Kassai flauta til leiks í opnunarleik EM 2016 þar sem Frakkland og Rúmenía mætast á Stade de France.

Frakkar höfðu betur í baráttu við Tyrkland og Ítalíu þegar gestgjafar fyrir þetta fyrsta 24 þjóða Evrópumót voru valdir. Vegna þessara átta viðbótarþjóða fjölgar leikjunum úr 31 í 51 en þeir fara fram á tíu leikvöngum víðsvegar um Frakkland.

Samkvæmt veðbönkum eru Frakkar líklegastir til að verða Evrópumeistarar en fyrirfram er talið að baráttan um Henry Delaunay bikarinn standi á milli Frakklands, heimsmeistara Þýskalands og Evrópumeistara Spánar.

Sagan er allavega að hluta til með Frökkum í liði. Á síðustu 18 heims- og Evrópumeistaramótum hafa gestgjafarnir aðeins unnið tvisvar. Og í bæði skiptin voru það Frakkar, á EM 1984 og HM 1998.

„Ég var mjög ungur en ég man eftir úrslitaleiknum; mörkunum tveimur frá [Zinedine] Zidane og einu frá [Emmanuel] Petit. Þetta eru dásamlegar minningar og vonandi get ég búið til svipaðar minningar fyrir krakkana í dag," sagði Paul Pogba, skærasta stjarna franska liðsins, nýlega í viðtali. Pogba var fimm ára þegar Didier Deschamps lyfti heimsmeistarabikarnum árið 1998. Nú 18 árum síðar er Deschamps þjálfari Pogba og félaga hans í franska landsliðinu.

Deschamps var einnig fyrirliði Frakka þegar þeir urðu Evrópumeistarar 2000 og er mikill sigurvegari. Og hann virðist vera á réttri leið með franska liðinu sem hefur litið afar vel út í aðdraganda mótsins og unnið níu af síðustu tíu leikjum sínum. Eina tapið var gegn Englandi, nokkrum dögum eftir hryðjuverkin í París í fyrra.

Bjartsýnin heima fyrir er mikil þrátt fyrir að sterka leikmenn vanti í franska liðið. Karim Benzema, leikmaður Real Madrid, er í banni frá landsliðinu vegna fjárkúgunarmálsins fræga, Mamadou Sakho átti að hafa fallið á lyfjaprófi og þá eru Lassana Diarra, Raphaël Varane, Jérémy Mathieu og Kurt Zouma allir meiddir.

Frakkar eru með mikla breidd og góða blöndu yngri og eldri leikmanna. Leikmenn eins og Antoine Griezmann, Dimitri Payet og N'Golo Kanté áttu frábært tímabil og Anthony Martial og Kingsley Coman eru tveir af mest spennandi ungu leikmönnunum í bransanum. Og svo er Pogba alltaf að verða betri. Þrátt fyrir að vera aðeins 23 ára hefur miðjumaðurinn öflugi fjórum sinnum orðið ítalskur meistari með Juventus, spilað í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu og verið valinn besti ungi leikmaðurinn á HM 1994. En hann vill verða enn betri.

„Draumur minn er að verða goðsögn," sagði Pogba sem viðurkennir þó að hann eigi enn langt í land. „Mér finnst ég ekki vera frábær. Mér finnst ég ekki hafa gert neitt. Ég hef unnið deildartitla en ég hef ekki unnið Meistaradeildina, HM eða EM. Það væri ekki slæmt að vinna EM á heimavelli."

Pogba er á hraðri leið á toppinn og hann dreymir um að endurtaka leik Michels Platini frá 1984 og Deschamps og félaga frá 1998 og leiða Frakka til sigurs á stórmóti á heimavelli. Núna er sviðið hans.

ingvithor@365.is

## Frakkar setja stefnuna á titilinn



Aðeins þrjár þjóðir hafa lyft Henri Delaunay bikarnum á heimavelli. Frakkar vonast til að endurtaka leikinn frá 1984 í ár.

| | |
|---|---|
| *1960* Frakkland | 4. sæti |
| *1964* Spánn | Sigurvegari |
| *1968* Ítalía | Sigurvegari |
| *1972* Belgía | 3. sæti |
| *1976* Júgóslavía | 4. sæti |
| *1980* Ítalía | 4. sæti |
| *1984* Frakkland | Sigurvegari |
| *1988* Vestur-Þýskaland | Undanúrslit |
| *1992* Svíþjóð | Undanúrslit |
| *1996* England | Undanúrslit |
| *2000* Belgía | Datt út í riðlakeppni |
| Holland | Undanúrslit |
| *2004* Portúgal | 2. sæti |
| *2008* Austurríki | Datt út í riðlakeppni |
| Sviss | Datt út í riðlakeppni |
| *2012* Pólland | Datt út í riðlakeppni |
| Úkraína | Datt út í riðlakeppni |

Heimild: UEFA



**Didier Deschamps varð heims- og Evrópumeistari með Frakklandi á sínum tíma og reynir nú að stýra franska liðinu til sigurs á EM á heimavelli.**

**Draumur minn er að verða goðsögn. Mér finnst ég ekki vera frábær.**



Paul Pogba.

**90%**

**Frakkar hafa unnið níu af síðustu tíu vináttuleikjum sínum.**

## Aukin öryggisgæsla fyrir EM 2016




## 0 dagar í EM 2016

Ísland og Portúgal þurfa að bíða lengst eftir fyrsta leik frá því að Evrópumótið fer í gang með opnunarleiknum 10. júní eða í fjóra daga. Þau lið sem hafa beðið lengst eftir fyrsta leik á síðustu tveimur Evrópumótum (Úkraína og Svíþjóð 2012, Grikkland og Svíþjóð 2008) hafa öll setið eftir í sínum riðli í viðkomandi keppni og ekki komist í 16 liða úrslitin. Þetta verður í fyrsta sinn í sögu EM sem lið þurfa að bíða í fjóra sólarhringa frá fyrsta flauti á EM þar til þau spila sinn fyrsta leik á mótinu.



**Borgunarbikar karla: 16 liða úrslit**

**Stjarnan - ÍBV 0-2**
0-1 Pablo Punyed (17.), 0-2 Bjarni Gunnarsson (49.).

**Víkingur - Valur 2-3**
1-0 Viktor Jónsson (5), 2-0 Vladimir Tufegdzic (14.), 2-1 Nikolaj Hansen (52.), 2-2 Kristinn Freyr Sigurðsson (59.), 2-3 Nikolaj Hansen (120.+1)

**ÍA - Breiðablik 1-2**
0-1 Jonathan Glenn (5.). 1-1 Ármann Smári Björnsson (59.), 1-2 Ágúst E. Hlynsson (109.).

**Selfoss - Víðir 4-3**
1-0 Richard Sigurðsson (30.), 2-0 Richard Sigurðsson (48.), 2-1 Aleksandar Stojkovic (61.), 2-2 Björn Vilhjálmsson (78.), 3-2 Arnór Ragnarsson (78.), 3-3 Aleksandar Stojkovic (86.), Andrew Pew (104.).

**Í átta liða úrslitunum eru:**
**Sex lið úr Pepsi-deild:** FH, Fylkir, Þróttur, ÍBV, Valur og Breiðablik
**Tvö lið úr Inkasso-deild:** Fram og Selfoss.

### STRÁKARNIR MÆTA KÓSÓVO

Kósóvó og Gíbraltar var í gær bætt í undankeppni HM 2018 eftir aðFIFA samþykkti þau sem fullgilda meðlimi sambandsins. Fyrir löngu var búið að draga til undankeppni HM í en þar voru tveir fimm liða riðlar á móti sex átta liða riðlum. Kósóvó og Gíbraltar voru sett í fimm liða riðlana og hafnaði Kósóvó í I-riðli með Íslandi, Króatíu, Úkraínu, Tyrklandi og Finnlandi. Aldrei var möguleiki á að Gíbraltar kæmi í riðil Íslands því öryggisnefnd UEFA ákvað á neyðarfundi í gær að koma í veg fyrir að Kósóvó gæti mætt Bosníu og Serbíu í undankeppninni.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **22.00** | **Sumarmessan** | Sport |
| **23.00** | **Chile - Bólivía** | Sport 2 |
| **01.00** | **NBA: Cavs-Warriors** | Sport |
| **01.30** | **Argentína - Panama** | Sport 2 |
| **19.15** | **KR - ÍBV** | KR-völlur |

A-riðill
**19.00 Frakkland - Rúmenía**

## EM í dag

A-riðill
**19.00 Frakkland - Rúmenía**


Brúðarauga, hengilobelia
40% afsláttur
999kr
1.690
Risastórar Hortensia í 17 cm potti.
20% afsláttur
3.990kr
4.990 kr
Sýpris hæð ca. 100 cm.
999kr
2.490
SÚPERTILBOÐ
BLÓMAVALS
8.-13. júní
Geislasópur
29% afsláttur
2.390kr
3.390 kr
Hansarós
34% afsláttur
1.490kr
2.290 kr
Birkikvistur
28% afsláttur
1.990kr
2.790 kr
Sunnukvistur
26% afsláttur
1.690kr
2.290 kr
20% afsláttur
Matjurtir, 6 stk. í bakka.
799kr
999 kr
40% afsláttur
Birki í bökkum 40 stk.
2.990kr
4.990 kr
25% afsláttur
Birki, 80-100 cm
1.490kr
1.990 kr
20% afsláttur
af frostþolnum útipottum
25% afsláttur
Garðkönnur, 10 ltr.
1.490kr
1.990 kr
blómaval

# Upp fyrir Wales á síðasta kvöldinu

**Fimm þjóðir þreyta frumraun sína á Evrópumótinu í Frakklandi og öll upplifðu þau stóra stund í sögu sinni síðasta haust þegar EM-farseðillinn var í höfn. Ísland kemur ekki nógu vel út úr samanburðinum á því hvernig þessum fimm liðum hefur gengið síðan þá.**

**FÓTBOLTI** Ísland er ein af fimm þjóðum sem eru á leiðinni á sitt fyrsta Evrópumót karla í fótbolta. Þegar Ísland hefur leik eftir fimm daga hafa Wales, Albanía, Slóvakía og Norður-Írland öll spilað sinn fyrsta leik í úrslitakeppni EM.

Ísland verður því sá nýliði sem hefur þurft að bíða lengst eftir að spila á EM frá því að sætið var tryggt. Þegar strákarnir ganga út á völlinn í Saint-Étienne verða liðnir 282 dagar frá sunnudagskvöldinu í Laugardalnum þegar stig á móti Kasakstan skilaði Íslandi inn á EM.

Íslenska landsliðið hefur spilað ellefu landsleiki á þessum tíma eða landsleik á 26 daga fresti. Hinar þjóðirnar hafa einnig spilað fullt af landsleikjum á þessum dögum milli þess að sætið var tryggt og að EM hefst. Það er fróðlegt að bera saman árangur nýliðanna fimm frá stóra deginum. Allir voru þeir að upplifa stóra stund í knattspyrnusögu sinnar þjóðar.

### Ekki afsökun en hluti af skýringu

Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson hafa verið að duglegir að prófa ýmsa leikmenn og Ísland hefur aldrei byrjað með það lið sem er líklegast til að ganga út á völlinn á móti Portúgal. Það er ekki afsökun en hluti af skýringunni á því að Ísland hefur tapað jafn mörgum leikjum og raunin er. Það þarf ekki að koma á óvart að Ísland sé neðarlega á listanum yfir árangur þjóðanna í þessum leikjum. Sigurinn á Liechtenstein á mánudagskvöldið sá hins vegar til þess að Ísland rekur ekki lestina. Það kemur í hlut Gareths Bale og félaga í velska landsliðinu. Ísland vann lokaleikinn sinn en Wales tapaði aftur á móti tveimur síðustu leikjum sínum og hefur ekki unnuð leik síðan liðið vann Andorra 2-0 í október.

### Alltof mörg mörk á sig

Ísland er kannski í 4. sæti yfir árangur en liðið er aftur á móti í neðsta sæti þegar kemur að mörkum fengnum á sig. Ísland hefur fengið á sig tvö mörk að meðaltali í leik í þessum ellefu leikjum.

Allt aðra sögu er að segja af liðum Slóvakíu og Norður-Írlands en hvorugt þeirra hefur tapað leik síðan þau tryggðu sig inn á EM. Slóvakar eru með aðeins betri árangur og meðal liða sem þeir hafa unnið er Ísland og heimsmeistarar Þýskalands. Það vill svo til að Slóvakar mæta Wales í fyrsta leik sínum á laugardaginn, liðið með besta árangurinn á móti liðinu með þann versta.

Strákarnir hafa lofað íslensku þjóðinni að mæta til leiks á EM eins og liðið í undankeppninni en ekki liðið í vináttulandsleikjunum. Nú er bara að vona að strákarnir geti staðið við það og við sjáum aftur liðið sem vann Tékka og Hollendinga á síðasta ári. **ooj@frettabladid.is**




**Strákarnir okkar í fótboltalandsliðinu sjást hér á æfingu í Annecy í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

### Samanburður á gengi nýliðanna fimm síðan þeir tryggðu sig inn á EM 2016

| Hlutfallsárangur: | | Mörk skoruð í leik: | | Mörk fengin á sig í leik: | | Markatala: | | Breyting á FIFA-listanum: | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Slóvakía | 71% | 1. Slóvakía | 2,00 | 1. N-Írland | 0,33 | 1. Slóvakía | +7 | +10 N-Írland | (35 - 25) |
| 2. N-Írland | 67% | 2. Albanía | 1,80 | 2. Slóvakía | 1,00 | 2. N-Írland | +5 | -6 Slóvakía | (18 - 24) |
| 3. Albanía | 47% | 3. Ísland | 1,73 | 3. Albanía | 1,60 | 3. Albanía | +1 | -11 Albanía | (32 - 43) |
| 4. Ísland | 30% | 4. N-Írland | 1,17 | 3. Wales | 1,60 | 4. Wales | -3 | -11 Ísland | (23 - 34) |
| 5. Wales | 27% | 5. Wales | 1,00 | 5. Ísland | 2,00 | 4. Ísland | -3 | -18 Wales | (8 - 26) |




# Ég hafði engan eins og Lars

Er hægt að fresta EM um tvær vikur?

Ég hef oft hugsað til þess síðustu vikurnar að það væri fínt að ýta mótinu aftur um fáeina daga, kannski 1-2 vikur. Ég, eins og reyndar öll íslenska þjóðin, er í raun að renna blint í sjóinn þegar kemur að aðkomu minni að EM í Frakklandi sem fjölmiðlamaður. Tilhlökkunin fyrir mótið er auðvitað mikil en stressið er sannarlega líka fyrir hendi.

Ég hef þó orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að fá að upplifa ýmislegt. Ófáa landsleiki á erlendri grundu, Ólympíuleika, stórmót í handbolta og aðra stóra viðburði. Ég var líka með U-21 strákunum í Danmörku á sínum tíma. En það er einfaldlega svo að ekkert af þessu er í líkingu við þátttöku A-landsliðs karla í lokakeppni stórmóts.

Það hefur verið að gríðarlega mörgu að huga. Við þurfum að gera mótinu skil í sjónvarpi, blaði, útvarpi og á neti og okkur er það mikið kappsmál að færa stemninguna til okkar áhorfenda, lesenda og hlustenda hvar og hver sem þeir eru.

Það hafa verið haldnir margir fundir. Það hafa verið sendir ótal tölvupóstar. Málin hafa verið rædd formlega og óformlega. Spurningum hefur verið dembt á þolinmóða starfsmenn KSÍ og hár hefur verið reytt yfir gríðarlega þungu og ströngu ferli sem fylgir því að verða sér úti um fjölmiðlapassa á EM og leiki Íslands.

Í fyrradag héldum við einn lokafund með EM-hópi okkar og því starfsfólki sem mun sjá um að taka á móti efninu okkar hér heima. Ótrúlegt nokk fannst mér að það hafi tekist að ræða öll þau mál sem hægt var að ræða. Svo verður bara að koma í ljós hvernig þetta verður allt saman – hvort áætlanir okkar gangi eftir og þær hugmyndir sem við höfum geti orðið að veruleika. Við verðum bara að sjá til því ekkert okkar hefur jú gert þetta áður.

Ég hef það á tilfinningunni að þetta sé að einhverju leyti svipað með íslenska landsliðið – strákana okkar sem ætla sér svo stóra hluti á



## Dagbók

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson**
fylgir karlalandsliði Íslands hvert fótmál á Evrópumótinu í Frakklandi og deilir upplifun sinni með lesendum.



EM. Langt og strangt undirbúningsferli er að baki, þeir hafa gert allt sem þeir geta til að halda sér heilum og tilbúnum í slaginn. Svo bara halda þeir út í stóra daginn þegar hann rennur upp og bæði vona og gera sitt besta.

Ég hafði þó engan reynslubolta sem hefur fjallað um mörg stórmót í fótbolta til að segja mér til og gefa mér ráðleggingar. Landsliðið hefur Lars Lagerbäck og mikilvægi hans í landsliðinu hefur aldrei verið meira en nú. Það ætti að róa taugar strákanna.

EM byrjar í dag og keppninni verður ekki frestað. Við erum mætt til Frakklands og klár í slaginn, hvað svo sem tekur við, og ég veit að strákarnir eru það líka. Fylgist með okkur í öllum okkar miðlum en einnig samfélagsmiðlum (Vísir-Sport á Facebook og Twitter – sport365 á Snapchat) og fáið EM-stemninguna beint í æð!

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
10. JÚNÍ 2016 FÖSTUDAGUR

Lífsstíll



# SKRIFAÐI ÓLÉTTUNA INN Í LEIKRITIÐ

Anna Bergljót Thorarensen leikur í og skrifaði handritið að Litalandi, leikverkinu sem Leikhópurinn Lotta sýnir um allt land í sumar. Anna Begga leikur hina óléttu Rjóð sem á vel við enda er hún sjálf ólétt og á að eiga daginn eftir síðasta sýningardag sumarsins.

FRAMHALD Á SÍÐU 2

MYND/HANNA

Þarftu að dæla orku á tankinn?

Better You B12 Boost munnsprey fyllir þig orku og einbeitingu

BetterYou™ B12 BOOST Orku munnsprey

Af hverju vítaminsprey undir tunguna? Hröð og örugg upptaka.

Einkenni B12 skorts geta verið eftirfarandi:
- Orkuleysi og slen.
- Þreyta, ör hjartsláttur, andþyngsli og svimi.
- Nálardofi í hand- og fótleggjum.
- Hægðartregða, uppþemba.
- Þyngdartap.
- Erfiðleikar með gang.
- Skapsveiflur.
- Minnisleysi, þunglyndi og vitglöp (Dementia).

160 sprey í hverjum brúsa – 40 daga skammtur

Ferskt apríkósu-bragð




B12 Boost fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilushillum stórmarkaða og verslana.

PRENTUN.IS



Anna Begga í hlutverki Rjóðar en hér er hún með litríku fjölskyldunni sinni.



Anna Begga í hlutverki Gilla gríslings úr Litlu gulu hænunni frá í fyrra, með stjúpdætrum sínum Bjarneyju Lilju (9 ára) og Andreu Rós (13 ára).

„Ég vissi sjálf að ég var ólétt þegar ég byrjaði að skrifa handritið, en enginn annar vissi það. Þegar við lásum handritið saman í fyrsta sinn í janúar þurfti ég því um leið að tilkynna um óléttuna. Þau spurðu hver ætti að leika ófrísku gelluna og þá sagði ég að líklega væri best að ólétta stelpan gerði það. Mér tókst því, í staðinn fyrir að láta útskúfa mér fyrir ástand mitt, að skrifa mig inn í verkið þannig að það yrði ekki hjá því komist að ég yrði með,“ segir Anna Begga og hlær hjartanlega.

## FANN ÁSTINA Á AKUREYRI

Anna Begga er Kópavogsbúi í húð og hár en hefur undanfarið eitt og hálft ár búið á Akureyri og unnið hjá Menningarfélagi Akureyrar. Nú hefur hún hins vegar fest kaup á fasteign í Kópavogi og hefur því snúið aftur í heimahagana en mun ríkari en áður. „Ég fann mér Akureyring fyrir norðan og tókst að draga hann með mér suður,“ segir Anna Begga glaðlega en hinn lukkulegi er Gísli Ólafsson forritari. Í bónus fékk Anna Begga einnig tvær dætur Gísla. „Ég fór því frá því að vera 101 „single“ skvísa í Reykjavík yfir í að vera tveggja barna móðir í póstnúmeri 600,“ segir hún glettin en bætir við að hún sé mjög lukkuleg með stjúpmóðurhlutverkið sem hefur þó oft á sér slæman stimpil. „Ég er rosalega heppin, þessar stelpur eru algerir snillingar. Reyndar hjálpaði töluvert að dálítill stjörnuljómi var yfir okkar fyrstu kynnum en þær sáu mig fyrst þegar ég var að leika í Hróa hetti,“ segir hún og brosir.

Hugmyndin um móðurhlutverkið var Önnu Beggu alltaf fremur fjarlæg. „Ég var eiginlega búin að ákveða að prófa þetta ekki. Planið var að finna mér ekkil þegar ég væri fimmtug sem ætti uppkomin börn og eignast með honum barnabörnin. En það fór gjörsamlega út um þúfur þegar ég kynntist Gísla.“



Allur Lottuhópurinn eftir vel heppnaða frumsýningu.

## SETT DAGINN EFTIR SÍÐUSTU SÝNINGU

Anna Begga á von á sínu fyrsta barni þann 18. ágúst en síðasta sýning Lottu í sumar er 17. ágúst. „Það hefur allt gengið rosalega vel. Ég var þreytt fyrstu mánuðina en núna er ég mjög hress. Ég held að sýningastússið hjálpi mér frekar en hitt enda fæ ég góða hreyfingu sem ég myndi annars ekki fá,“ segir Anna Begga sem þarf að klifra upp á leikmyndina í leikritinu. „Ég mun alltaf þurfa að fara upp á pallinn en kannski skríð ég frekar en geng þegar lengra líður. Hún Rjóð verður bara jafn ólétt og ég er á hverjum tíma,“ segir hún brosandi. „Svo sjáum við bara til. Markmiðið er að klára þetta alla leið, en ef eitthvað kemur upp á þá kemur alltaf maður í manns stað.“

## GAFST UPP Á BANKASTARFINU

Anna Begga fór ekki beint leiðina í leiklistina. Hún er stúdent af hagfræðibraut, lærði viðskiptafræði á Bifröst og lærði verðbréfamiðlun. „Ég vann í banka í tvö ár og fannst það svo sjúklega leiðinlegt að ég hætti árið 2007, stofnaði leikhóp og hef unnið við listir síðan þá.“

Var hún þá kannski forspá á hrunið? „Nei, ég ætla ekki að þykjast hafa verið það. En mér leist ekki á stemninguna og þegar bankastjórinn var farinn að selja sín hlutabréf ákvað ég að gera slíkt hið sama og snúa mér að einhverju allt öðru sem var gríðarlega góð ákvörðun.“

## ÖLL BESTU VINIR

Anna Begga hefur verið áhugaleikari frá átta ára aldri og verið í ýmsum áhugaleikhópum. Hún stofnaði leikhópinn Lottu árið 2007 ásamt góðum vinum sínum úr áhugaleikhópunum sem höfðu áhuga á að gera enn þá meira. „Flest leikhús eru í fríi á sumrin en við fengum ekki nóg. Við vorum strax stórhuga, settum upp Dýrin í Hálsaskógi og ákváðum að ferðast um allt land með sýninguna og sjá hvort það myndi leiða okkur eitthvert. Viðtökurnar voru svakalega góðar. Strax á frumsýningu mættu fleiri en höfðu mætt á allar sýningar áhugaleikhússins.“

Þetta er tíunda sumarið sem Lotta starfar og Anna Begga segir vinnuna erfiða en afar skemmtilega. „Maður þarf að fría sig frá öllu öðru, það er ekkert annað á dagskrá á sumrin nema Lotta,“ segir hún en félagar í Lottu þurfa að sinna öllum hlutverkum, allt frá markaðsstarfi og uppsetningu leikmyndar til afgreiðslu í miðasölu.

„Þetta er ofboðslega gaman enda erum við öll bestu vinir. Vinahópurinn sem stofnaði Lottu hefur þróast, einhverjir hætt og aðrir byrjað í staðinn. Hins vegar veljum við bara fólk með okkur sem eru góðir vinir.“ Hópurinn ferðast saman í bílnum Lottu sem dregur kerruna Skottu sem í er leikmynd og farangur. „Síðan höfum við gist í skólastofum og lifað hálfgerðu sígaunalífi.“



Þessi mynd af Hafliða í Litalandi minnir um margt á fræga fréttamynd úr íslenskum fjölmiðlum í vetur.

Sumarið verður þó aðeins öðruvísi í ár hjá Önnu Beggu. „Nú verð ég með eigin bíl og búin að kaupa fellihýsi þar sem ég, karlinn, börnin tvö og bumbubúinn munum búa í sumar.“

Hún segir Gísla taka virkan þátt í Lottulífinu. „Þar sem ég má ekki lyfta þungu hjálpar Gísli til við að setja upp leikmyndina fyrir hverja sýningu og taka hana niður að henni lokinni. Hann er eiginlega orðinn rótari hjá okkur,“ segir hún glettin.

## LEIKRIT MEÐ BOÐSKAP

Leikrit Lottu hafa ávallt verið frumsamin fyrir utan fyrsta árið. „Við vildum hafa frjálsar hendur,“ útskýrir Anna Begga en iðulega hafa leikverkin verið lauslega byggð á þekktum ævintýrum. Svo er þó ekki í ár en í Litalandi er alfarið frumsamið verk og með góðan boðskap. „Boðskapurinn kom fyrst og síðan leikritið en ástandið í heiminum og flóttamannavandinn eru málefni sem brenna á öllum í leikhópnum,“ segir Anna Begga. Þrátt fyrir alvarlegan undirtón er verkið fyrst og fremst skemmtilegt. „Boðskapurinn er einfaldur og við förum lítið út í pólitík,“ segir Anna Begga en það hefur verið markmið Lottu frá fyrstu tíð að vera með fjölskyldusýningar sem foreldrum leiðist ekki á. „Við viljum ekki síður skemmta fullorðna fólkinu enda vitum við að verið er að spila diskana í bílum á leið um landið og því eins gott að það sé ekki drepleiðinlegt efni í gangi,“ segir hún og hlær.

Öll leikrit Lottu eru til á hljómdiskum en er ekki von á myndiskum í framtíðinni? „Það er greinilegt að markaðurinn óskar eftir því en við erum pínu hrædd við að færa leikhús yfir á stafrænt form. Það eru hins vegar viðræður í gangi en ekkert er niðurneglt.“

## VILL LIFA Á LISTINNI

Anna Begga hefur hingað til verið í annarri vinnu á veturna. „Í vetur verð ég í fæðingarorlofi en í framhaldi af því langar mig mest að einbeita mér meira að skrifum, ekki aðeins fyrir Lottu, og gefa jafnvel út einhverjar bækur. Minn Akkilesarhæll er að taka of mikið af verkefnum að mér. Nú ætla ég að prófa að vera ekki í föstu vinnunni heldur að sinna þessum verkefnum og sjá hvort það gangi ekki upp.“

**solveig@365.is**







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson |** Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 **|** Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429



Fylgstu með á Facebook
– Lindex Iceland
#LindexIceland
Kjóll,
5755,–
Love your Summer
LINDEX
we make fashion feel good












Margir krakkar eru hrifnir af fiski með karríbragði.

# BARNVÆNN FISKUR

Sjónvarpskokkurinn **Eva Laufey Hermannsdóttir** og ungu aðstoðarkokkarnir hennar í Það er leikur að elda elduðu gómsætan fiskrétt og gerðu skyrtertu með Oreo-botni í eftirrétt í þætti gærdagsins.

**Matargleði**
Evu Laufeyjar Hermannsdóttur



## FISKRÉTTUR MEÐ RJÓMAOSTI OG EPLUM

**1 msk. ólífuolía**
**800 g fiskur t.d. ýsa eða þorskur**
**1 grænt epli**
**1 rauðlaukur**
**1 rauð paprika**
**1 græn paprika**
**4 gulrætur**
**½ spergilskálshöfuð**
**150 g rjómaostur**
**1-2 msk. karríduft**
**100 g rifinn ostur**
**Salt og nýmalaður pipar, magn eftir smekk**

Hitið olíu á pönnu við vægan hita, skerið grænmetið smátt og steikið í 2-3 mínútur. Bætið rjómaostinum við og kryddið með karríi, salti og pipar. Blandið öllu vel saman og leyfið þessu að malla við vægan hita í fimm mínútur. Skolið ýsubitana vel og raðið þeim í eldfast mót. Hellið grænmetisblöndunni yfir og sáldrið að endingu rifnum osti út á réttinn. Bakið við 190°C í um 25-30 mínútur. Berið fiskréttinn fram með hrísgrjónum og fersku salati.



## SKYRKAKA MEÐ OREO-BOTNI

**320 g Oreo-kexkökur**
**100 g smjör**

1. Setjið kexið í matvinnsluvél og maukið, skerið smjörið í teninga og bætið saman við í lokin. Hellið kexinu í bökuform og þrýstið kexblöndunni á botninn og upp með börmum á bökuforminu. Kælið á meðan þið útbúið fyllinguna.

**Fylling**
**1 peli rjómi**
**1 stór dós súkkulaðiskyr**
**2 tsk. vanillusykur**
**3 msk. flórsykur**
**5 Oreo-kexkökur, muldar**

Þeytið rjóma og leggið til hliðar. Hrærið skyri, vanillusykri og flórsykri saman í skál. Blandið rjómanum saman við skyrblönduna og hrærið vel í. Hellið blöndunni ofan í kökubotninn og kælið í lágmark 2-3 klukkustundir. Skreytið gjarnan með söxuðu súkkulaði.



Þeir eru fáir sem standast þessa köku.

# Áfram Ísland

10. júní 2016



MYND/EYÞÓR




# Landsliðsmenn við rætur Alpanna

Landsliðið í knattspyrnu er komið til Frakklands. Það hélt af landi brott á þriðjudag til borgarinnar Annecy sem er við rætur Alpafjalla í Norður-Frakklandi. Annecy er stundum kölluð Feneyjar Alpanna. Margbreytilegt mannlíf er í borginni og mikill fjöldi ferðamanna.

Gunnar Gylfason, landsliðsfulltrúi KSÍ, segir að hótelið Les Trésoms við Annecy hafi verið valið fyrir landsliðið og fylgdarmenn þess á síðasta ári. „Hótelið og staðsetningin hentaði okkur vel. Við reyndar völdum hótelið áður en við vissum hvar við myndum spila. Við munum fljúga á suma staðina en fara með rútu á aðra,“ segir hann. „Ég er búinn að fara þrisvar til Annecy og líst mjög vel á staðinn. Þetta er falleg borg við enda Annecy-vatnsins. Borgin er ekki stór en hefur upp á margt að bjóða. Íslendingarnar verða með hótelið, engir aðrir gestir verða þar á þessu tímabili,“ segir Gunnar en mikið verður að gera hjá landsliðsmönnum næstu daga.

Landsliðið flaug á þriðjudag í beinu flugi til Chambery, borgar sem er aðeins sunnar en Annecy. Um hálftíma akstur er til hótelsins. Á vef franska sendiráðsins var sagt frá því að hótelstjóri Les Trésoms, Véronique Droux, hafi komið til Íslands í apríl til að kynna Annecy og héraðið í kring. Hún sagðist vera óskaplega ánægð að fá íslenska landsliðið á hótelið. „Hótelið er ekki í alfaraleið en aðstaða til að rækta líkamann og njóta sín er góð. Þess utan leggjum við mikla áherslu á góða matargerð, sem forráðamenn KSÍ kunnu að meta,“ sagði hún og bætti við að starfsfólkið á Les Trésoms ætli að vera dálítið íslenskt í sér þegar landsliðið mætir.



**„Við reyndar völdum hótelið áður en við vissum hvar við myndum spila. Við munum fljúga á suma staðina en fara með rútu á aðra.**




Það er ekki dónalegt að sitja á útiveitingahúsi á þessum stað.

Fallegt landslag er í kringum hótelið og margar góðar göngu- og hjólaleiðir. Hægt er að hjóla í kringum Annecy-vatn. Þá eru þekktir kastalar í nágrenninu. Borgin Annecy er jafnan kölluð perlan í Ölpunum og jafnvel Feneyjar Alpanna en áin Thiou rennur í gegnum hana. Í borginni er Savoy-háskólinn þar sem margir þekktir franskir íþróttamenn hafa stundað nám. Á mánudag hefst alþjóðleg kvikmyndahátíð í Annecy.

Ef fólk hefur hug á að ferðast á þessar slóðir er best að fljúga beint til Genfar. Bæði Icelandair og EasyJet fljúga beint til Genfar frá Keflavík. Á milli Genfar og Annecy eru 41,8 km. Það er hægt að taka lest en þá með stoppi og að skipta um lest. Rútur ganga á milli borganna en þær stoppa á nokkrum stöðum og ferð sem tekur innan við klukkutíma í bíl verður að minnsta kosti einn og hálfur tími. Í Annecy eru rúmlega 30 hótel. **elin@365.is**



Það er fallegt útsýni frá hótelinu Les Trésoms þar sem landsliðsmenn dvelja næstu vikurnar.



Annecy er falleg borg og gjarnan kölluð Feneyjar Alpanna.



Æfingar hófust strax hjá íslenska landsliðinu. Völlurinn í Annecy er vel búinn fyrir átökin.




ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson

„Ef þú vilt vinna verður þú að þekkja sterku hliðarnar þínar.“

ÍSLAND Á EM

Velkomin á EM. Við erum stolt af stuðningi okkar við KSÍ og íslensku knattspyrnulandsliðin. Árangur íslenska karlalandsliðsins sýnir að það er fátt ómögulegt. Við óskum strákunum góðs gengis í Frakklandi. Áfram Ísland!

Kynntu þér meira um Lars og fótboltann á landsbankinn.is/em2016



# Býst við góðum árangri liðsins

Mikil tilhlökkun er hjá fjölskyldu Arons Óskarssonar sem er á leið til Frakklands á sunnudaginn. Þar munu þau horfa á fyrsta leik liðsins gegn sterku liði Portúgals og nýta tímann fyrir skoðunarferðir. Aron spáir íslenska liðinu góðu gengi og að það komist í 16 liða úrslitin.



Fjölskylda Arons Óskarssonar er á leið til Frakklands til að fylgjast með karlalandsliðinu á EM.

Mikill fjöldi Íslendinga er á leiðinni til Frakklands þessa dagana til að fylgjast með íslenska karlalandsliðinu í fótbolta sem tekur þátt í Evrópumótinu í knattspyrnu í fyrsta sinn. Liðið hefur leik í Lyon á þriðjudaginn gegn Portúgal þar sem Aron Óskarsson og fjölskylda verða meðal áhorfenda en öll fjölskyldan hefur mikinn áhuga á fótbolta.

Aron hefur undanfarna daga dvalið í Vestmannaeyjum þar sem Pæjumótið í fótbolta fer nú fram og fylgst með og hvatt dóttur sína sem spilar með Breiðabliki. Á morgun, laugardag, taka feðginin síðustu ferju heim, pakka í tösku og halda út á flugvöll um nóttina þar sem fjölskyldan flýgur saman til Parísar. „Það er svakalega mikil tilhlökkun hjá fjölskyldunni. Fyrir utan okkur fjögur þá fer hluti af stórfjölskyldunni með þannig að í hópnum eru alls tíu manns. Við vorum ekki lengi að taka ákvörðun þegar ljóst var að Ísland hafði tryggt sér þátttöku á EM. Reyndar hefðum við gjarnan viljað dvelja lengur og sjá fleiri leiki en Portúgalsleikinn en Landsmót hestamanna er á svipuðum tíma og þar þurfum við líka að vera. Júní verður því sannarlega viðburðaríkur mánuður hjá okkur þetta árið.“

### Komast áfram

Leikurinn gegn Portúgal er mikið tilhlökkunarefni og hlakka þau öll til að sjá Cristiano Ronaldo spila gegn íslensku strákunum. „Þrátt fyrir að sjá bara einn leik munum við þó dvelja í Frakklandi í nokkra daga en þangað höfum við aldrei komið áður. Við tökum bílaleigubíl frá París og keyrum til Lyon. Dagarnir verða nýttir vel í Lyon og nágrenni og helstu ferðamannastaðirnir heimsóttir. Auk þess munum við eyða lokadeginum í París þar sem verður nóg að sjá.“

Aron býst við góðum árangri liðsins og spáir því í 16 liða úrslitin. „Ég spái því að við munum ná jafntefli gegn Portúgal í fyrsta leik. Næst leikum við gegn Ungverjalandi og þann leik vinnum við. Hins vegar held ég að liðið eigi eftir að lenda í vandræðum gegn Austurríki í lokaleiknum og tapa. Gangi spá mín eftir mun liðið þó komast áfram í 16 liða úrslit og þá verður nú gaman!“

### Spenntur fyrir Belgíu

Hann býst við sterkri liðsheild og taktískum en ekki endilega skemmtilegum fótbolta hjá strákunum. „Ég er mjög spenntur yfir því að sjá hvernig Alfreð Finnbogason spilar. Þótt hann hafi lítið byrjað inn á í undanförnum leikjum spái ég því að hann eigi eftir að verða lykilmaður í liðinu. Fyrir utan þessi þekktustu nöfn í liðinu bind ég líka nokkrar vonir við Sverri Inga Ingason sem gæti komið á óvart. Að öðru leyti verður þetta sterk liðsheild eins og svo oft áður.“

Fyrir utan íslenska liðið er Aron mjög spenntur fyrir því belgíska. „Þeir eru með mjög gott og spennandi lið og prýtt mörgum stórstjörnum. Það væri gaman að sjá þetta lið ná langt og alltaf góð tilbreyting að sjá minni þjóðirnar ná langt á kostnað stórþjóða. Mér sýnist þó á öllu að Þýskaland og Frakkland leiki til úrslita í ár. Ekki þori ég að spá okkar mönnum svo góðu gengi en ef þeir komast í 16 liða úrslitin yrði það auðvitað stórkostlegur árangur.“






ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Ásarnir í ermi liðanna í F-riðlinum

Fréttablaðið skoðar nánar bestu leikmenn liðanna í F-riðli EM þar sem strákarnir okkar eru ásamt Portúgal, Austurríki og Ungverjalandi. Ísland mætir einum besta fótboltamanni sögunnar og miðjumanni frá Austurríki sem er leynt og ljóst að verða einn besti leikmaður álfunnar. Ungverjinn er ekki jafn þekktur en leikmaður sem strákarnir okkar þurfa að passa sig á.



## Ungverjaland

**Balázs Dzsudzsák**
**Aldur:** 29 ára
**Staða:** Kantmaður
**Lið:** Bursaspor

Ásinn í ermi Ungverja er sá minnst þekkti í F-riðlinum. Dzsudzsák er kantmaður af gamla skólanum, harðduglegur, nokkuð röskur og með fínar fyrirgjafir. Eftir góð ár hjá PSV fór hann til Dinamo Moskvu í Rússlandi en gekk í raðir Bursaspor í Tyrkland fyrir síðustu leiktíð. Þar gekk honum ekkert sérstaklega vel. Dzsudzsák átti í vandræðum með að innheimta launin sín og var meiddur aftan í læri undir lok tímabilsins. Hann spilaði 23 leiki og var ekki sáttur við fyrsta árið sitt í Tyrklandi. Hann er fyrirliði Ungverjalands og langmikilvægasti leikmaður liðsins.



## Austurríki

**David Alaba**
**Aldur:** 23 ára
**Staða:** Bakvörður/miðjumaður
**Lið:** Bayern München

Þótt ekki fari mikið fyrir Austurríkismanninum er hann leynt og ljóst að verða einn af bestu fótboltamönnum heims. Þessi gríðarlega fjölhæfi leikmaður, sem getur spilað bæði sem bakvörður og miðjumaður, var með Gylfa Þór í úrvalsliði undankeppni EM 2016. Hann spilaði mjög vel fyrir Bayern München sem varð tvöfaldur meistari í Þýskalandi. Hjá austurríska landsliðinu spilar Alaba, sem hefur undanfarin fimm ár verið kjörinn besti fótboltamaður Austurríkis eða síðan hann var 18 ára, sem miðjumaður. Hann er gríðarlega öruggur á boltanum og stórhættulegur fram á við með góðar sendingar og góð skot.



## Portúgal

**Cristiano Ronaldo**
**Aldur:** 31 árs
**Staða:** Sóknarmaður
**Lið:** Real Madrid

Íslensku strákarnir þurfa að glíma við annan af tveimur bestu leikmönnum heims og líklega sögunnar. Ronaldo vann Evrópumeistaratitilinn með Real Madrid í annað sinn á síðustu leiktíð og var að gera þessa Ronaldo-hluti sem allir kannast við. Hann skoraði 35 mörk í 36 deildarleikjum og 16 mörk í Meistaradeildinni. Þjálfari portúgalska landsliðsins gaf honum svo mikilvægt frí eftir úrslitaleik Meistaradeildarinnar og nýtti Ronaldo það til að djamma með vinum sínum og glæsimeyjum á snekkju. Ronaldo dýrkar að spila fyrir portúgalska landsliðið og kemur hungraður og í markaformi til Frakklands.



## Ísland

**Gylfi Þór Sigurðsson**
**Aldur:** 26 ára
**Staða:** Miðjumaður
**Lið:** Swansea

Íslenski ásinn kemur á mikilli siglingu inn á Evrópumótið eftir að hafa nánast einn síns liðs haldið Swansea í ensku úrvalsdeildinni með því að skora níu mörk eftir áramót. Gylfi Þór var frábær í undankeppni EM þar sem hann skoraði sex mörk, þar af í báðum leikjunum gegn Hollandi, og var valinn í úrvalslið undankeppninnar. Gylfi var með 85 prósent sendinga heppnaðar í undankeppninni og þarf vart að tíunda mikilvægi hans fyrir íslenska liðið. Gylfi var aðeins að glíma við meiðsli í öxl undir lok tímabilsins í ensku úrvalsdeildinni en fékk tvær mikilvægar vikur í hvíld áður en hann kom til móts við félaga sína.



# Stimplaðu þig inn í sumarið með N1

**Nú er boltinn farinn að rúlla á N1 og þú getur samstundis byrjað að safna stimplum. Fyrir hvern stimpil færðu skemmtilega stimpilgjöf.**

**Þegar Vegabréfið er fullstimplað skilarðu því inn á næstu N1 stöð og gætir átt von á glæsilegum vinningi. Stærsti vinningurinn er fjölskylduferð í sólina á Tenerife.**




**Hluti af ferðasumrinu** N1

# Er gullöldin á enda?

**Spænska landsliðið** getur unnið EM í þriðja skipti í röð og fjórða alls en ýmsum spurningum um liðið er enn ósvarað og það er ekki jafn sterkt og hin fyrri ár.



Spánverjar unnu þrjú stórmót á árunum 2008-12 en virðast ekki jafn sterkir nú.

Spánverjar eru fyrir löngu búnir að skrifa sig í sögubækur Evrópumótsins. Ekkert lið hefur unnið EM jafn oft og það spænska (3) og engu öðru liði hefur tekist að verja Evrópumeistaratitilinn. Það gerði Spánn í Póllandi og Úkraínu fyrir fjórum árum þar sem Spánverjar unnu sinn þriðja titil á stórmóti í röð eftir að hafa hrósað sigri á HM 2010 á milli tveggja Evrópumóta.

Spánverjar gátu orðið fyrsta liðið í 52 ár til að verja heimsmeistaratitil sinn á HM í Brasilíu fyrir tveimur árum en voru ansi langt frá því. Spænsku leikmennirnir virkuðu þreyttir og þungir og kannski aðallega saddir eftir árangur síðustu ára. Spænska liðið réð ekkert við skyndisóknir Hollendinga og hápressu Sílemanna og var úr leik eftir tvo leiki í riðlakeppninni.

Síðan þá hafa orðið talsvert miklar breytingar á spænska liðinu. Lykilmenn á borð við Xavi og Xabi Alonso lögðu landsliðsskóna á hilluna og Vicente del Bosque hristi nokkuð duglega upp í leikmannahópnum. Til marks um það eru aðeins 13 af 23 leikmönnum í spænska hópnum sem fer á EM í Frakklandi sem voru með á HM í Brasilíu.

Spánverjar fóru létt í gegnum undankeppnina þar sem þeir unnu níu af tíu leikjum sínum og fengu aðeins á sig þrjú mörk. Eftir að þátttökuliðum á EM var fjölgað úr 16 í 24 hafa þjálfarar meira svigrúm til að prófa sig áfram í undankeppninni og það nýtti del Bosque sér.

Del Bosque notaði 31 leikmann í undankeppninni og hafði því úr mörgum leikmönnum að velja þegar kom að því að ákveða hvaða 23 menn færu með til Frakklands. Það var ýmislegt sem kom á óvart í vali þessa 65 ára gamla heiðursmanns sem ætlar að hætta með spænska liðið eftir EM. Leikmenn á borð við Diego Costa, Juan Mata, Saúl Níguez, Javi Martínez, Santi Cazorla og Fernando Torres voru ekki valdir en Del Bosque tók hins vegar nýliðann Lucas Vázquez, leikmann Real Madrid, með sem og minna þekkt nöfn eins og Bruno, miðjumann Villarreal, og Nolito, framherja Celta Vigo.

Spánverjar þurfa ekki að hafa miklar áhyggjur af vörninni og miðjunni í Frakklandi. Gerard Piqué, Sergio Ramos og Jordi Alba eru enn til staðar í öftustu línu og sem fyrr sér Sergio Busquets um að verja vörnina. Þá hefur Del Bosque úr mörgum flinkum og skapandi miðjumönnum að velja. Stóru spurningarnar eru hver byrjar í markinu og í fremstu víglínu.

Del Bosque segist ekki vera búinn að ákveða hvort Iker Casillas eða David de Gea verði í markinu gegn Tékklandi á mánudaginn. Miðað við frammistöðuna á nýafstöðnu tímabili ætti De Gea að vera markvörður númer eitt en Casillas er enn leiðtoginn í spænska liðinu þótt hann sé kominn yfir það besta sem markvörður. Frammi stendur valið svo á milli Álvaro Morata, leikmanns Juventus, og hins 35 ára gamla Artiz Aduriz, sem átti frábært tímabil með Athletic Bilbao. Svo gæti Del Bosque farið sömu leið og á EM fyrir fjórum árum og notað Cesc Fábregas sem fremsta mann, sem eins konar platníu.

Þrátt fyrir að spurningarmerkin séu óþægilega mörg eru Spánverjar sigurstranglegir í Frakklandi. Og Del Bosque hefur trú á sínu liði. „Við erum sigurstranglegastir þar sem við erum ríkjandi Evrópumeistarar,“ sagði Del Bosque. „Það eru mörg góð lið á EM en okkur dreymir um að vinna EM aftur.“



Iker Casillas og Xavi Hernández.



Fernando Torres verður ekki með á EM.







GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ
ÁFRAM ÍSLAND
UEFA EURO2016 FRANCE
FYLDS
Nýjar handgerðar heilsudýnur
í sérflokki frá Belgíu.
Eitt það allra besta sem þekkist í dag.
Nýtt
HÁGÆÐA NUDDSTÓLAR
Vorum að fá mikið úrval af alvöru
nuddstólum Verð frá kr. 289.900.-
Alpha Techno AT 599i
Alpha Techno AT-5000-80
Margir mismunandi nuddmöguleikar
Gjörsamlega einn með öllu
Nýtt
MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM
Einfaldur og þægilegur í notkun.
Verð áklæði kr. 199.900.-
Verð leður kr. 249.900.-
Leður svefnsófi með tungu / hægri / vinstri
Einfaldur og þægilegur í notkun.
Flottur í sófi sem sómir sér vel hvar sem er.
Verð kr. 299.900.-
Nettur svefnsófi með
slitsterku áklæði og einfaldur í notkun
Nokkrir litir - Verð frá kr.174.900.-
RAÐAÐU SAMAN ÞÍNUM EIGIN FEYDOM SVEFNSÓFA
BONBONS S
2 grunneiningar: 4 sæta sófi / tvöfalt rúm með 2 púðum / koddum
aðeins kr. 169.900.-
FEYDOM BONBON M kr. 229.900.-
KÍKTU Á FEYDOM.COM OG SJÁÐU MÖGULEIKANA
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
*3.5% lántökugjald
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: I Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði I Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



**Pallahitari á fæti**
Keramískur pallahitari á fæti með 3 stillingum, Hæð allt að 2 m. 650/1300/2000 vött. IP44 vottaður.

**8.995,-**

**❶ Pisa pallahitari**
Með 2 stillingum 450/900 W. Hæð 88 cm. Hitar allt að 10–12 m² og hægt að snúa 80°. IP55-vottaður.

**16.995,-**

**❷ Torsø pallahitari**
Hæð 57 cm. 2 stillingar, 300/600 W, IPX4-vottaður. Hægt að snúa um 90°.

**9.995,-**




Pinotex
**Pallaolía, 2,5 l**
Góð pallaolía með vatnsvörn sem smýgur vel inn í viðinn og gefur fallega áferð. Hægt að blanda.

**1.995,-**



**865,-**

ANZA
**Platinum Mini málningarrúllusett**
Rúllusett með bakka, álskafti og Platinum rúllu fyrir stóra, slétta fleti. Hentar frábærlega fyrir pallinn og stærri viðarfleti.



**2.495,-**

ANZA
**Platinum viðarvarnarpensill**
Hentar vel fyrir veggi utanhúss, girðingar og þök. Pensillinn er slitsterkur, dreifir lit mjög vel og þekur einnig vel. Þægilegt skaft úr ryðfríu blikki sem hægt er að framlengja. 100 mm.



**1.995,-**

ANZA
**Basic útipensill**
Góður pensill fyrir pallinn. Breidd 12 cm.

# Allt sem þú þarft
## - mikið úrval, gæði



**Gardálfur með sólarhleðsluljósi**
Hæð 29 cm. 0,04W LED-pera fylgir.

**2.495,-**



**Fuglar með sólarhleðsluljósi**
Hæð 10 cm. 0,06 W LED-pera fylgir.

**795,-**

**Köttur með sólarhleðsluljósi**
Hæð 16 cm. Með LED-peru.

**1.495,-**

**Búdda með sólarhleðsluljósi**
Hæð 41,5 cm, 0,06 W LED-pera fylgir.

**7.995,-**

**Ísteningur með sólarhleðsluljósi**
Hæð 7,5 cm. Skiptir litum. 0,06W LED-pera fylgir.

**995,-**



**Pallatimbur**
Úr gagnvarinni furu, NTR A/B-vottað.
28 x 120 mm. Verð á m.

**195.-**
~~245.-~~

# fyrir garðvinnuna

## og gott verð



**Pelagónía**
Pelargonium. Margir litir kemur í 10 cm potti.

**795.-**



**Hortensía**
Hydrangea með 3-5 greinum í 13 cm potti með 3-4 blómum í. Kemur með hvítum, bleikum og bláum blómum.

**1.495.-**



**Spænsk margaríta, „sólboði“**
Osteospermum.
Í 11 cm potti. Margir litir.

**795.-**




**Háþrýstidæla**
K2 Basic. Hámarksdæluþrýstingur 110 bör, hámarksvatnsflæði 360 l/klst. RotoJet stútur. Úðabyssa. 3 m slanga.

**11.995.-**




**Háþrýstidæla**
C 105.6-5. Hámarksdæluþrýstingur 105 bör, hámarksvatnsflæði 440 l/klst. Sjálfkrafa ræsing/stöðvun. Click&Clean fylgihlutakerfi

**11.995.-**
~~17.995.-~~




**Háþrýstidæla**
C 120,6-6 PC X-TRA. Hámarksdæluþrýstingur 120 bör, hámarksvatnsflæði 440 l/klst. Sjálfkrafa ræsing/stöðvun. Þrýstingsjöfnun. Pallahreinsir fylgir.

**19.995.-**
~~39.995.-~~




**Háþrýstidæla**
K 3 Premium. Hámarksdæluþrýstingur 120 bör, hámarksvatnsflæði 380 l/klst. Vinnur allt að 25 m²/klst. Styrkur 1,6 kW. 6 m háþrýstislanga með útdraganlegu handfangi og 2 stútum.

**34.995.-**

# MEIRA EN BARA BYGGINGAVÖRUVERSLUN

MIKIÐ ÚRVAL, LÁGT VERÐ OG GÓÐ ÞJÓNUSTA

Tilboðið gildir frá föstudeginum 10. júní til og með sunnudeginum 12. júní. Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# ÓMISSANDI FÉLAGI Í FÓTBOLTA-VEISLU ÁRSINS!




ALLT UM LIÐIN, LEIKMENNINA OG SÖGU KEPPNINNAR

STEFÁN PÁLSSON ÞÝDDI

*www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39*




# Riðlakeppnin á EM 2016 í Frakklandi

## A- RIÐILL

Frakkland, Rúmenía, Albanía, Sviss

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 10. júní 19:00 | FRA | - | RÚM | Stade de France, Saint-Denis |
| 11. júní 13:00 | ALB | - | SVI | Stade Bollaert-Delelis, Lens |
| 15. júní 16:00 | RÚM | - | SVI | Parc des Princes, París |
| 15. júní 19:00 | FRA | - | ALB | Stade Vélodrome, Marseille |
| 19. júní 19:00 | SVI | - | FRA | Stade Pierre-Mauroy, Lille |
| 19. júní 19:00 | RÚM | - | ALB | Parc Olympique Lyonnais, Lyon |

## B-riðill

England, Rússland, Wales, Slóvakía

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 11. júní 16:00 | WAL | - | SVK | Nouveau Stade de Bordeaux, Bordeaux |
| 11. júní 19:00 | ENG | - | RÚS | Stade Vélodrome, Marseille |
| 15. júní 13:00 | RÚS | - | SVK | Stade Pierre-Mauroy, Lille |
| 16. júní 13:00 | ENG | - | WAL | Stade Bollaert-Delelis, Lens |
| 20. júní 19:00 | SLÓ | - | ENG | Stade Geoffroy-Guichard, Saint-Etienne |
| 20. júní 19:00 | RÚS | - | WAL | Stadium Municipal, Toulouse |

## C-riðill

Þýskaland, Úkraína, Pólland, Norður-Írland

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 12. júní 16:00 | PÓL | - | NÍR | Allianz Riviera, Nice |
| 12. júní 19:00 | ÞÝS | - | ÚKR | Stade Pierre-Mauroy, Lille |
| 16. júní 16:00 | ÚKR | - | NÍR | Parc Olympique Lyonnais, Lyon |
| 16. júní 19:00 | ÞÝS | - | PÓL | Stade de France, Saint-Denis |
| 21. júní 16:00 | NÍR | - | ÞÝS | Parc des Princes, París |
| 21. júní 16:00 | ÚKR | - | PÓL | Stade Vélodrome, Marseille |

# Útsláttarkeppnin

## 16-liða úrslit

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 25. júní 13:00 | #37 | A2 | - | C2 | Stade Geoffroy-Guichard, Saint-Étienne |
| 25. júní 16:00 | #38 | B1 | - | A3/C3/D3 | Parc des Princes, París |
| 25. júní 19:00 | #39 | D1 | - | B3/E3/F3 | Stade Bollaert-Eelelis, Lens |
| 26. júní 13:00 | #40 | A1 | - | C3/D3/E3 | Parc Olympice Lyonnais, Lyon |
| 26. júní 16:00 | #41 | C1 | - | A3/B3/F3 | Stade Pierre-Mauroy, Lille |
| 26. júní 19:00 | #42 | F1 | - | E2 | Stadium Municipal, Toulouse |
| 27. júní 16:00 | #43 | E1 | - | D2 | Stade de France, Saint-Denis |
| 27. júní 19:00 | #44 | B2 | - | F2 | Allianz Riviera, Nice |

## 8-liða úrslit

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 30. júní 19:00 | #45 | #37 | - | #39 | Stade Velodrome, Marseille |
| 1. júlí 19:00 | #46 | #38 | - | #42 | Stade Pierre-Mauroy, Lille |
| 2. júlí 19:00 | #47 | #41 | - | #43 | Nouveau Stade de Bordeaux, Bordeaux |
| 3. júlí 19:00 | #48 | #40 | - | #44 | Stade de France, Saint-Denis |

## Undanúrslit

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 6. júlí 19:00 | #49 | #45 | - | #46 | Parc Olympique Lyonnais, Lyon |
| 7. júlí 19:00 | #50 | #47 | - | #48 | Stade Velodrome, Marseille |

## Úrslitaleikur

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 10. júlí 19:00 | #51 | #49 | - | #50 | Stade de France, Saint-Denis |

## 16-LIÐA ÚRSLIT

#37

#39

#38

#42

#41

#43

#40

#44

### D-riðill

Spánn, Tékkland, Tyrkland, Króatía

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 12. júní | 13:00 | TYR | - | KRÓ | Parc des Princes, París |
| 13. júní | 13:00 | SPÁ | - | TÉK | Stadium Municipal, Toulouse |
| 17. júní | 16:00 | TÉK | - | KRÓ | Stade Geoffroy-Guichard, Saint-Etienne |
| 17. júní | 19:00 | SPÁ | - | TYR | Allianz Riviera, Nice |
| 21. júní | 19:00 | KRÓ | - | SPÁ | Nouveau Stade de Bordeaux, Bordeaux |
| 21. júní | 19:00 | TÉK | - | TYR | Stade Bollaert-Delelis, Lens |

### E-riðill

Belgía, Ítalía, Írland, Svíþjóð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 13. júní | 16:00 | ÍRL | - | SVÍ | Stade de France, Saint-Denis |
| 13. júní | 19:00 | BEL | - | ÍTA | Parc Olympique Lyonnais, Lyon |
| 17. júní | 13:00 | ÍTA | - | SVÍ | Stadium Municipal, Toulouse |
| 18. júní | 13:00 | BEL | - | ÍRL | Nouveau Stade de Bordeaux, Bordeaux |
| 22. júní | 19:00 | SVÍ | - | BEL | Allianz Riviera, Nice |
| 22. júní | 19:00 | ÍTA | - | ÍRL | Stade Pierre-Mauroy, Lille |

### F-riðill

Portúgal, Austurríki, Ísland, Ungverja-land

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 14. júní | 16:00 | AUT | - | UNG | Nouveau Stade de Bordeaux, Bordeaux |
| 14. júní | 19:00 | POR | - | ÍSL | Stade Geoffroy-Guichard, Saint-Etienne |
| 18. júní | 16:00 | ÍSL | - | UNG | Stade Vélodrome, Marseille |
| 18. júní | 19:00 | POR | - | AUT | Parc des Princes, París |
| 22. júní | 16:00 | ÍSL | - | AUT | Stade de France, Saint-Denis |
| 22. júní | 16:00 | UNG | - | POR | Parc Olympique Lyonnais, Lyon |

## Hvaða lið fara áfram?

Efstu tvö lið hvers riðils fara áfram ásamt fjórum bestu liðunum af þeim sex sem lenda í þriðja sæti sinna riðla.



### 8-LIÐA ÚRSLIT

### UNDANÚRSLIT

### ÚRSLITALEIKUR



### EVRÓPUMEISTARI






www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

# Leikmenn íslenska landsliðsins



**Hannes Þór Halldórsson**
**32 ára**
**33** landsleikir
Markvörður
Bodø/Glimt



**Birkir Már Sævarsson**
**31 árs**
**57** landsleikir/**1** mark
Bakvörður
Hammarby



**Haukur Heiðar Hauksson**
**24 ára**
**7** landsleikir
Bakvörður
AIK



**Hjörtur Hermannsson**
21 árs
**3** landsleikir
Miðvörður
IFK Göteborg



**Sverrir Ingi Ingason**
**22 ára**
**6** landsleikir/**2** mörk
Miðvörður
Lokeren



**Ragnar Sigurðsson**
**29 ára**
**56** landsleikir/**1** mark
Miðvörður
Krasnodar



**Jóhann Berg Guðmundsson**
**25 ára**
**47** landsleikir/**4** mörk
Kantmaður
Charlton Athletic



**Birkir Bjarnason**
**28 ára**
**47** landsleikir/**6** mörk
Kantmaður
Basel



**Kolbeinn Sigþórsson**
**26 ára**
**39** landsleikir/**20** mörk
Framherji
Nantes



**Gylfi Þór Sigurðsson**
**26 ára**
**39** landsleikir/**13** mörk
Miðjumaður
Swansea City



**Alfreð Finnbogason**
**27 ára**
**34** landsleikir/**8** mörk
Framherji
Augsburg



**Ögmundur Kristinsson**
**26 ára**
**11** landsleikir
Markvörður
Hammarby



**Ingvar Jónsson**
**26 ára**
**5** landsleikir
Markvörður
Sandefjord



**Kári Árnason**
**33 ára**
**47** landsleikir/**2** mörk
Miðvörður
Malmö



**Jón Daði Böðvarsson**
**24 ára**
**21** landsleikur/**1** mark
Framherji
Kaiserslautern



**Rúnar Már Sigurjónsson**
**25 ára**
**11** landsleikir/**1** mark
Miðjumaður
Sundsvall



**Aron Einar Gunnarsson**
**27 ára**
**59** landsleikir/**2** mörk
Miðjumaður
Cardiff City



**Theodór Elmar Bjarnason**
**29 ára**
**27** landsleikir
Miðjumaður
AGF



**Hörður Björgvin Magnússon**
**23 ára**
**5** landsleikir
Bakvörður
Cesena



**Emil Hallfreðsson**
**31 árs**
**54** landsleikir/**1** mark
Miðjumaður/kantmaður
Udinese



**Arnór Ingvi Traustason**
**23 ára**
**7** landsleikir/**3** mörk
Kantmaður
Norrköping



**Eiður Smári Guðjohnsen**
**37 ára**
**86** landsleikir/**26** mörk
Framherji
Molde



**Ari Freyr Skúlason**
**29 ára**
**38** landsleikir
Bakvörður
OB



**Lars Lagerbäck**
**67 ára**
**47** landsleikir með íslenska liðið
Þjálfari Íslands frá 2012



**Heimir Hallgrímsson**
**48 ára**
**27** landsleikir með íslenska liðið
Þjálfari Íslands frá 2014
(Í þjálfarateyminu frá 2012)


AMIN.O. ENERGY
KRAFTURINN HVETUR ÞIG ÁFRAM!
AMINO ENERGY er svalandi orkudrykkur sem hægt er að drekka hvernær sem er yfir daginn. Tvær skeiðar á morgnanna í staðinn fyrir kaffið til að hressa þig við eða fjórar skeiðar fyrir æfingu til að gera æfinguna ennþá betri !
Aðeins 10 HITAEININGAR í hverjum skammti ! Svo að hvort sem þú ert að leitast eftir meiri orku yfir daginn eða fyrir æfingu, passa matarræðið, byggja upp eða skera niður þá hentar AMINO ENERGY fullkomlega !
• Gefur góða og jafna orku
• Eykur einbeitingu
• Vatnslosandi Grænt te
• Aðeins 10 hitaeiningar
• ENGINN sykur, ENGIN fita, EKKERT aspartam
AUKIN ORKA
HRÖÐ VIRKNI
HRAÐARI ENDURBATI
ESSENTIAL AMIN.O. ENERGY
30
FÆST Í: Hagkaup, Krónunni,Bónus, N1, Nettó, Iceland, Fjarðarkaup, völdum Samkaupsverslunum, Heilsuform/Krossmóa, Perform.is
OPTIMUM NUTRITION



Lars Lagerbäck voru færðar miklar þakkir eftir sigur Íslands á Liechtenstein í vináttulandsleik á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




# Takk, Lars

Hinn geðþekki **Lars Lagerbäck** lýkur störfum sem landsliðsþjálfari Íslands eftir að EM lýkur í Frakklandi. Verður hans án nokkurs vafa minnst sem mikils áhrifavalds í íslenskri knattspyrnu, sem stendur í þakkarskuld við hann.

Er á einhvern hallað þegar fullyrt er að innkoma Lars Lagerbäck í íslenska knattspyrnu sé einn mikilvægasti þáttur í uppgangi og velgengni landsliðsins síðastliðin fjögur og hálft ár? Í mínum huga er það að minnsta kosti ekki svo.

Eftir að Ísland eignaðist sífellt fleiri atvinnumenn í knattspyrnu og íslenska landsliðið varð meira og minna skipað leikmönnum sem hafa það að atvinnu að spila í atvinnumannaliðum í sterkum deildum var ljóst að landsliðið þurfti að fá sambærilegan mann í brúna.

Er ég þar með ekki að halla á íslenska knattspyrnuþjálfara. Ekki á neinn hátt. Það er einfaldlega eitt að halda inn í starf landsliðsþjálfara með bakgrunn sem þjálfari í íslensku deildinni og svo allt annað að fá til starfa aðila sem býr yfir reynslu af alþjóðlegri knattspyrnu, ýmist með öðrum landsliðum eða félagsliðum í sterkum atvinnumannadeildum.

Undir álíka málflutning hafa landsliðsmenn okkar í knattspyrnu tekið undanfarin misseri. Þrátt fyrir að þeir séu mennirnir sem halda til baráttu inni á vellinum hverju sinni og leggja allt sem þeir eiga í sölurnar, játa þeir fúslega að Lars Lagerbäck eigi stóran þátt í árangri þeirra, fyrst í undankeppni HM 2014 og svo undankeppni EM 2016.

Það er einnig alveg skýrt að Lars Lagerbäck hefði aldrei náð þessum frábæra árangri í starfi sínu án þess að hafa á sínu valdi gullkynslóð íslenskrar knattspyrnu á besta aldri. Þá kynslóð knattspyrnumanna sem fór með U-21 lið Íslands í úrslitakeppni EM í Danmörku árið 2011. Það var í raun stórslys að það lið hafi ekki komist í undanúrslit þeirrar keppni og þar með unnið sér inn keppnisrétt á Ólympíuleikunum í Lundúnum ári síðar. Liðið var einfaldlega það gott. En stór hluti A-liðsins nú býr að þeirri reynslu, þó svo að það sé erfitt að líkja því saman að keppa í lokakeppni stórmóts A-liða annars vegar og ungmennalandsliða hins vegar.

## Hógvær og einlægur

Lars Lagerbäck er 67 ára Svíi sem eftir stuttan þjálfaraferil hjá sænskum félagsliðum vann sig upp innan sænska knattspyrnusambandsins þar til hann tók við A-landsliði Svía árið 2000. Þar starfaði hann í tæpan áratug og kom Svíum inn á fimm stórmót í röð. Hann stýrði svo landsliði Nígeríu í úrslitakeppni HM 2010.

Þetta eru þær upplýsingar sem blasa við þegar maður opnar Wikipedia-síðu Lagerbäcks. En ég vil miklu frekar reyna að lýsa því hvernig manneskja hann er. Að minnsta kosti hvernig hann hefur komið fyrir sjónir í þeim samskiptum sem hann hefur átt við fjölmiðla á Íslandi.

Í stuttu máli hefur Lars Lagerbäck reynst fjölmiðlum mjög vel. Hann hefur ávallt gefið hverjum þeim sem óskað hefur eftir viðtali tíma og sýnt störfum fjölmiðlamanna virðingu. Hann gefur sér tíma fyrir hvert viðtal, sama hvaða fjölmiðill á í hlut – íslenskur eða erlendur. Helstu undantekningarnar kunna að vera sænsku miðlarnir, sem hafa ekki verið ofarlega á vinsældalista Lagerbäcks eftir starf hans sem landsliðsþjálfari Svíþjóðar.

> » Þrátt fyrir að leikmennirnir séu mennirnir sem halda til baráttu inni á vellinum hverju sinni og leggja allt sem þeir eiga í sölurnar, játa þeir fúslega að Lars Lagerbäck eigi stóran þátt í árangri þeirra.

Hann hefur þar að auki verið einlægur í svörum sínum. Hann keppist við að lofa leikmenn sína fyrir góða frammistöðu eftir því sem við á og gerir lítið úr sínum hlut. Ef illa fer er hann ófeiminn við að taka sökina á sig.

## Skýr skilaboð til leikmanna

Sú ímynd sem maður hefur af honum sem þjálfara, utan frá, er að hann er með mjög skýra sýn fyrir hönd síns liðs og fylgir henni eftir. Ísland hefur spilað 4-4-2 síðan Lagerbäck tók við og þó svo að það hafi tekið sinn tíma að finna réttu blönduna af leikmönnum (Gylfi Þór Sigurðsson var prófaður í hinum ýmsu stöðum áður en hann var settur við hlið Arons Einars Gunnarssonar á miðjuna) hefur Lagerbäck aldrei efast um þær línur sem hann hefur lagt fyrir íslenska landsliðið. Hann hefur haldið í sín gildi, sama hvað gengur á.

Æfingar landsliðsins eru fastmótaðar. Landsliðsþjálfarar fá takmarkaðan tíma með sínum leikmönnum og hefur Lagerbäck lagt áherslu á að nýta þann skamma tíma í að koma sínum áherslum að og fylgja þeim eftir með endurtekningum, aftur og aftur. Hann kemur með skýr skilaboð til leikmanna og fylgir þeim svo ítrekað eftir.

Rúnar Kristinsson, leikjahæsti landsliðsmaður Íslands frá upphafi, sagði við mig í viðtali fyrir vináttulandsleik Noregs og Íslands í síðustu viku að Lagerbäck ætti langstærstan hlut í uppgangi íslenska liðsins. Eitt væri að vera með góða leikmenn á sínum snærum en það þyrfti ávallt að stjórna þeim.

„Miðað við þau kynni sem maður hefur af Lars þá er allt þaulskipulagt. Hann breytir engu, lætur liðið alltaf spila nákvæmlega sama leikinn og leikmenn vita því nákvæmlega hvað þeir eiga að gera. Hann lætur liðið æfa vel og það sést að það er virkilega vel farið yfir alla þætti. Menn eru agaðir í þeirri vinnu. Þannig næst árangur," hafði Rúnar að segja um störf Lagerbäcks.

Stærsta stund Lagerbäcks með íslenska landsliðinu er vonandi ekki enn runnin upp. Hann lætur af störfum hjá KSÍ eftir að Evrópumótinu lýkur í Frakklandi og er óskandi að kveðjustundin verði viðeigandi og lýsandi fyrir störf hans sem þjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu.

eirikur@frettabladid.is



Grillið færð þú í Grillbúðinni
Holta
Grillbúðin
Laugardag kl. 13-15 grillar Úlfar Finnbjörnsson fyrir viðskiptavini
Þýski grillframleiðandinn Landmann er
50 ára
Við höldum upp á það
LANDMANN gasgrill 2ja brennara
Hjólavagn Kr. 14.900
FULLT VERÐ 49.900
AFMÆLISTILBOÐ
39.900
LANDMANN BIG Landmann Keramik kolagrill
KYNNINGARVERÐ
139.900
LANDMANN Smokerar - American BBQ
VERÐ FRÁ
49.900
4 gerðir
LANDMANN gasgrill
TRITON 2ja brennara
VERÐ ÁÐUR 79.900
AFMÆLISTILBOÐ
59.900
LANDMANN gasgrill
TRITON 3ja brennara
VERÐ ÁÐUR 98.900
AFMÆLISTILBOÐ
79.900
4 litir
LANDMANN gasgrill
TRITON 4ra brennara
VERÐ ÁÐUR 124.900
AFMÆLISTILBOÐ
99.900
2 litir
LANDMANN gasgrill
AVALON 4ra brennara
VERÐ ÁÐUR 189.900
AFMÆLISTILBOÐ
169.900
LANDMANN gasgrill
AVALON 5 brennara
VERÐ ÁÐUR 269.900
AFMÆLISTILBOÐ
239.900
LANDMANN gasgrill
AVALON 6 brennara
VERÐ ÁÐUR 494.900
AFMÆLISTILBOÐ
449.900
Komdu, skoðaðu og fáðu faglegar ráðleggingar
Grillbúðin
SÉRVERSLUN MEÐ GRILL OG GARÐHÚSGÖGN
Smiðjuvegi 2, Kópavogi (við hliðina á Bónus)
Sími 554 0400
grillbudin.is


Andres Iniesta


Robert Lewandowski


Paul Pogba


Thomas Müller


Cristiano Ronaldo


Gianluigi Buffon


Harry Kane


Kevin de Bruyne


Gareth Bale


Zlatan Ibrahimovic

# Stærstu stjörnurnar á EM

**Zlatan Ibrahimovic**
**Svíþjóð**
**34 ára**
**113 landsleikir/62 mörk**
**Framherji**
**Paris Saint-Germain**
Zlatan leggur landsliðsskóna á hilluna eftir EM og vill væntanlega kveðja með stæl. Svíar hafa ekki komist upp úr sínum riðli á stórmóti í áratug og þurfa Zlatan í stuði.

**Cristiano Ronaldo**
**Portúgal**
**31 árs**
**125 landsleikir/56 mörk**
**Framherji**
**Real Madrid**
Íslenska vörnin fær það verðuga verkefni að eiga við portúgölsku stórstjörnuna 14. júní. Ronaldo er á leið á sitt fjórða EM en hann á enn eftir að sýna sitt allra besta með Portúgal á stórmóti.

**Thomas Müller**
**Þýskaland**
**26 ára**
**71 landsleikur/32 mörk**
**Framherji**
**Bayern München**
Þýski framherjinn er snillingur í að finna sér pláss upp við mark andstæðinganna og er frábær leikmaður þótt hann líti ekki alltaf út fyrir það. Müller þarf að vera duglegur að skora.

**Paul Pogba**
**Frakkland**
**23 ára**
**31 landsleikur/5 mörk**
**Miðjumaður**
**Juventus**
Mikil pressa verður á Pogba en hann er aðalmaðurinn í franska liðinu sem þykir líklegt til afreka á heimavelli. Pogba var valinn besti ungi leikmaðurinn á HM 2014 og þarf nú að taka næsta skref.

**Andrés Iniesta**
**Spánn**
**32 ára**
**108 landsleikir/12 mörk**
**Miðjumaður**
**Barcelona**
Iniesta var valinn bestur á síðasta EM og er enn í lykilhlutverki í spænska liðinu sem virðist þó ekki jafn sterkt og á undanförnum árum. Iniesta átti eitt sitt besta leiktímabil fyrir Barcelona í vetur.

**Gareth Bale**
**Wales**
**26 ára**
**55 landsleikir/19 mörk**
**Framherji**
**Real Madrid**
Bale skoraði sjö mörk í undankeppninni og átti stærstan þátt í því að koma Wales á sitt fyrsta stórmót í 58 ár. Bale mætir fullur sjálfstrausts til leiks enda nýbúinn að vinna Meistaradeild Evrópu.

**Harry Kane**
**England**
**22 ára**
**12 landsleikir/5 mörk**
**Framherji**
**Tottenham Hotspur**
Kane varð fyrsti Englendingurinn til að fagna markakóngstitli í ensku úrvalsdeildinni í 16 ár og nú fær hann tækifæri á stærsta sviðinu. Eina spurningin er hver mun spila með honum frammi.

**Gianluigi Buffon**
**Ítalía**
**38 ára**
**156 landsleikir**
**Markvörður**
**Juventus**
Þrátt fyrir háan aldur er Buffon enn í hópi bestu markvarða heims og setti met í ítölsku úrvalsdeildinni í vetur með því að halda hreinu í 974 mínútur. Buffon og ítalska vörnin þurfa að eiga toppleiki.

**Kevin De Bruyne**
**Belgía**
**24 ára**
**41 landsleikur/13 mörk**
**Miðjumaður**
**Manchester City**
Átti frábært fyrsta tímabil með Manchester City og er í dag besti leikmaður belgíska liðsins. Búist er við miklu af Belgum og De Bruyne þarf að standa undir þeim væntingum sem gerðar eru til hans.

**Robert Lewandowski**
**Pólland**
**27 ára**
**76 landsleikir/34 mörk**
**Framherji**
**Bayern München**
Raðaði inn mörkum í vetur og er hvað líklegastur til að vinna gullskóinn í Frakklandi. Margir spá því að Pólverjar komi á óvart á EM, ekki síst vegna hæfileika Lewandowskis fyrir framan markið.


EM BOLTAR
ÞÝSKALAND
EM BÚNINGAR
SPÁNN
EM BÚNINGAR
adidas
UEFA EURO2016 FRANCE
ÞÚ FINNUR EM Á
www.adidas.is




# Sjö söguleg skref strákanna á EM

Aðeins þrjár þjóðir voru á undan Íslendingum að tryggja sér farseðilinn á EM og ein þeirra var gestgjafar Frakka. 6. september 2015 verður alltaf risastór dagur í sögu íslenska fótboltans því þá upplifði íslenska þjóðin í fyrsta sinn að eiga lið á stórmóti karla í fótbolta.

Íslenska fótboltalandsliðið komst á sitt fyrsta stórmót í 24. tilraun. Eftir tólf undankeppnir HM og ellefu undankeppnir EM var það í þessari undankeppni Evrópumótsins í Frakklandi þar sem íslensku landsliðsmennirnir komu Íslandi alla leið.

Íslenska liðið vann þrjá fyrstu leiki riðilsins með markatölunni 8-0 og EM-draumurinn var farinn að breytast í veruleika.

Strákarnir svöruðu tapleik í Tékklandi með því að vinna úti í Kasakstan og ná síðan fram hefndum á Tékkum á Laugardalsvellinum.

Eftir stórbrotinn sigur á Hollendingum á Amsterdam Arena var þetta ekki lengur spurning um hvort heldur hvenær og aðeins þremur dögum síðar var EM-farseðillinn í höfn. Markalaust jafntefli við Kasakstan leit ekki merkilega út á pappírnum en þetta eina stig var risastórt skref í sögu íslenska fótboltans því það kom karlalandsliðinu inn á sitt fyrsta stórmót.

**» Íslenska liðið setti ótal met í undankeppninni þar á meðal yfir flesta sigra (6), flest stig (20), mörk (17), bestu markatölu (+12), og fæst mörk á sig í leik (0,6).**

Íslenska liðið missti af fimm stigum í tveimur síðustu leikjunum og náði því ekki að vinna riðilinn en annað sætið á eftir sterku tékknesku liði var ekkert til skammast sín fyrir.

Íslenska fótboltalandsliðið var komið inn á stóra sviðið og framundan var átta mánaða undirbúningur fyrsta stórmóts karlalandsliðsins.

Hér á síðunni skoðum við sjö stærstu skrefin sem íslenska liðið tók á leið sinni á Evrópumótið í Frakklandi.



**1 3-0 sigur á Tyrklandi á Laugardalsvellinum 9. september 2014**

Jón Daði Böðvarsson kom óvænt inn í byrjunarliðið fyrir Jóhann Berg Guðmundsson sem meiddist í aðdraganda leiksins og Jón Daði var búinn að koma Íslandi í 1-0 eftir aðeins 18 mínútur. Gylfi Þór Sigurðsson og Kolbeinn Sigþórsson bættu við mörkum með mínútu millibili undir lokin.
Hetjan: **Jón Daði Böðvarsson**



**2 3-0 sigur á Lettland í Riga 10. október 2014**

Íslenska liðið var með mikla yfirburði á móti Lettum í Riga en mörkin komu ekki fyrr en á síðustu 25 mínútunum. Aron Einar Gunnarsson lagði upp fyrsta markið fyrir Gylfa Þór Sigurðsson og skoraði síðan annað markið sjálfur. Varamaðurinn Rúrik Gíslason innsiglaði síðan sigurinn í blálokin.
Hetjan: **Aron Einar Gunnarsson**

**3 2-0 sigur á Hollandi á Laugardalsvellinum 13. október 2014**

Íslenska liðið sýndi styrk sinn með 2-0 verðskulduðum sigri á bronsliði Hollendinga frá HM í Brasilíu fyrr um sumarið. Gylfi Þór Sigurðsson skoraði bæði mörkin, það fyrra úr vítaspyrnu sem Birkir Bjarnason fiskaði.
Hetjan: **Gylfi Þór Sigurðsson**



**4 3-0 sigur á Kasakstan í Astana 28. mars 2015**

Eiður Smári Guðjohnsen kom aftur inn í landsliðið eftir átján mánaða fjarveru og hann kom íslenska liðinu í 1-0 á 20. mínútu eftir sendingu Jóhanns Bergs Guðmundssonar. Birkir Bjarnason bætti síðan við tveimur mörkum og Ísland fagnaði sigri eftir lengsta ferðalag landsliðsins í keppnisleik frá upphafi. Fyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson fórnaði fæðingu síns fyrsta barns til að leiða liðið til sigurs.
Hetjan: **Eiður Smári Guðjohnsen**




**5 2-1 sigur á Tékklandi á Laugardalsvellinum 12. júní 2015**

**Kolbeinn Sigþórsson kórónaði endurkomu íslenska liðsins og hefnd fyrir tapið í fyrri leiknum með því að skora sigurmarkið á 76. mínútu eftir að hafa unnið boltann af varnarmönnum Tékka og sólað markvörðinn heimsfræga Petr Cech. Aron Einar Gunnarsson jafnaði metin fimm mínútum eftir að Tékkar komust yfir á 55. mínútu. Sigurinn skilaði íslenska liðinu í toppsæti riðilsins.**
**Hetjan: Kolbeinn Sigþórsson**

**6 1-0 sigur á Hollandi í Amsterdam 3. september 2015**

Íslenska liðið var komið með annan fótinn á EM eftir besta sigur liðsins frá upphafi. Gylfi Þór Sigurðsson skoraði sigurmarkið úr vítaspyrnu á 51. mínútu sem dæmd var eftir að brotið var á Birki Bjarnasyni. Hannes Þór Halldórsson varði allt sem á markið kom og sá til þess öðrum fremur að Ísland varð fyrsta þjóðin til að vinna Holland bæði á heima- og útivelli í undankeppni.
Hetjan: **Hannes Þór Halldórsson**



**7 0-0 jafntefli við Kasakstan á Laugardalsvellinum 6. september 2015**

Íslensku strákarnir náðu ekki að landa sigri á Kasökum á Laugardalsvellinum en liðið hélt hreinu í sjötta sinn í átta leikjum og stigið dugði því til að tryggja farseðilinn á EM. Troðfullur Laugardalsvöllurinn fagnaði EM-sætinu vel og lengi eftir leik með ánægðum leikmönnum íslenska liðsins. Ísland var komið á EM þrátt fyrir að enn væru eftir tvær umferðir í riðlinum.
Hetjurnar: **Strákarnir okkar**

# Endurtekið efni frá EM 1984?



Frakkar þykja líklegir til afreka á heimavelli enda með öflugt lið og gríðarlega mikla breidd, jafnvel þótt sterkir leikmenn hafi helst úr lestinni í aðdraganda mótsins.

Sagan er líka með Frökkum í liði því þeir hafa unnið tvö síðustu stórmót sem þeir hafa haldið; EM 1984 og HM 1998. Á síðarnefnda mótinu var það fyrst og síðast frábær varnarleikur sem skilaði Frakklandi sigri en fyrrnefnda mótið tilheyrði einum manni: Michel Platini.

Þótt Platini sé ekki vinsælasti maðurinn í fótboltaheiminum í dag var hann stórkostlegur leikmaður á sínum tíma. Platini drottnaði yfir EM 1984, líkt og Diego Maradona á HM í Mexíkó tveimur árum síðar. Platini skoraði níu mörk í fimm leikjum Frakka á mótinu, þ. á m. tvær þrennur. Og hann er enn markahæsti leikmaður í EM þrátt fyrir að hafa bara verið með á einu móti.

Platini var hluti af einni bestu miðju allra tíma, Le Carré Magique (töfraferningnum), ásamt Alain Giresse, Luis Fernández og Jean Tigana en þeir félagar fóru mikinn á mótinu og skoruðu samtals 11 af 14 mörkum Frakka.

Platini skoraði alls konar mörk á EM 1984, með hægri, vinstri, tvö skallamörk, beint úr aukaspyrnum og af vítapunktinum. Hann lyfti svo Henry Delaunay bikarnum eftir 2-0 sigur á Spánverjum í úrslitaleik á Parc des Princes í París.

## Þrjár EM-hetjur

### Marco Van Basten



Stjarna Marcos van Basten skein skærast á EM í Vestur-Þýskalandi 1988 þar sem hann var markahæstur með fimm mörk. Van Basten byrjaði á bekknum í fyrsta leiknum í mótinu þar sem Sovétríkin unnu 1-0 sigur á Hollandi.

Hann kom svo inn í byrjunarliðið í næsta leik og skoraði öll þrjú mörk hollenska liðsins í 3-1 sigri á því enska. Van Basten skoraði sigurmarkið í 2-1 sigri á erkifjendum Hollendinga, Vestur-Þjóðverjum, í undanúrslitunum og í úrslitaleiknum gerði hann svo eitt frægasta mark fótboltasögunnar, með frábæru skoti á lofti úr erfiðu færi, yfir Rinat Dasayev, markvörð Sovétríkjanna. Markið gulltryggði Hollendingum sinn fyrsta, og ennþá eina, sigur á stórmóti.

### Antonín Panenka



Það eru ekki margir fótboltamenn sem eiga höfundarréttinn á sérstakri spyrnutækni í vítaspyrnum. Því getur Tékkinn Antonín Panenka hins vegar státað af.

Hann skráði nafn sitt í sögubækurnar í úrslitaleik Tékkóslóvakíu og Vestur-Þýskalands um Evrópumeistaratitilinn 1976. Staðan eftir venjulegan leiktíma og framlengingu var 2-2 og bæði lið skoruðu úr fyrstu þremur spyrnum sínum í vítakeppninni.

Í næstu umferð skoruðu Tékkar en Uli Hoeness skaut yfir. Panenka steig næstur á punktinn og vippaði boltanum nánast kæruleysislega á mitt markið á meðan Sepp Maier skutlaði sér til hægri. „Markmiðið var ekki að láta Maier líta illa út," sagði Panenka seinna. „Þetta var bara auðveldasta leiðin til að skora."

### Peter Schmeichel



Danska liðið sem vann EM 1992 var í raun talsvert lakara en það sem tók þátt á EM 1984 og HM 1986. Danir áttu þó frábæran markmann 1992.

Í undanúrslitunum gegn Hollandi varði Peter Schmeichel, sem var aldrei mikill vítabani, frá Marco van Basten í vítakeppninni á meðan Danir skoruðu úr öllum sínum spyrnum. Hann var svo magnaður í úrslitaleiknum þar sem danska liðið vann það þýska 2-0. Tvær stórkostlegar markvörslur frá Jürgen Klinsmann stóðu upp úr.






Baðherbergi · Góðar hirslur · Innbyggðar uppþvottavélar · Pottaskápar · Allar útfærslur
Fataskápar · Sérsmíði · Þvottahús · Úrvalið er hjá okkur

**VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG**
Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

**ÞITT ER VALIÐ**
Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska – fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • Mán. - föst. kl. 09-18 • Laugardaga kl. 11-15
friform.is
















# Gengur **Keegan-kenningin** upp?

Goðsögnin **Kevin Keegan** segir að Ísland muni endurtaka leik Dana frá 1992 og Grikkja frá 2004 og vinna EM í Frakklandi. Tólf ár liðu á milli sigra Danmerkur og Grikklands og samkvæmt því munstri ættu næstu Evrópumeistarar að koma úr óvæntri átt.

Kevin Keegan, fyrrverandi landsliðsfyrirliði og -þjálfari Englands, sagði á ráðstefnunni Business and Football, sem var haldin í Silfurbergi í Hörpu fyrir mánuði, að Ísland myndi fara alla leið á EM og vinna mótið. Svo sannarlega stór orð hjá þessum heillandi manni sem hefur svo mikla ástríðu fyrir fótboltanum.

Máli sínu til stuðnings vísaði Keegan til öskubuskuævintýra Danmerkur 1992 og Grikklands 2004 en þau fóru bæði alla leið og unnu EM. Tólf ár liðu þar á milli og nú tólf árum eftir sigur Grikkja væri röðin komin að Íslandi.



**„Ég veit ekki hvernig þið munuð fara að því en Ísland mun vinna EM.**

*Kevin Keegan*

„Ég veit ekki hvernig þið munuð fara að því en Ísland mun vinna,“ sagði Keegan. Hvort þessum fyrrverandi handhafa Gullboltans var alvara eða ekki er erfitt að segja en kenning Keegans er áhugaverð.

Samkvæmt veðbönkum er íslenska liðið í 20. sæti yfir þau lið sem þykja líklegust til að vinna EM. Það eitt og sér er ágætis viðurkenning, að rúmlega 330.000 manna þjóð, sem er nýliði á stórmóti, sé líklegri en fjórar aðrar, þ. á m. Ungverjaland sem er með Íslandi í riðli, til að vinna EM.

Það er auðvitað afar fjarlægur draumur að Aron Einar Gunnarsson lyfti Henry Delaunay bikarnum á Stade de France 10. júlí næstkomandi og líklega verður Ástþór Magnússon kosinn forseti áður en það gerist.

En skrítnir hlutir hafa gerst á EM í gegnum tíðina og úrslitin þar eru ekki jafn fyrirsjáanleg og á HM. Til marks um það hafa níu þjóðir unnið 14 Evrópumót en átta þjóðir unnið 20 heimsmeistaramót.

Og voru danska liðið sem vann EM í Svíþjóð 1992 og gríska liðið sem varð Evrópumeistari tólf árum síðar virkilega betri en það íslenska? Danir voru með tvo leikmenn í heimsklassa, Peter Schmeichel og Brian Laudrup, en flestir hinna í hópnum spiluðu í heimalandinu. Svo átti danska liðið upphaflega ekki að vera með á EM 1992 en datt inn rétt fyrir mót vegna stríðsástandsins í gömlu Júgóslavíu. Þrátt fyrir það unnu Danir ríkjandi Evrópumeistara Hollands og ríkjandi heimsmeistara Þýskalands á leið sinni að Evrópumeistaratitlinum.

Grikkir voru ekki með nein stór nöfn í sínu liði og flestir leikmannanna voru lítt þekktir fyrir mótið. Samt tókst þeim að vinna gestgjafana (Portúgal) tvisvar, ríkjandi Evrópumeistara (Frakkland) og besta liðið (Tékkland) á leið sinni að titlinum. Grikkir fóru alla leið á mögnuðum varnarleik og frábæru skipulagi þýska þjálfarans Ottos Rehhagel.

Það þarf að sjálfsögðu allt að ganga upp í Frakklandi og rúmlega það ef íslenska liðið ætlar að skapa ævintýri eins og Danir gerðu fyrir 24 árum og Grikkir 12 árum. Lykilmenn þurfa að haldast heilir og spila óaðfinnanlega og skipulag og vinnusemi verður að vera til staðar. Svo þurfa hlutirnir auðvitað að falla aðeins með liðinu eins og þeir gerðu með Dönum og Grikkjum.

Möguleiki Íslands á að vinna EM 2016 er ekki mikill en hann er til staðar. Og kannski hefur Kevin Keegan rétt fyrir sér eftir allt.




TRI
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
SHIMANO
KENDA
SMALL BLOCK EIGHT
Vegna hagstæðari samninga og styrkingu krónunnar
höfum við lækkað verðin á CUBE reiðhjólunum!
BLUE LAGOON CHALLENGE
CUBE REACTION GTC CARBON
VERÐ: 289.990kr
ParkTool
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga kl. 10:00 - 16:00

## ÓLAFUR ELÍASSON MEÐ VATNS- OG LJÓSAVERK Í VERSÖLUM

Sýning á verkum Ólafs Elíassonar var opnuð í Versölum á þriðjudag. Verk hans er bæði að finna innandyra og utan en tilkomumestur er hár og mikill foss sem fellur eins og úr lausu lofti í Grand Canal-tjörnina fyrir utan höllina.

Fleiri vatnsskúlptúra er að finna umhverfis höllina en auk þess eru minni ljósa- og speglaverk innandyra.

Frá árinu 2008 hefur völdum listamönnum staðið til boða að sýna í Versölum og stendur hver sýning yfir í nokkra mánuði. Svo skemmtilega vill til að Ólafur, sem er hálfíslenskur og hálfdanskur, sýnir einmitt nú þegar íslenska karlalandsliðið keppir í fyrsta sinn á EM. Listhneigðir fótboltaunnendur geta því notað ferðina og skoðað sýninguna.

Ólafur segir mikinn heiður að fá að sýna á jafn sögufrægum stað. Hann fæst fyrst og fremst við nútímalist og býr með verkum sínum í Versölum til afgerandi andstæður við tilkomumikil salarkynni barokktímans og formfagra lystigarða í kring.

Versalir eru í útjaðri Parísar, um 25 kílómetra frá miðborginni, og er auðvelt að komast þangað með lest. Sýning Ólafs stendur til 30. október.





**Birkir Bjarnason og félagar eru mættir til Annecy í Frakklandi.**

## Vegleg umfjöllun um Evrópumótið

Íþróttadeild 365 miðla verður með ítarlega og veglega umfjöllun um Evrópumeistaramótið í knattspyrnu í öllum sínum miðlum. Fréttateymi 365 í Frakklandi mun flytja fréttir reglulega í Fréttablaðinu, á Vísi og í fréttum Stöðvar 2 á hverjum degi. Eins og gefur að skilja verður sérstök áhersla lögð á íslenska liðið og fylgst með hverju fótmáli liðsins á þessari sögulegu stund.

Ítarleg viðtöl við þjálfara og leikmenn íslenska landsliðsins verða daglegt brauð í öllum okkar fjölmiðlum á meðan á mótinu stendur, auk annarrar umfjöllunar um allt það sem snertir íslenska liðið. Andstæðingar Íslands verða greindir og rætt við erlenda álitsgjafa um þá í aðdraganda hvers leiks.

Allir leikirnir á EM í Frakklandi verða í beinni textalýsingu á Vísi en leikir Íslands skipa sérstakan sess í textalýsingunum, þar sem fréttamenn okkar munu færa lesendum Vísis stemninguna á leikstaðnum beint í æð. Að leik loknum munu viðbrögð þjálfara og leikmanna rata inn á íþróttavef Vísis eins fljótt og auðið er.

Akraborgin á X-inu 977, í umsjón Hjartar Hjartarsonar, hefur aldrei verið lengra frá Íslandsströndum en á næstu vikum en í umfjöllun þáttarins verður stuðningsmönnum íslenska landsliðsins sérstaklega vel fylgt eftir, auk hefðbundinnar umfjöllunar um strákana okkar.

Okkar menn í Frakklandi verða svo virkir á samfélagsmiðlum, hvort sem er á Facebook (Sportið á Vísi), Twitter (@VisirSport) eða Snapchat (365sport).








*Lífsstíll*
# PÁLMA GUNNARSSONAR

**Hvað borðar þú í morgunmat?**

Nýkreistan sítrónusafa í volgu vatni til að byrja með. Síðan hafragraut með ávöxtum, kanil, hlynsírópi og smá rjóma.

**Uppskrift að góðri helgi?**

Hver dagur er dýrmætur og ber að njóta fram fingurgóma. Helgardagar eru þar engin undantekning.

**Hvernig tónlist hlustar þú á?**

Ég er alæta á tónlist og hlusta á nánast allt.

**Hvað ertu að lesa?**

Aðallega það sem ég er að fást við sjálfur. En svo rakst ég á skruddu í veiðitöskunni minni, bókina Fjallakúnstner segir frá, sem er samtalsbók Pjeturs Hafsteins Lárussonar við Stefán frá Möðrudal. Þetta er bók sem eldist vel og vinnur gegn leiðindum.

**Hvernig verður sumarfríið?**

Ég fer til Rússlands að heimsækja vini mína við fallegar veiðiár. Svo er árleg fjölskylduferð í Vopnafjörð komin á plan. Hitt ræðst síðar.

**Uppáhaldsmaturinn þinn?**

Fiskur: hrár, steiktur, soðinn, grafinn og reyktur.

**Uppáhaldsvefurinn þinn?**

Catch Magazine.

**PÁLMI GUNNARSSON KEMUR FRAM MEÐ HLJÓMSVEIT SINNI TUSK Á TÓNLISTARHÁTÍÐINNI SECRET SOLSTICE SEM HEFST NÆSTA FIMMTUDAG. LAGAVALIÐ VERÐUR ÁKVEÐIÐ Á STAÐNUM, AUGNABLIKIÐ OG STEMMINGIN VERÐA LÁTIN RÁÐA FERÐINNI.**

# FITA EYKUR LÍKUR Á HJARTABILUN



Ný norsk rannsókn sýnir að þeim sem eru í yfirvigt á yngri árum er hættara við að fá hjartabilun á efri árum. Þetta getur gerst þrátt fyrir að fólk sé í kjörþyngd þegar aldurinn færist yfir. Þeir sem þyngjast og léttast á víxl gera ekkert gott fyrir blóðstreymi líkamans. Rannsóknin var birt í tímaritinu Journal of Internal Medicine. Að sögn Bjørns Mørkedal, sem er einn þeirra sem stóðu að rannsókninni, skiptir þyngdin miklu máli þegar fólk er ungt hvað varðar hjartabilun síðar á lífsleiðinni. Yfir eitt hundrað þúsund Norðmenn hafa einhvers konar hjartabilun, jafnvel þótt þeir viti það ekki sjálfir. Yfir 10 prósent fólks yfir 75 ára er með hjartabilun. Um helmingur þessa fólks deyr innan við fimm árum eftir að sjúkdómurinn greinist.

Í rannsókninni voru 26 þúsund manns skoðuð og fylgst með þeim í 30 ár. Yfirvigt í lengri tíma gerir hjartanu erfiðara fyrir að dæla blóði og getur aukið hættuna á hjartabilun um 45 prósent.

Þá kemur fram að talið er að 60 prósent fólks í heiminum verði í yfirvigt áður en árið 2030 rennur upp. Mikilvægt er að börn og unglingar séu í kjörþyngd. Ofþyngd eykur hættu á háum blóðþrýstingi, háum blóðsykri og vondu kólesteróli í blóði.





*Fjórhjóladrifin skemmtun!*

Bílabúð Benna kynnir sportjeppann Tivoli, nýjasta smellinn frá bílaframleiðandanum SsangYong í Suður-Kóreu. Sportjeppinn Tivoli er allt í senn, flottur, ríkulega búinn, fjórhjóladrifinn og einstaklega lipur í akstri. Tivoli er fyrir þá kröfuhörðu sem kunna að meta stílhreina hönnun, gegnheil gæði og frábært verð.

- *Fjórhjóladrifinn!*
- *Sjálfskiptur!*
- *Ríkulega búinn!*
- *Frábært verð!*






Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Kíktu í heimsókn á benni.is. Verið velkomin í reynsluakstur.**

**Reykjavík**
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00

SSANGYONG





GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



Nissan Micra 1,3 árg. '05 ek. 103þús Verð 790þús Rafmagnshjól BAOYA sem nýtt 110þús s. 862 2213



Suzuki Swift árg.2015 Sjálfskiptur, ek.29.000. Verð 1.800 þús s: 6162597



Toyota corolla 1.6vvti árg. 2001 Ek. 130þús Verð 500þús Uppl. í S: 69 96182.



Volkswagen Passad 2005, ekinn 277þ. km. bensín, beinskiptur, þýska stálið í toppstandi. Ásett verð 790þ. Tilboð: 500þ- TILBOÐ s: 6590642



VW Passat Highline 2011, 83þ km. Sjálfsk., bensín og metan. Krókur, Webasto, vel búinn. Topp viðhald. Verð 2.950þ, uppl. 899-0410.

## Bílar óskast

**0-600 STAÐGREITT**

Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 776 7507

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**

Má þarfnast lagfæringa.

**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólbarðar

OK VARAHLUTIR



**TECHKING VINNUVÉLADEKK**

Vorum að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl. Ýmsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir S: 6961050 okspares@simnet.is

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Kerrur





Ein með öllu 5 hesta álkerra kominn á númer. Uppl. hjá Álgluggar JG S. 862 7762

# ÞJÓNUSTA

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Garðyrkja

**GARÐAUMSJÓN**

Sláttur fyrir húsfélög og einstaklinga. Almenn garðvinna. Halldór garðyrkjumaður. S: 6981215

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**VIÐHALD FASTEIGNA**

JÁ IÐNAÐARMENN

Tímavinna eða tilboð

Sími 544 4444

Gsm 777 3600

jaidnadarmenn.is

johann@2b.is

MARKMIÐ VERKTAKAR

ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD

Smíðavinna · Pípulagnir · Raflagnir
Málningavinna · Múrvinna · Flísalagnir
Hellulagnir · Jarðvinna · Lóðavinna

Tilboð þér að kostnaðarlausu

Uppl. í síma: 820 8888 eða markmid@markmid-ehf.is

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**

Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

**SÍMASPÁ 555 2927**

Draumaráðningar, fyrirbænir. Opið frá 13 Hanna s. 847 7596

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com




GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is

907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar


## til leigu

**HÁRGREIÐSLUFÓLK OG NAGLAFRÆÐINGAR ATH.**

Stóll til leigu og naglaborð, góð aðstaða, næg bílastæði og sanngjörn leiga.

Uppl. sendist á begga@hairbrush.is eða á staðnum (Hæðasmári 4, 201 Kóp.) S. 551-7770/659-4135 (Begga).

HAIRBRUSH HAIR & AIRBRUSH STUDIO


# Rafmagnaðir dagar á 100 bílum



**Nissan Leaf Acenta**, 3/2015, sólarsella, hiti í sætum ogfl, verksmiðjuábyrgð, hraðhleðslutengi, bakkmyndavél,7 tommu opnanlegur skjár, óekinn bíll, **ásett verð 3.290 þús**, raðnr 152511.



**Nissan Leaf Acenta**, 3/2015, ókeinn bíll, verksmiðjuábyrgð, hraðhleðslutengi, bakkmyndavél, 7 tommu opnanlegur skjár ogfl, óekinn bíll, **ásett verð 3.290 þús**, raðnr 151735.



**Nissan Leaf Acenta**, 3/2015, verksmiðjuábyrgð, hraðhleðslutengi, 7 tommu opnanlegur skjár, bakkmyndavél, óekinn bíll, sólarsella, hiti í sætum ogfl, **ásett verð 3.290 þús**, raðnr 152084.



**Nissan Leaf Acenta**, 3/2015, ókeinn bíll, verksmiðjuábyrgð, hraðhleðslutengi, bakkmyndavél, 7 tommu opnanlegur skjár ogfl, óekinn bíll, **ásett verð 3.190 þús**, raðnr 151735.



**Nissan Leaf Acenta Autec**, 8/2015, óekinn bíll, verksmiðjuábyrgð, hraðhleðslutengi, 7 tommu opnanlegur skjár, bakkmyndavél, verksmiðjuábyrgð, sólarsella ogfl, **ásett verð 3.490 þús**, raðnr 151735.



**Nissan Leaf Tekna**, 9/2015, ókeinn bíll , leðuráklæði, bakkmyndavél 360 gráður, hraðhlesðslutengi, verksmiðjuábyrgð, bose hljómkerfi, sólarsella ogfl, **ásett verð 3.690 þús**, er á staðnum, raðnr 152307.



**MMC Outlander Instyle**, 5/2016, módelár 2015, bensín/rafmagn, plug in hybrid, leðuráklæði, hraðhlesðlutengi, 18 tommu felgur ogfl,, óekinn bíll, **ásett verð 5.850 þús**, er á staðnum, raðnr 152468.



**MMC Outlander Instyle**, 5/2016, módelár 2015, bensín/rafmagn, plug in hybrid, leðuráklæði, hraðhleðslutengi, 18 tommu felgur ogfl, óekinn bíll, **ásett verð 5.650 þús**, er á staðnum, raðnr 152472 .

100 bílar bílasala

EINA BÍLASALAN Í MOSFELLSBÆ

517 9999

**OPNUNARTÍMI**

MÁN - FÖST.
FRÁ KL. 10:00-18:00

LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11:00-15:00

**ALLIR BÍLAR Á STAÐNUM**

Bílafjármögnun Landsbankans



**Ford Focus Electric**, 9/2015, óekinn bíll, 17 tommu álfelgur, bakkmyndavél, bluetooth ogfl, **ásett verð 3.490 þús**, raðnr 152407.



**Ford Focus Electric**, 9/2015, óekinn bíll, 17 tommu álfelgur, bakkmyndavél, bluetooth ogfl, **ásett verð 3.490 þús**, raðnr 152408.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Til sölu tæki fyrir Ísbúð verð aðeins kr 3 milljónir. 4stk Spaceman ísvélar + varahlutir, 2stk Spaceman ísvélar fríar, 95.000 ísbox þetta eru Frozberry ísbox, 118.000 skeiðar, 40.000 lok. www.frozberry.dk heimasíða Frozberry úti skilti Skilti og heimasíða kr 400.000 Sími 8928960



**EIKAR SÓFABORÐ**
Vandað eikar sófaborð Stærð 130X70 og hæð 40cm. Verð 40þús. Uppl. í s. 663 3313




## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun






**NÝ SENDING KOMIN!**
WE-VIBE 4 - Unaðstæki ársins fyrir pör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar, 50 Shades of Grey vörurnar og allt það vinsælasta í dag. Millifærsla, greiðslukort og netgíró.Sendum um allt land www.hush.is

# HEILSA

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Lærðu að sigla seglskútu. Námskeið fyrir börn og fullorðna. Siglingafélag Reykjavíkur - www.brokey.is - 895 1551

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði óskast

40 ára vinnandi maður ó.e. stúdíó eða 2ja herbergja íbúð ódýrt. Guð blessi ykkur. s. 8614478

## Geymsluhúsnæði

**SUMARTILBOÐ**
á geymsluplássi. Sækjum og sendum. geymslulausnir.is s:615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Bílstjóra vantar á sendibíl. Upplýsingar gefur Jón í síma 8929363.

Caruso veitingarhús óskar eftir starfsmanni í þrif á morgnana í hlutastarf. Umsóknir sendist á caruso@caruso.is

**JÁRNABINDINGAR / IRON JOB**
Vantar járnamenn. Mikil vinna. Uppl. í s. 897 1995 / 893 1174 / 866 1083 og jarnaverk@internet.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMADÖMUR 908 1666**
Við erum mjög heitar, langar til að heyra í þér. 100% trúnaður.

## tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir

- **Flúðalína 1, þverun Fossár í Skeiða- og Gnúpverjahreppi**
- **Eyðing áhættuvefja frá sláturhúsi SAH Afurða ehf. Blönduósi**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **11. júlí 2016.**

## fasteignir




**OPIÐ HÚS**
**laugardaginn 11.júní kl.14:00-14:30**



Efri sérhæð, mikil lofthæð, þrennar svalir
Skráð hjá FMR 162,8 m², þar af er íbúðin 135,6 m²
Bílskúr að stærð 27,2 m²
Glæsilegt sjávarútsýni
Nokkrir metrar skilja á milli lóðar og sjávarmáls



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Verð: **62,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**




**Falleg og vel skipulögð íbúð á jarðhæð við Lokastíg**

105 fm - 4 herbergja
Sérinngangur
Endurnýjuð lóð og dren
Góð staðsetning þar sem stutt er í alla helstu þjónustu og iðandi mannlíf miðbæjarins.



Nánari upplýsingar veitir
**Gunnar S. Jónsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Verð: **40,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

## skemmtanir




**EM í beinni!**
**Fyrsti leikur Íslands**
**þriðjudaginn 14. júní kl. 18:00**

**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*




**Hljómsveitin Klettar**
**Rúnar Þór, Rúnar Villa Valla, Björgvin Gísla og Siggi Árna spila í kvöld.**

**Allir velkomnir**

Gullnáman

**Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn**

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

# EKKI MISSA AF ÞESSU RUGLI!

## VERÐIN VERÐA EKKI MIKIÐ LÆGRI!

# 50%

# AF ÖLLUM VÖRUM

Afslátturinn gildir af outletverðum og getur numið meira en 90% af upphaflegu verði verslana.



**ÞAÐ ERU EKKI MARGIR DAGAR EFTIR!**

**Ekki missa af þessum fáránlegu verðum á fatnaði sem kemur úr öllum betri fataverslunum landsins!**

STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

KORPU OUTLET

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
10. JÚNÍ 2016 FÖSTUDAGUR

## Merkisatburðir

**1793** Garðurinn Jardin des Plantes opnaður í París.
**1924** Fasistar ræna Giacomo Matteotti, leiðtoga sósíalista, í Róm.
**1935** Dr. Robert Smith drekkur sinn síðasta drykk og AA-samtökin eru stofnuð af honum og dr. Bill Wilson í Akron í Ohio í Bandaríkjunum.
**1940** Ítalía lýsir yfir stríði á hendur Frakklandi og Bretlandi, þýski herinn nær að Ermarsundi, Kanada lýsir yfir stríði á hendur Ítalíu og Norðmenn gefast upp fyrir Þjóðverjum.
**1947** Fyrsti Saab-bíllinn er framleiddur.





Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir jógakennari stendur fyrir jahara-námskeiði sem hefst á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA.

# Gott að slaka á í vatni

**Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir jógakennari stendur fyrir jahara-námskeiði sem hefst á morgun. Jahara byggir á mildum samfelldum toghreyfingum fyrir hryggsúluna sem léttir á stoðkerfinu, taugakerfinu og vöðvum, losar um liðamót og vöðva og mildar verki.**

Á morgun mun Valerie Gaillard koma til landsins til að kenna okkur að meðhöndla fólk í vatni með jahara, en það er einstök vatnsmeðferð sem byggir á vitund og heilbrigðri virkni líkamans," segir Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir jógakennari spurð út í jahara, vatnsmeðferð, en slík meðferð fer fram á morgun í innisundlauginni í Stykkishólmi á Snæfellsnesi.

„Vatnið í Stykkishólmi er á margan hátt sérstakt, það er basískt og inniheldur allmikið af uppleystum efnum sem eru einkum natríumklóríð og kalsíumsölt. Aðferðin jahara byggir á mildum samfelldum toghreyfingum fyrir hryggsúluna sem léttir á stoðkerfinu, taugakerfinu, vöðvum og mildar verki," segir Arnbjörg.

Óhætt er að segja að Arnbjörg sé orðin vel kunnug jóga í vatni en hún hefur kennt þá iðju síðastliðin fimm ár. Arnbjörg gaf út diskinn Endurómur friðar fyrr í þessum mánuði en sá diskur inniheldur gonghljóma í náttúrunni, sem hún nýtir í kennslunni.

„Jóga í vatni hefur verið kennt á Íslandi í mörg ár en þetta mun vera í fyrsta sinn sem gestakennari kemur til landsins, einungis í þeim tilgangi að kenna jahara. Valerie er mjög fær í þessari aðferð, megináhugi hennar er að kenna og vinna við jahara. Hún uppgötvaði jahara árið 2000 og það opnaði möguleika fyrir henni sem meðferðaraðila," segir Arnbjörg og bætir við að þær hafi fengið góð viðbrögð.

Fram undan eru nokkur viðburðir tengdir jóga í vatni, meðal annars fara þeir fram í Vestmanneyjum, Álftaneslaug og Vík í Mýrdal.

„Vatn er einfaldlega gott til að slaka á í líkamanum en þeir segja að vatnið sé sérstaklega gott og þá einna helst við stoðkerfasjúkdómum. Fram undan eru virkilega skemmtilegir viðburðir þar sem Dj Margeir og Dj Katla sjá um tónlistarflæði á meðan á tímunum stendur," segir Arnbjörg að lokum.

**gudrunjona@frettabladid.is**

---



†

Ástkær eiginkona mín,
móðir okkar og tengdamóðir,

**Guðfinna Karlsdóttir**
(Dodda)

lést á hjúkrunarheimilinu
Sunnuhlíð í Kópavogi 7. júní.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Geir Kristjánsson**
**Sólrún Geirsdóttir** — **Sigurður Helgi Helgason**
**Róbert Geirsson** — **Sigríður Ólafsdóttir**

---



†

Ástkær eiginkona og móðir,

**Hrafnhildur Björnsdóttir**
Réttarheiði 61, Hveragerði,

lést á Landspítalanum 7. júní.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju
þriðjudaginn 14. júní kl. 15.00.

Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast
hennar er bent á Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

**Guðmundur Einarsson**
**Kjartan Bjarnason** — **Þórey Sigurðardóttir**
**Birgir Bjarnason** — **Rannveig Guðmundsdóttir**
**Geir Bjarnason** — **Ásta H. Viðar**
**Baldur Sívertsen** — **Tanja Sívertsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Þökkum hlýjar kveðjur og vináttu
sem okkur var sýnd við fráfall
elskulegs eiginmanns, föður,
tengdaföður og afa,

**Gunnars Konráðs Finnssonar**
frá Ytri-Á, Ólafsfirði,

sem lést þann 15. maí síðastliðinn.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hornbrekku,
Ólafsfirði, sem annaðist hann af einstakri hlýju og alúð
í veikindum hans.

**Svanhvít Tryggvadóttir**
**Guðrún Gunnarsdóttir** — **Jón Gunnarsson**
**Finnur Viðir Gunnarsson** — **Hrefna Magnúsdóttir**
**Bergur Gunnarsson** — **Rósa María Vésteinsdóttir**
**Gunnar, Svanhvít, Magnús, Gunnar Konráð, Freydís Þóra og Katrín Ösp**

---



†

Kærar þakkir fyrir samúð
og hlýhug við andlát og útför vinar
míns og eiginmanns, föður okkar,
tengdaföður, afa og langafa,

**Vilhjálms Þorsteins Þorsteinssonar**
fiskifræðings,
Heiðarhjalla 41, Kópavogi.

Starfsfólki Sunnuhlíðar er sérstaklega þakkað fyrir
alúð og hlýju við umönnun hans.

**Stefanía Júlíusdóttir**
**Iða Brá Vilhjálmsdóttir** — **Andrés Jónsson**
**Þóra Vilhjálmsdóttir**
**Loftur Kristinn Vilhjálmsson** — **Björg Alfreðsdóttir**
**Árni Vilhjálmsson**
**Eva Vilhjálmsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---



†

Elskulegur sambýlismaður, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristvin Guðmundsson**
Valsholti,
Stafholtstungum,

lést í Brákarhlíð, Borgarnesi, þann 8. júní.

Jarðarförin fer fram frá Reykholtskirkju
laugardaginn 11. júní kl. 14.00.

**Helga Þórný Guðmundsdóttir**
**Guðbjörn Kristvinsson** — **Svana Lára Hauksdóttir**
**Þorsteinn Kristvinsson** — **Sóley Stefánsdóttir**
**Kristín Kristvinsdóttir** — **Dagbjartur Ragnar Jónsson**
**Björn Ingi Kristvinsson** — **Isabel Miranda Plancarte**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug við andlát og útför
ástkærs eiginmanns míns, föður,
tengdaföður, afa og langafa,

**Jóns K. Þórðarsonar**
múrarameistara.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Úndína Gísladóttir**

---



†

Útför ástkærs eiginmanns míns,
föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Guðjóns Guðjónssonar**
verslunarstjóra,
Ásholti 2,

er lést 18. maí síðastliðinn, fer fram frá
Háteigskirkju miðvikudaginn 15. júní kl. 13.

**Auður Ellertsdóttir**
**Guðjón Þór Guðjónsson** — **Halla Hjaltested**
**Anna Guðjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Guðfinna Sigurjónsdóttir**
(Finna)

Langholtsvegi 162, Reykjavík,

andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði þann
24. maí síðastliðinn. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju
mánudaginn 13. júní kl. 13.00.

Fjölskyldan vill koma á framfæri þökkum til starfsfólks
Hrafnistu fyrir einstaka umönnun og velvild.

**Áslaug J. Sigurbjörnsdóttir** — **Sigurður Jóhannsson**
**Ragna I. Halldórsdóttir** — **Óskar Þ. Nikulásson**
**Sigurður J. Halldórsson** — **Jóhanna S. Gunnlaugsd.**
**Halldór Halldórsson** — **Elfa Í. Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


ÞAÐ ER KOMIÐ AÐ ÞVÍ
ÞRJÁR SÝNINGAR UM HELGINA!
„ÓTRÚLEGUR KRAFTUR,
FÁGUN OG HNYTTNI!“
- THE INDEPENDENT ON SUNDAY
„UNDRAVERÐ ORKA
OG ÓTRÚLEGUR AGI!“
- THE EVENING STANDARD
„SANNKALLAÐIR
SVIÐSTÖFRAR!“
- THE SUNDAY TELEGRAPH
STOMP PRODUCTIONS OG GLYNIS HENDERSON PRODUCTION KYNNA Í SAMSTARFI VIÐ SENU LIVE
STOMP
HARPA
LAUGARDAG KL. 16 OG 20
SUNNUDAG KL. 14
20% AFSLÁTTUR FYRIR LESENDUR FRÉTTABLAÐSINS Í GEGNUM
EFTIRFARANDI TENGIL: WWW.TIX.IS/FBL
Floridana
LIFÐU VEL!
MIÐASALA Á TIX.IS, HARPA.IS OG Í MIÐASÖLU HÖRPU.
NÁNAR Á WWW.SENA.IS/STOMP
sena
LIVE!

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**1.498** kr. kg

**KS Lambalærissneiðar**
Frosnar




200kr verðlækkun pr. kg

**1.698** kr. kg

**Íslandsnaut Ungnautahakk**
Verð áður 1898 kr. kg




**359** kr. 1,35 kg

**Heinz Tómatsósa**
1,35 kg




**198** kr. 1 l

**Floridana Heilsusafi**
1 lítri

100% SAFI




**59** kr. 250 ml

**Floridana Heilsusafi**
250 ml




**139** kr. stk.

**Bónus Kornbrauð**
500 g




**95** kr. 200 g

**ES Steiktur Laukur**
200 g

Orkudrykkur
Líka til sykurlaus




**59** kr. 250 ml

**ES Orkudrykkur**
250 ml, 2 teg.




**159** kr. 500 ml

**Gatorade Cool Blue**
500 ml






**259** kr. 250 g

**Sykurpúðar**
250 g




**549** kr. 50 ml

**Nivea Sun Kids Sólarvörn**
Vasastærð, extra vatnsþolin og rakagefandi, 50 ml



**198** kr. stk.

**Brjóstsykur Snuð**
70 g, margar teg.



**98** kr. 20 g

**Candyfloss**
20 g

SÓLARVÖRN
Á GÓÐU VERÐI




**1.298** kr. stk.

**Áfram Ísland**
**Trefill**

ÁFRAM
ÍSLAND




**498** kr. stk.

**Áfram Ísland**
**Húfa,** 2 teg.




**298** kr. stk.

**Áfram Ísland**
**Buff**




**979** kr. 200 ml

**Nivea Sun Sólarvörn**
Vatnsþolin, kælandi og rakagefandi, 200 ml

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

5 STK. CHILLI PEPPERONI PYLSUR

5 STK. BEIKON BÓNDA PYLSUR




**998** kr. pk.

**Stjörnugrís Grillpylsur**
10 stk. í pakka, 900 g

10 PYLSUR




**359** kr. pk.

**Bónus Vínarpylsur**
485 g,10 stk.




**159** kr. pk.

**Bónus Pylsubrauð**
260 g, 5 stk.

Pylsa + brauð **68** kr/stk.



## GOTT VERÐ Í BÓNUS

100% Íslenskt ungnautakjöt

4stk 80 g




**579** kr. 2x140 g

**598** kr. 4x80 g

**549** kr. 2x120 g

**Íslandsnaut Ungnautaborgarar**
2x140 g, 2x120 g eða 4x80 g

80 g hamborgari+brauð **192** kr/stk.

120 g hamborgari+brauð **317** kr/stk.

140 g hamborgari+brauð **332** kr/stk.






**1.698** kr. kg

**Kjarnafæði Lambasirloinsneiðar**
Kryddlegnar, ferskar

LÁGT VERÐ ALLA DAGA




**167** kr. 4 stk.

**Bónus Hamborgarabrauð**
Með eða án sesamfræja




**198** kr. 300 ml

**Bónus Hamborgarasósa**
300 ml




**1.998** kr. kg

**Íslandslamb Lambalærissneiðar**
Kryddlegnar, blandaðar, ferskar




**2.598** kr. kg

**Íslandslamb Lambalærissneiðar**
Kryddlegnar, 1.flokkur, ferskar




**2.598** kr. kg

**Íslandslamb Lambakótilettur**
Kryddlegnar, ferskar




**998** kr. kg

**Bónus Grísabógsneiðar**
Kryddaðar, ferskar



**1.298** kr. kg

**Bónus Grísakótilettur**
Með beini, kryddaðar

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Föstudagur




Austlæg átt í dag, hvassast allra syðst á landinu. Skýjað og lítilsháttar væta sunnan- og vestanlands, en nokkuð bjart veður norðan- og austanlands, en líkur á þokulofti við sjóinn. Áfram hlýtt í veðri og hiti allt að 20 gráður inn til landsins.

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° | 10° | 14° |
| ↖ 5 | ↖ 3 | ↓ 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 15° | 11° | 11° |
| ↑ 6 | ← 7 | ↑ 6 |

### Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 14° | 8° | 7° |
| ← 5 | ← 7 | ← 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 10° | 11° | 13° |
| ↓ 6 | ← 7 | ↑ 3 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hvetja
6. þófi
8. verkfæri
9. sigti
11. ónefndur
12. skapanorn
14. erfitt viðfangsefni
16. íþróttafélag
17. nögl
18. rangl
20. tveir eins
21. atlaga

**LÓÐRÉTT**
1. hland
3. í röð
4. knippi
5. tál
7. holdsveikur
10. for
13. rúm ábreiða
15. fita
16. bar
19. hljóta

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** örva, **6.** il, **8.** sög, **9.** sía, **11.** nn, **12.** skuld, **14.** þraut, **16.** kr, **17.** kló, **18.** ráf, **20.** ll, **21.** árás. **LÓÐRÉTT: 1.** piss, **3.** rs, **4.** vöndull, **5.** agn, **7.** líkþrá, **10.** aur, **13.** lak, **15.** tólg, **16.** krá, **19.** fá.

### Skák Gunnar Björnsson

Jóhann Hjartarson (2.547) bjargaði sér ævintýralega gegn Einari Hjalta Jenssyni (2.370) á Íslandsmótinu í skák í Tónlistarskóla Seltjarnarness.

**Hvítur á leik**

Jóhann fórnaði hrók á c5 í síðasta leik sem Einar hefði betur ekki þegið. **53. Hxg6!** Öðrum hrók fórnað! Einar teygði sig of langt til sigurs með **53 … Kxg6 54. Dxh5+ Kg7 55. Dxe8** hvítur vann um síðir.

**www.skak.is:** Þrír efstir á Íslandsmótinu.



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 1 | 5 | | | 6 | |
| | 6 | | 2 | | | | 9 | |
| | | | | | 8 | | | 5 |
| | | 1 | | | 4 | 8 | | 3 |
| | | | 3 | | 5 | 9 | | |
| 9 | | 2 | | | | | | |
| 6 | | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | | |
| 1 | | | | | | 6 | 7 | |
| | 9 | | | | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | 5 | | 3 |
| 1 | | | 7 | | | 4 | | 2 |
| 6 | 2 | | | | 4 | | | 9 |
| | 4 | | | | 8 | | | |
| | | | 9 | 5 | 1 | | | |
| | | | 2 | | 6 | 3 | | |
| | 1 | | | | 5 | 8 | | 6 |
| 7 | | | 1 | | | | 3 | |
| 9 | | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 5 | | | 8 |
| | | | 6 | | | 9 | | |
| | 5 | 9 | | | 8 | 1 | 2 | |
| | | 2 | | | | 7 | 6 | |
| | | 4 | | 6 | | | 3 | |
| | | | 5 | 3 | | | | 1 |
| | | | | | 1 | | | 7 |
| 9 | 3 | | | | | | | |
| 2 | | | 9 | | | 8 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 5 | 4 | 3 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 3 | 4 | 2 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 2 | 6 | 7 | 8 | 9 | 5 | 3 | 1 | 4 |
| 7 | 1 | 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 3 |
| 5 | 9 | 2 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 1 |
| 8 | 4 | 3 | 1 | 5 | 6 | 7 | 9 | 2 |
| 4 | 7 | 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 2 | 6 |
| 3 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 9 | 4 | 7 |
| 6 | 2 | 8 | 7 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 7 | 3 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 7 | 6 | 9 | 1 | 3 | 5 |
| 3 | 5 | 6 | 8 | 1 | 2 | 7 | 9 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 1 | 3 | 4 | 8 | 2 | 7 |
| 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 6 |
| 7 | 2 | 3 | 5 | 8 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 4 | 8 | 2 | 6 | 7 | 3 | 5 | 1 | 9 |
| 5 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 | 6 | 7 | 2 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 5 | 1 | 4 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 6 | 8 | 3 | 4 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 1 | 6 | 4 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 2 | 3 | 6 | 9 |
| 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 2 | 3 | 6 |
| 5 | 4 | 6 | 2 | 3 | 1 | 7 | 9 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 6 | 9 | 7 | 1 | 4 | 5 |
| 1 | 9 | 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 2 | 3 |
| 6 | 3 | 5 | 9 | 2 | 4 | 8 | 1 | 7 |
| 7 | 8 | 2 | 1 | 6 | 3 | 9 | 5 | 4 |


# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið



**Mér til undrunar andaði stúlkan**

Við frumstæð skilyrði tókst **Kjartani Magnússyni** lækni að glæða lífsneista **Heklu Klemenzdóttur** sem hafði fæðst þremur mánuðum fyrir tímann árið 1960.

**Stefndi ferlinum í hættu**



Landsliðsmarkvörðurinn **Hannes Þór Halldórsson** var reiðubúinn að stefna ferlinum í hættu fyrir EM í Frakklandi.

**Íslenska aðferðin stenst ekki skoðun**

**Gabor Mate** er frumkvöðull á sviði fíknilækninga og heldur fyrirlestur í Hörpu. Hann segir hugmyndina um að fíkn sé heilasjúkdómur, sem íslenskar meðferðarstofnanir ganga út frá, ekki standast skoðun.

**Hafa fulla trú á strákunum**

Betri helmingar strákanna okkar í karlalandsliðinu í fótbolta eru mjög spenntir fyrir EM í Frakklandi. Eiginkona fyrirliðans er bjartsýn og ekki búin að panta flug heim.


## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# EM TILBOÐ




## PHILIPS

**TILBOÐ**
**119.995**
VERÐ ÁÐUR 149.995

**Philips 55PFT5500**
55" Smart LED sjónvarp með Full HD 1920 x 1080 upplausn. Pixel Plus HD. DualCore örgjörvi. 200 Hz Perfect Motion Rate. Multiroom TV. Android 5.0. Wi-Fi. Stafrænn DVB-C/T2 móttakari. 3 x USB og upptökumöguleiki. 4 x HDMI. Spotify Connect. MyRemote Apple / Android síma- og spjaldtölvu App.

NETFLIX · DualCore · FullHD · PixelPlusHD · 200Hz · Google play · Spotify · DVB T2




ambi light 2 · PixelPlus ULTRA HD · MICRO DIMMING · 1000 PICTURE PERFORMANCE INDEX · QuadCore · NETFLIX

**Philips 49PUT6401**
Smart LED sjónvarp Ultra HD 4K 3840x2160P upplausn og Pixel Plus Ultra HD. Micro Dimming Pro. 800 Hz PPI. Quad Core örgjörvi. Ambilight 2 bakljós. Android 5.1. Nettenging með Google Play store. Wi-Fi 2x2 móttakari. NETFLIX - 4K. Stafrænn DVB-C/T2 móttakari. 3 x USB. USB upptaka. 4 x HDMI o.fl.

**TILBOÐ**
**139.995**
VERÐ ÁÐUR 169.995




4K ULTRA HD TV · my Home Screen 2.0 · QUAD-CORE PRO · VIERA SMART Viera · NETFLIX

**Panasonic TX49DX603**
49" Smart VIERA LED sjónvarp með 4K Ultra HD 3840x2160p upplausn og Quad Core Pro örgjörva. 800 Hz BMR. High Contrast. 4K Up-Scaling / 4K Smooth Motion. Mozilla Firefox OS netvafri. NETFLIX - 4K. Pro 24p Smooth Film/Play Back. Wi-Fi. Stafrænn DVB-C/T2 og gervihnattamóttakari. In-House TV Streaming. USB upptaka. 2 x USB. 3 x HDMI. Swipe & Share 2.0. iPhone eða Android síma- / spjaldtölvu app.

**TILBOÐ**
**169.995**
VERÐ ÁÐUR 189.995




ambi light 3 · Natural MOTION · MICRO DIMMING · 800Hz · ULTRA HD · NETFLIX

**LG 55UF680V**
55" Smart IPS LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn og 1000Hz PMI. Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun. Micro Pixel Control. Real Cinema 24p. Quad-Core örgjörvi. webOS 2.0 - opinn vafri. NETFLIX - 4K. LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. Gerfihnattamóttakari. 2x USB 2.0. USB 3.0. 2x HDMI o.fl. Apple og Android síma- / og spjaldtölvu app.

**TILBOÐ**
**179.995**
VERÐ ÁÐUR 229.995




IPS · LED · 4K ULTRA HD · 4K Upscaler · 1000Hz PMI · DVB T2 · NETFLIX

**LG 65UH600V**
65" Smart IPS LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn og 1000Hz PMI. UHD Mastering Engine - 4K uppskölun. Micro Pixel Control. Real Cinema 24p. Quad-Core örgjörvi. webOS 2.0 - opinn vafri. NETFLIX - 4K. LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. Gerfihnattamóttakari. 2 x USB (2 Ultra HD). 2 x HDMI o.fl. Apple og Android síma- / og spjaldtölvu app.

**TILBOÐ**
**289.995**
VERÐ ÁÐUR 329.995

12 MÁNAÐA
VAXTALAUSAR GREIÐSLUR

**Heimilistæki** ht.is
*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • AUSTURVEGI 34 **SELFOSSI** S: 414 1745 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# Tíminn er mjög merkilegt fyrirbæri á Íslandi

**Ferdinand Jónsson skáld dvelur mest á melum og móum Lundúnaborgar. Hann kveðst þó alltaf vera með Ísland í farteskinu og gerir ráð fyrir að lesendur skynji það í nýju ljóðabókinni sem hann nefnir Í úteyjum.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is





„Þarna er endurómun af mér og mínum tilfinningum sem og tenging mín við Ísland og náttúruna," segir Ferdinand um efni nýju ljóðabókarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýverið kom út ljóðabókin Í úteyjum eftir Ferdinand Jónsson. Þetta er önnur ljóðabók Ferdinands sem hefur búið og starfað sem geðlæknir í London síðustu nítján árin. Það er ekki laust við að lesandi finni aðeins fyrir þessari fjarlægð frá heimahögunum í ljóðum Ferdinands sem þvertekur ekki fyrir það. „Í þessari fjarlægð sér maður hlutina hugsanlega í aðeins öðru ljósi en ég kem hérna samt í öllum mínum fríum og sæki mikið hingað heim. En ef til vill er skynjunin sterkari þegar maður dvelur á melum og móum Lundúnaborgar inni á milli en þó alltaf með landið okkar í farteskinu."

### Hoppaðu inn og út

Annað sem kemur upp í hugann við lestur ljóðabókar Ferdinands er einhvers konar ferðalag um andlega líðan og vitund ljóðmælandans, ljóð fyrir ljóð. „Það er eflaust eitthvað til í því en ég leitast samt við að gera þetta eins einfalt og mögulegt er þannig að það sé pláss fyrir aðra. Pláss fyrir lesandann og hans tilfinningar. Því þegar öllu er á botninn hvolft þá er það mín upplifun af því að vinna í Lundúnum með öllum þjóðarbrotum að við erum öll óskaplega lík. Það eru sömu tilfinningarnar, sömu áhyggjurnar, sama gleðin og sorgin sem mér finnst einkenna okkur öll. Þetta eru allt sömu tengingarnar – sömu farvegirnir. Þess vegna reyni ég að hafa þetta einfalt til þess að það sé pláss fyrir lesandann og að hann finni, þegar vel tekst til, einhvern hljóm og einhverja tilfinningu.

Ég held að það geti verið hreinsandi að upplifa slíkar tilfinningar. Við þekkjum öll flestar þessar tilfinningar, ef til vill ekki alveg allar en svona flestar þeirra, og það er gott að finna þetta með öðrum. Það sem er einnig gott við ljóð, að mínu mati, er að þú getur hoppað inn og þú getur hoppað út í erli daganna. Þetta er öllu snúnara með til dæmis Dostojevskí því þar er þetta heilmikil vinna, mikill tími sem liggur að baki því að fara inn í verkið. En með ljóðið er allt í lagi fyrir upptekið fólk að hoppa inn í myndina, dvelja í henni og fara síðan út aftur og vonandi eitthvað nært."

### Landið og tilfinningarnar

Ferdinand starfar sem geðlæknir og sem slíkur er hann að vinna með tilfinningar og líðan fólks alla daga. En skyldi hann tengja þarna saman á milli starfsins og skáldskaparins? „Já að einhverju leyti en maður verður að gæta að þagnarskyldunni. Ég er að vinna með heimilislausu fólki og að sjálfsögðu er það þannig með alla sjúklinga að maður verður að vara sig ákaflega mikið á þagnarskyldunni. Það er hornsteinn þess að við getum unnið með fólki og að fólk geti treyst okkur. En endurómun af þessu starfi kemur svo eðlilega inn í ljóðin sem ég er að bauka við að semja í mínum frítíma en ekki einhverjar beinar tengingar.

Þarna er endurómun af mér og mínum tilfinningum og tenging mín við Ísland og náttúruna er þarna óneitanlega til staðar. Landið sem við eigum er svo andlegt að það er eiginlega engu lagi líkt. Það er ekki nema von að langförult fólk sé hér á hnjánum yfir þessari fegurð og upplifuninni af því að koma hér. Eins yfir þessu ljósi sem við búum við þar sem við höfum 365 daga í ári sem eru hver öðrum ólíkir. Þannig að tíminn er mjög merkilegt fyrirbæri á Íslandi. Hér finnum við fyrir tímans þunga nið í allri þessari tilbreytingu ljóss og veðurs. Himinninn er svo stór og skýjafarið og landið spila svo saman og svo dvelur þjóðin þarna á milli að upplifa það sem á stundum er engu öðru líkt."

**MILLI STRÍÐA**

í veðurkerfi hugans
vindar
vaka
og sumarvötnin
heiminn eiga
allan
sóleyjaflóð
á friðartímum
saman
ganga hring
helgan
himintunglin

# Sýning sem snýst um ólíkar hliðar nautnar í listrænu og veraldlegu samhengi

„Nautn á sér jákvæðar og gleðilegar hliðar en líka aðrar dekkri sem tengjast til dæmis ofneyslu og græðgi," segir Hlynur Hallsson, safnstjóri Listasafnsins á Akureyri, um sýninguna Nautn sem opnuð verður hjá honum á morgun klukkan 15.

Sex listamenn sýna þar ný verk, þau Anna Hallin, Birgir Sigurðsson, Eygló Harðardóttir, Guðný Kristmannsdóttir, Helgi Hjaltalín Eyjólfsson og Jóhann Ludwig Torfason. Hlynur segir þá hafa kastað á milli sín hugmyndum og útkoman sé fjölbreytt.

„Eygló er að hugsa um glímuna við efnið og hina frumstæðu nautn sem oft fylgir listsköpun. Guðný er með beina tilvísun í kynlíf og Anna Hallin er á sömu slóðum í sínum skúlptúrum. Helgi Hjaltalín er að velta fyrir sér markmiðum með myndaseríu af ÍSIS-liðum. Jói Torfa er á gráu svæði, ég reikna með að einhverjum bregði þegar þeir sjá framsetningu hans og Birgir er bæði með verk á sýningunni og dansgjörning við opnun hennar. Svo verða þau öll með listamannaspjall klukkan 15 á sunnudaginn."

Sýningin Nautn er samstarfsverkefni Listasafns Árnesinga og Listasafnsins á Akureyri og safnstjórarnir, þau Inga Jónsdóttir og Hlynur eru sýningarstjórar. Hér er því bæði um samstarf milli listamanna og safna að ræða.

gun@frettabladid.is



Torso er verk Önnu Hallin.



Strákarnir eftir Jóhann L. Torfason.



Gifs-strúktúr eftir Eygló Harðar.

**BIRGIR ER BÆÐI MEÐ VERK Á SÝNINGUNNI OG DANSGJÖRNING VIÐ OPNUN HENNAR.**

**ÚR SÝNINGARSKRÁ**

Hvenær verður eitthvað blæti? Hver er munurinn á munúð og ofgnótt, erótík og klámi, fegurð og kitsch, löngun og fíkn, metnaði og græðgi, háleitum markmiðum og firru? og hver hefur vald til að setja fram þessar skilgreiningar?
Markús Þór Andrésson



Skoðaðu bæklinginn sem fylgdi Fréttablaðinu 3/6
Sumarsala í Múrbúðinni
2 DAGAR EFTIR
20% AFSLÁTTUR
Made by Lavor
23.992
verð áður kr. 29.990
Lavor Space 180 háþrýstidæla
180 Max bar
510min Litrar
Pallahreinsir, bursti og aukaspíssar.
Kaliber PREMIUM GRILL
Kaliber PREMIUM GRILL
Kailber KG-1503 gasgrill
3 x 3KW brennarar, grillflötur 2520 cm2, 9KW
35.120
verð áður kr. 43.900
Kaliber KG-1301 gasgrill
3+1 brennarar/hliðarhella grillflötur 2520 cm2, 11,5KW
38.320
verð áður kr. 47.900
20% AFSLÁTTUR
55.992
verð áður kr. 69.990
MOWER CJ21
Sláttuvél 53cm m/drifi, BS 6,0 hp mótor, 53cm serían. Vél BS675EX með Ready Start Briggs & Stratton vél, bensín, rúmtak 190 CC, skurðarvídd 53cm/21", sjálfknúin 3,4 km/h. Safnpoki að aftan 65 L, hliðar útskilun. Skurðhæð og staða 25-80mm/8
11.992
verð áður kr. 14.990
Lavor One Plus 130 háþrýstidæla
130 Max bar
420min Litrar
Fylgihlutir: Burstar, sápubrúsi & Turbóstútur.
34.392
verð áður kr. 42.990
MOWER CJ18
Sláttubreidd 46cm. BS 3,5hp mótor, rúmtak 158 CC, skurðarvídd 46cm/18". Safnpoki að aftan 60 L, skurðhæð og staða 25-85mm/8
53.592
verð áður kr. 66.990
MOWER CJ20
Sláttuvél m/drifi, BS 6,0 hp mótor, sláttubreidd 51cm. Rúmtak 190 CC, skurðarvídd 51cm/20", sjálfknúin 3,6 km/h, safnpoki að aftan 65 L, hliðar útskilun, skurðhæð og staða 25-75mm/8
CE/GS VOTTUN
BRIGGS & STRATTON
Portúgalskir leirpottar í úrvali - Gæðavara - 20% afsláttur
Undirdiskar fáanlegir
INDUCTION MOTOR POWERED
MJÖG ÖFLUG dæla 16,7kg
Lavor Vertico 20 háþrýstidæla
140bör 400 min ltr.
28.792
verð áður kr. 35.990
Gróðurmold 40 l
757
áður kr. 890
Gróðurmold 20 l
417
áður kr. 490
Blákorn 5 kg
1.097
áður kr. 1.290
Leca blómapottamöl 10 l.
842
áður kr. 990
15% AFSLÁTTUR
15% AFSLÁTTUR
15% AFSLÁTTUR
15% AFSLÁTTUR
Plast blómapottar mikið úrval, litir og stærðir 20% afsláttur
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Reykjavík | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Tilboð gilda til 12/6 meðan birgðir endast – Fyrirvari um prentvillur.
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!











# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Föstudagur

hvar@frettabladid.is

**10. JÚNÍ 2016**



Amabadama verður á Akureyri í kvöld. MYND/ÚR EINKASAFNI.

## Opnanir

**Hvað?** Opnun Dream Lover
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Ekkisens
Fjöllistakonan Berglind Ágústsdóttir opnar einkasýninguna Dream Lover í Ekkisens í dag. Verið hjartanlega velkomin í opnunarhófið. Sýningin verður svo opin til 25. júní frá þriðjudegi til sunnudags frá kl. 16.00-18.00 nema annað verði tekið fram á viðburðasíðu.

**Hvað?** Opnun Náttúru afls
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Flóra, Hafnarstræti 90, Akureyri
Í dag opnar Ásta Guðmundsdóttir sýninguna Náttúru afl í Flóru á Akureyri. Allir velkomnir.

## Uppistand

**Hvað?** Kynfræðingur verður til
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Þjóðleikhúskjallarinn
Sigga Dögg kynfræðingur hefur sett saman uppistand. Hún byggir sýninguna á gömlum dagbókarfærslum sínum frá unglingsárunum. Hún tekur fyrir ýmiss konar vandræðalegheit svo sem fyrsta kossinn, fyrsta g-strenginn og fleira. Þetta er síðasta sýning Siggu Daggar að sinni. Miðaverð 2.500 krónur.

## Tónlist

**Hvað?** Mr. Silla
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Mr. Silla er mætt aftur til Íslands eftir dvöl í Berlín. Í fyrra gaf hún út sína fyrstu breiðskífu sem bar einfaldlega heitið Mr. Silla. Aðgangseyrir 2.000 krónur.

**Hvað?** Jónas R. og bandið
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Jónas R. var gríðarlega áberandi í popptónlist á sjöunda áratug síðustu aldar. Hann snýr nú aftur ásamt Bandinu, sem samanstendur af Gunnari Hrafnssyni, Gunnari Þórðarsyni, Hirti Ingva Jóhannssyni, Scott McLemore, Fanný Kristínu Tryggvadóttur, Gísla Magna Sigríðarsyni og Þóru Gísladóttur. Aukatónleikar verða svo á morgun, laugardag. Miðasala á midi.is.

**Hvað?** Amabadama
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri
Reggísveitin síkáta húrrar sér norður og skemmtir á Akureyri í kvöld. Aðgangseyrir 3.500 krónur.

**Hvað?** Bæjarhátíðin Kótelettan
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Selfossi
Hátíðin hefur fest sig í sessi meðal Sunnlendinga en hún er haldin í sjöunda skiptið í ár. Fram koma meðal annarra Páll Óskar, Glowie, Emmsjé Gauti, Úlfur Úlfur og Skítamórall. Miðaverð á hátíðina 6.900 krónur.

**Hvað?** Mugison
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kassinn, Lindargötu 3
Mugison tekur sér stöðu í Kassanum í kvöld og spilar fyrir gesti.

**Hvað?** Nykur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Hljómsveitin Nykur fyllir Kaldalón Hörpu af dulúð og rokki í kvöld. Miðasala á harpa.is.

**Hvað?** Dj Óli Dóri
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Bar Ananas
Dj Óli Dóri þeytir skífum í kvöld. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Age of Woe, Angist, Auðn og Narthraal
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn
Böndin fjögur stíga á svið á Gauknum í kvöld. Aðgangseyrir 2.000 krónur.

## Verðlaunaafhending

**Hvað?** Glæpasagnaverðlaunin Blóðdropinn afhent
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafninu, Menningarhúsinu Grófinni
Blóðdropinn verður veittur höfundi bestu íslensku glæpasögu ársins 2015. Að verðlaununum stendur Hið íslenska glæpafélag. Allir velkomnir.



Berglind Ágústsdóttir opnar einkasýninguna Dream Lover í Ekkisens í dag.




# 20%
## SUMARTILBOÐ

Þú kaupir Beoplay bluetooth hátalara og færð **20% afslátt** af Bang & Olufsen heyrnartólum.

**Gildir til 31. júlí eða á meðan birgðir endast.**







BANG & OLUFSEN

ORMSSON

Lágmúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 530 2800

# DAGSKRÁ

# Föstudagur



ÍSLENSKT

2 | 19:55
**GHETTO BETUR**
Skemmtilegur nýr spurningaþáttur í umsjón Steinþórs Hróars Steinþórssonar eða Steinda Jr. Í hverjum þætti mæta fulltrúar frá tveimur bæjarfélögum, tveir frá hvoru, og spreyta sig á vel völdum spurningum.


MEIRIHÁTTAR
FÖSTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365




2 | 19:30
**IMPRACTICAL JOKERS**
Sprenghlægilegir bandarískir þættir þar sem fjórir vinir skiptast á að vera þátttakendur í hrekk í falinni myndavél.



2 | 20:45
**THE SECOND BEST MARIGOLD HOTEL**
Allt er orðið fullt á Marigold-hótelinu og bara eitt herbergi eftir. Því ákveður hinn yfirmáta bjartsýni hótelstjóri Sonny Kapoor að opna bara nýtt hótel.



2 | 22:50
**INGLOURIOUS BASTERDS**
Leikstjórinn Quentin Tarantino fékk til liðs við sig einvalalið leikara til að segja söguna af hóp bandarískra gyðinga í síðari heimsstyrjöldinni sem hafa það eitt að markmiði að myrða nasista.



22:00
**INHERENT VICE**
Rannsóknarlögreglumaðurinn Larry Sportello ákveður að hafa uppi á horfinni fyrrverandi unnustu sinni. Gamansöm glæpamynd með Joaquin Phoenix.




3 | 20:25
**LIP SYNC BATTLE**
Hér kemur saman rjóminn úr skemmtanabransanum vestanhafs til að keppa í því að leika eftir lögum með tilþrifum en dómnefnd sker úr hver stendur uppi sem sigurvegari í hverjum þætti.


Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.20** Tommi og Jenni
**07.40** Kalli kanína og félagar
**08.05** The Middle
**08.30** Pretty Little Liars
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Restaurant Startup
**11.00** First Dates
**11.45** Grand Designs - Living
**12.35** Nágrannar
**13.00** Nine
**15.05** Edward Scissorhands Frábær mynd frá 1990 með Johnny Depp og Winonu Ryder í aðalhlutverkum. Edward er sköpunarverk uppfinningamanns sem léði honum allt sem góðan mann má prýða en féll frá áður en hann hafði lokið við hendurnar. Edward er því með flugbeittar og ískaldar klippur í stað handa en hjarta hans er hlýtt og gott.
**16.50** Simpson-fjölskyldan
**17.15** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Friends
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.50** Íþróttir
**19.10** The Simpsons
**19.30** Impractical Jokers Sprenghlægilegir bandarískir þættir þar sem fjórir vinir skiptast á um að vera þátttakendur í hrekk í falinni myndavél.
**19.55** Ghetto betur Skemmtilegur nýr spurningaþáttur í umsjón Steinþórs Hróars Steinþórssonar eða Steinda Jr. Í hverjum þætti mæta fulltrúar frá tveimur bæjarfélögum, tveir frá hvoru, og spreyta sig á vel völdum spurningum. Liðin þurfa að glíma við ákveðnar þrautir og fá einnig ýmiss konar óvenjuleg verkefni til að leysa. Hlín Einarsdóttir verður dómari í þættinum, Kalli Bjarni stigavörður og María Guðmundsdóttir verður plötusnúður.
**20.45** The Second Best Exotic Marigold Hotel
**22.50** Inglourious Basterds
**01.20** Dawn of the Planet of the Apes Í fyrri myndinni, Rise of the Planet of the Apes, öðlast aparnir gáfur og talmál manna í kjölfar tilrauna á heila þeirra. Nú eru liðin 10 ár og skæð veira hefur lagt að velli stóran hluta mannskyns og apa. Aparnir eru duglegir að bjarga sér og hafa komið sér fyrir í skóglendi utan við San Fransisco og fylgjast úr fjarlægð með hnignun manna. Með aðalhlutverk fara Gary Oldman og Keri Russell.
**03.25** The Vatican Tapes
**04.55** Nine

## SPORT

**07.20** Copa America
**09.00** Copa America
**12.25** Borgunarbikarmörkin
**13.30** IAAF Diamond League
**15.30** Copa America
**17.10** Copa America
**18.50** Sumarmessan
**19.25** Borgunarbikar karla
**21.10** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**22.00** Sumarmessan
**22.50** NBA
**01.00** NBA
**04.00** NBA

## SPORT 2

**22.55** Copa America
**02.25** Copa America

## STÖÐ 3

**17.45** Raising Hope
**18.10** The Big Bang Theory
**18.30** Modern Family
**18.50** Fóstbræður
**19.25** Entourage
**20.00** Svínasúpan
**20.25** Lip Sync Battle
**20.50** Community
**21.15** NCIS Los Angeles
**22.00** Treme
**23.00** Supernatural
**23.40** Sons of Anarchy
**00.40** Entourage
**01.10** Svínasúpan
**01.35** Lip Sync Battle
**01.55** Community
**02.15** NCIS Los Angeles
**03.00** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Dóra könnuður
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Víkingurinn Viggó
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** UKI
**09.00** Ljóti andarunginn og ég
**09.25** Latibær
**09.48** Hvellur keppnisbíll
**10.00** Brunabílarnir
**10.25** Lukku-Láki
**10.47** Mæja býfluga
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Víkingurinn Viggó
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** UKI
**13.00** Ljóti andarunginn og ég
**13.25** Latibær
**13.48** Hvellur keppnisbíll
**14.00** Brunabílarnir
**14.25** Lukku-Láki
**14.48** Mæja býfluga
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Víkingurinn Viggó
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** UKI
**17.00** Ljóti andarunginn og ég
**17.25** Latibær
**17.48** Hvellur keppnisbíll
**18.00** Brunabílarnir
**18.25** Lukku-Láki
**18.48** Mæja býfluga
**19.00** Happy Feet



**07.00/11.00/15.00**
**Dóra könnuður**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** The Memorial Tournament
**12.40** Golfing World 2016
**13.30** The Memorial Tournament
**18.10** PGA Tour 2016 - Highlights
**19.05** Inside The PGA Tour 2016
**19.30** FedEx St. Jude Classic
**22.30** Golfing World 2016
**23.20** Inside The PGA Tour 2016

## BÍÓSTÖÐIN

**09.05** Beyond the Lights
**11.00** Avatar
**13.40** American Graffiti
**15.30** Beyond the Lights Dramatísk mynd frá 2014 um hæfileikaríka söngkonu að nafni Noni sem á í vaxandi erfiðleikum með að ráða við þær kröfur sem gerðar eru til hennar þegar hún verður ástfangin af lögreglumanni sem á eftir að reynast henni betur en nokkur annar sem hún hefur kynnst.
**17.25** Avatar
**20.05** American Graffiti
**22.00** Inherent Vice Gamansöm glæpamynd frá árinu 2014 sem fjallar um hinn skrautlega rannsóknarlögreglumann Larry „Doc“ Sportello. Hann ákveður að hafa uppi á horfinni fyrrverandi unnustu sinni sem grunaði eiginkonu núverandi elskhuga síns um að ætla að hæli. Við rannsóknina á hvarfi unnustunnar fyrrverandi lendir Doc í ævintýrum og aðstæðum sem myndu gera flesta hálfruglaða ef þeir væru ekki hálfruglaðir fyrir.
**00.25** Nightingale
**01.45** The Bag Man
**03.30** Inherent Vice
**06.40** Rain man

## RÚV

**16.30** Baráttan um Bessastaði
**16.55** Hrefna Sætran grillar
**17.20** Leiðin til Frakklands
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Hundalíf
**18.03** Pósturinn Páll
**18.18** Lundaklettur
**18.26** Gulljakkinn
**18.28** Drekar
**18.50** Öldin hennar
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Baráttan um Bessastaði: Viðtal við frambjóðendur
**20.05** Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
**20.25** Skarpsýn skötuhjú
**21.25** About Time
**23.30** Hinterland
**01.05** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.20** Dr. Phil
**09.00** America's Next Top Model
**09.45** Survivor
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**12.50** Dr. Phil
**13.30** Life in Pieces
**13.55** Grandfathered
**14.20** The Grinder
**14.40** Three Rivers
**15.20** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**16.00** Korter í kvöldmat (2.12)
**16.05** Saga Evrópumótsins
**17.00** EM 2016 svítan. Frakkland - Rúmenía
**18.50** Frakkland - Rúmenía
**21.15** EM 2016 á 30 mínútum
**21.50** Second Chance
**22.35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23.15** Code Black
**00.00** American Crime
**00.45** Penny Dreadful
**01.30** House of Lies
**02.00** Zoo
**02.45** Second Chance
**03.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.10** The Late Late Show with James Corden
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |


TÓNLEIKUR KYNNIR:
KRIS KRISTOFFERSON
ELDBORG 26. SEPTEMBER
SÉRSTAKIR GESTIR
APPALACHIAN MURDER BUNNIES
ANDREW HAGAR AND KELLY KRISTOFFERSON
MIÐASALA HEFST MIÐVIKUDAGINN 15. JÚNÍ
HARPA.IS –TIX.IS OG Í SÍMA 528 50 50



# FERSKARI OFURFÆÐA

Ávextir eru mjög ríkir af vítamínum, andoxunar- og steinefnum. Í þeim er líka að finna mikið af trefjum og mörgum öðrum hollum efnum. Rannsóknir benda til þess að neysla á ávöxtum geti dregið úr líkum á ýmsum sjúkdómum.



998 kr/pk

**Kirsuber 400 g.**

FERSKT með FLUGI

*Sæt og safarík jarðarber frá USA*



1.698 kr/pk

**Bláber 500 g.**



798 kr/pk

**Jarðarber 454 g**

*Áfram ísland!*





**Arizona drykkir**

Ferskir og frískandi te drykkir, hver er þinn uppáhalds?

NÝBAKAÐ

249 kr/stk
verð áður 379



**Baguette 400g**

Vissir þú að í Hagkaup færðu
9 mismunandi tegundir af baguette?

Gildir til 12. júní á meðan birgðir endast.

*Nýtt í Hagkaup*



**Coldpress**

Jucie Roots, Mean Greens og Pumpkin Power.
Mean Greens inniheldur sellerí, gúrku, sítrónu,
salat, spínat, peru og ananas.

*Nýtt í Hagkaup*




**Hamlet BBQ&Choc**

Súkkulaði fondue á grillið.

*Nýtt í Hagkaup*



**Nutramino Lean próteinbarir**

20 g af próteini. Minna en 2 g sykur, Trefjaríkt.
Inniheldur stevíu og mysuprótein.



JACK DANIEL'S OLD No 7 BRAND

## JACK DANIEL´S BBQ SÓSUR

Þekktar fyrir gæði og karakter.
Góðar með svínarifjum,
hamborgurum, grilluðum kjúkling
og sem ídýfa með grænmetinu.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg




KJARNAFÆÐI



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

Brasilíu marinering

**KRYDDLEGINN GRÍSAHNAKKI**
1.499 kr/kg
verð áður 1.999

ÍSFUGL



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

**KJÚKLINGA-BRINGUR**
2.099 kr/kg
verð áður 2.799

NAUTAAT



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

**RIBEYE**
3.599 kr/kg
verð áður 4.799

SS



TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

**KRYDDLEGNAR LAMBATVÍRIFJUR**
2.624 kr/kg
verð áður 3.499

NAUTAAT



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

**PIPARSTEIK**
2.799 kr/kg
verð áður 3.998

# HVER ER ÞINN UPPÁHALDS?

799 kr/stk
verð áður 998




mint leaves & chocolate | dulce de leche | belgian chocolate | pralines & cream | salted caramel | vanilla | strawberries & cream | cookie & dough chip | cookies & cream | chocolate salted caramel

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Lifir og hrærist í kokteilum

**Andri Davíð Pétursson er kokteilakóngur Íslands. Hann heillaði dómarana í World Class kokteilakeppninni með kuðungum og hljóðbroti úr sjó í sinni kokteilagerð.**

Guðrún Ansnes
gudrun@frettabladid.is



Ég átti nú alls ekki von á þessu. En greinlega virkaði að hafa trú á sjálfum sér. Og svo að setja smá bragð af Íslandi með," segir Andri Davíð Pétursson sem bar sigur úr býtum í alþjóðlegu kokteilakeppninni World Class. Keppnin fór fram í Hörpu á miðvikudagskvöldið var, en hún er sú stærsta sinnar tegundar í heiminum í dag. Keppnin hefur verið haldin um allan heim síðan 2009 en í ár er hún haldin í yfir sextíu löndum. Sigurvegari hverrar keppni heldur svo út til Miami í haust þar sem aðalkeppnin fer fram.

Andri Davíð starfar á veitingastaðnum Mat og drykk, og segist hafa lagt nótt við dag á undirbúningstímabilinu. „Maður verður að vera hrikalega skipulagður. Ég gerði strax möppu þar sem ég setti upp nákvæmlega hvað ég ætlaði að gera, hvernig og hvers vegna. Ég hef verið á bólakafi í þessu síðan í nóvember þegar World Class ferðalagið hófst," útskýrir Andri.

Alls skráðu 32 barþjónar sig til leiks frá 22 stöðum og 10 þeirra komust áfram. Úrslitadagurinn var sannarlega strembinn, en keppnin stóð frá morgni til kvölds og voru þrjú þemu í gangi, haf, himinn og jörð. Aðspurður hvort eitthvað sé nýtt undir kokteilasólinni svarar Andri því að hann snúi sér aftur til fortíðar í leit sinni að innblæstri ásamt því að styðjast við íslensku náttúruna. „Þessir gömlu klassísku drykkir eru að koma sterkir inn aftur. Fyrir mig virkaði svo að setja íslenskt handbragð á þetta. Það gerði ég með því að nota kuðung með hljóðbroti af sjó, harðfiskhjalla, reykkofa og svo handtíndi ég íslenskar jurtir," segir hann stoltur.

Spurður hvaðan kokteilaáhuginn sé kominn segist hann eiginlega ekki geta sett fingur á það. „Ég eiginlega veit það ekki, ég hef alltaf hugsað um áfengi af mikilli virðingu og pælt mikið í sögunni á bak við. Ég hef gaman af að velta fyrir mér hvernig mismunandi bragð blandast, hvernig klakinn er og öllu þessu," segir hann og þvertekur fyrir að hann sé óbærilegur gestur í kokteilaboðum. „Nei, ég get alveg drukkið romm í kók, en það þarf þá að veravel blandað," segir hannkíminn.

Andri er því á leið til Miami í byrjun haustsins þar sem hann keppir fyrir hönd Íslands og slær því hvergi slöku við í kokteilaundirbúningnum. „Ég held bara strax áfram að undirbúa mig, ég tek einn dag í að hugsa ekki um þetta, og svo fer bara allt á fullt aftur," segir hann og er greinilega yfir sig spenntur.



Andri Davíð alsæll milli dómaranna Aristotelis Papadopoulos og Ariel Leizgold. MYND/ÞORGEIR ÓLAFSSON

## Úr herbúðum Andra: Kerfil Daiquiri

**Kerfil Daiquiri**
- 45 ml Ron Zacapa 23
- 10 ml Grand Marnier
- 25 ml limesafi
- 15 ml kerfilsíróp

**Kerfilsírópið góða**
- 500 g vatn
- 500 g hvítur sykur
- 50 g blöð af kerfli



**Kerfil Daiquiri**
Hrist saman og borið fram í kældu kokteilglasi. Skreytt með kerfilblaði.

**Kerfilsírópið góða**
Allt sett í blandara og síað í gegn um kaffipoka (til að fá hreina áferð á sírópið), geymist best í kæli. Hafa í huga að það vaxa tvær tegundir af kerfli á Íslandi, skógarkerfill og spánarkerfill, og er það sá síðarnefndi sem er notaður.



Kerfill

# Íslendingapartíið á EM sprengdi utan af sér

Þetta er líklega eitthvert mesta vesen sem ég hef staðið í, Frakkarnir eru ekki ólmir í að tala ensku," segir Hjörvar Hermannsson, athafnamaður með meiru, sem stendur fyrir sérlegu Íslendingapartíi í Marseille í Frakklandi í tengslum við Evrópumótið í knattspyrnu.

Líkt og hver einasti Íslendingur ætti að vera kominn með á hreint, er karlalandslið Íslendinga að keppa á mótinu og því gríðarlegur mannfjöldi floginn af landi brott til að vera viðstaddur mótið. Hjörvar sá sér leik á borði og riggaði upp Íslendingapartíinu og hefur vægast sagt fengið góð viðbrögð, en nú þegar hafa fjögur hundruð miðar selst en það gerir það að verkum að Hjörvar þarf að flytja veisluna í stærra rými. „Miðarnir fuku út og við erum á bólakafi að vinna í þessu núna," segir hann þó nokkuð brattur.

Hugmyndin að partíinu er einhvers konar sjálfstætt framhald af Íslendingapartíi sem Hjörvar blés til á heimsmeistaramótinu fyrir tveimur árum, þá í Brasilíu. „Þegar við vorum úti í Brasilíu gerðum við þetta, ég, Danni Delux og Retro Stefson hópurinn. Það var gaman. Svo vorum við saman í partíi fyrir nokkrum mánuðum og við Logi og Unnsteinn vorum að ræða þetta. Þá var ákveðið að hjóla í þetta," segir hann og bætir við: „Það er svo rosalega mikið af Íslendingum sem eru að fara og einhverra hluta vegna er engin skipulögð dagskrá."

> **ÞAÐ ER SVO ROSALEGA MIKIÐ AF ÍSLENDINGUM SEM ERU AÐ FARA OG EINHVERRA HLUTA VEGNA ER ENGIN SKIPULÖGÐ DAGSKRÁ.**

Staðsetning og tímasetning Íslendingapartísins hefur heilmikið um aðsóknina að segja, en ekki verður hjá því komist að horfa til þess að gríðarlega fjölbreyttur og líflegur hópur kemur til með að hafa ofan af fyrir Íslendingunum í veislunni. „Við höfðum hópinn verulega fjölbreyttan. Þarna koma til með að stíga á svið menn eins og Herbert Guðmundsson, Dj Danni Delux og Svavar Elliða píanóleikari. Sóli Hólm sér um veislustjórnina og borgarstjórinn, Dagur B. Eggertsson, lætur til sín taka."

Eðli málsins samkvæmt verður líka hægt að fylgjast með leikjum dagsins á meðan á veisluhöldum stendur, en þau hefjast klukkan 15.00 að staðartíma.

„Ég reikna með að við getum tekið við fleirum fyrst við höfum stækkað við okkur," segir Hjörvar að lokum, spenntur fyrir komandi stuði og bendir á að fólk geti nálgast miða á tix.is.

gudrun@frettabladid.is



Hjörvar er í góðum félagsskap veislustjórans Sóla Hólm og gamla brýnisins Herberts Guðmundssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



Íslensku stuðningsmennirnir eru greinilega trylltir í að blanda saman bolta og djammi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Dagur B. Eggertsson verður á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# KALEO A/B

## ER KOMIN Í VERSLANIR HAGKAUPS




Kaleo A/B
**2.999**kr

1. No Good
2. Way Down We Go
3. Broken Bones
4. Glass House
5. Hot Blood
6. All The Pretty Girls
7. Automobile
8. Vor í Vaglaskógi
9. Save Yourself
10. I Can´t Go On Without You

A/B er önnur breiðskífan frá íslensku hljómsveitinni Kaleo. Sveitin sló í gegn með sinni fyrstu plötu hér á landi og hefur undanfarna mánuði verið að gera allt vitlaust vestan hafs. Þeir eru m.a. á lista tímaritsins Rolling Stone yfir „10 nýjar hljómsveitir sem þú þarft að þekkja". Nýja platan inniheldur m.a. smellina „All The Pretty Girls", „Way Down We Go", „No Good", „I Can't Go On Without You" og lagið „Save Yourself" sem er nýfarið í spilun. Öll lögin hafa fengið mikla spilun hér á landi undanfarnar vikur og mánuði. Nokkur lög af fyrri plötunni eru einnig á A/B, en í nýjum útsetningum.

*Vínylplötur í úrvali*
*í Skeifunni, Kringlunni, Smáralind og Garðabæ*




*60 vinsæl íslensk lög*




Fyrir ferðalagið 3 CD
**3.199**kr

Gildir til 30. júní.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*









Jakob Frímann Magnússon, formaður stjórnar STEF, segir að sömu lög gildi á internetinu og í raunheimum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Steindi fórnarlamb ólöglegs niðurhals

**Þætti Steinda Jr., Ghetto betur, hefur oftar en 5.000 sinnum verið halað niður á tveimur vikum. Þátturinn er í fyrsta sæti yfir vinsælustu skrárnar á deilisíðunni deildu.net og talan hækkar stöðugt.**

Það er reyndar fáránlega ghetto að dánlóda Ghetto betur en íslensk dagskrárgerð hefur átt undir högg að sækja undanfarin ár – en það er mikið að gerast um þessar mundir, t.d. er Stöð 2 að gefa mikið í og stefna fyrirtækisins er að fækka erlendum þáttum og gefa í með þetta íslenska. Ég geri mér grein fyrir stöðunni, fólk er vant því að dánlóda. Það er normið. En íslenskt efni vex heldur ekki á trjánum, það kostar að búa þetta til. Ef þú fílar stöffið þá áttu að borga fyrir það, ef þú getur. Maður hefur heyrt að ungu fólki finnist dýrt að gerast áskrifandi, en ég er með lausn við því – það væri hægt að sleppa einu djammi í mánuði og þá eruð þið komin með 2–3 mánaða áskrift á móti, og ef það er ómögulegt þá megið þið koma heim til mín að horfa svo lengi sem ég fæ að drekka bjórinn ykkar,“ segir Steinþór Hróar Steinþórsson, eða Steindi Jr., stjórnandi þáttarins Ghetto betur, en fyrsta þætti seríunnar hefur þegar þetta er skrifað verið halað niður 5.304 sinnum frá því að hann var sýndur fyrir tæpum tveimur vikum – það er með því mesta sem gerist með íslenska sjónvarpsþætti og trónir hann á toppnum á vinsældalista skráadeilisíðunnar Deildu.net. Til samanburðar hefur þáttum 3–5 af Rappi í Reykjavík verið halað niður um það bil 1.600 sinnum á þessari sömu síðu.



Steindi Jr., stjórnandi þáttarins Ghetto betur, mælir með því að sleppa einu djammi og nota féð frekar til að styðja innlenda dagskrárgerð. MYND/ALLAN

„Þessar fréttir hryggja mig. Þetta þýðir í rauninni að við þetta minnka möguleikarnir á að jafn frábær sjónvarpsmaður og frumlegur og Steindi Jr. er geti haldið áfram íslenskri dagskrárgerð í sjónvarpi. Þetta er sambærilegt við það að 5.000 manns létu greipar sópa um sælgætisbarinn í Hagkaupum. Þarna er stjórnarskrárvarinn eignarréttur á framleiðslu og þetta gerist og það er ekkert aðhafst,“ segir Jakob Frímann Magnússon, formaður stjórnar STEF, Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar.

Hvað viltu sjá gert í niðurhalsmálum? „Það sama og er gert í öðrum gripdeildum. Það er enginn munur. Það er reginmisskilningur sem einhverjir hafa verið að reyna að telja okkur trú um að það gildi ekki sömu lögmál í netheimum og í mannheimum almennt.

Það er einhver boðskapur sem ég skil ekki því að ef það væri raunin – hvað þá með netbankann okkar og önnur netviðskipti? Það er eins og að ef tiðnisviðin, sem um ræðir og eru brottnumin með þessum hætti, eru ekki áþreifanleg og þú getur ekki handfjatlað þau séu þá einskis virði.“

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


GEORG JENSEN
ESTABLISHED 1904
NOMINATION
ITALY
Sunflower
39.900 kr.
Dew Drop
25.900 kr.
Möbius
27.900 kr.
Daisy
25.900 kr.
Angel
9.900 kr.
Angel
6.100 kr.
Flair
30.100 kr.
Glæsilegar útskriftargjafir
Rodania
Vancouver
31.700 kr.
Daniel Wellington
Sheffield
32.900 kr.
Armani
Renato
68.100 kr.
Auguste Reymond
Elegance Automatic
125.300 kr.
Armani
Classic
55.200 kr.
Herraúr
Henry London
Knightsbridge
35.900 kr.
Hugo Boss
Gentleman
40.900 kr.
Kennet Cole
Classic
20.900 kr.
Skagen
Hagen
42.500 kr.
Tissot
Classic Dream
31.900 kr.
Rodania
Calgary
50.200 kr.
Armani
Retro
89.400 kr.
Daniel Wellington
St. Mawes
29.800 kr.
Henry London
Finchley
38.900 kr.
Michael Kors
Catlin
62.800 kr.
Kvenúr
Michelsen
Tradition
73.000 kr.
Skagen
Ancher
31.800 kr.
Tissot
Classic Dream
48.500 kr.
Kíktu á úrvalið hjá okkur á Laugaveginum,
í Kringlunni eða í vefversluninni á michelsen.is
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegi 15 og Kringlunni – sími 511 1900 – www.michelsen.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar

María Bjarnadóttir



## Obi Wan Kardashian

Ég tel að nú sé nógu langt liðið frá sýningu síðustu Star Wars myndar til þess að rjúfa þagnarmúrinn um innihald hennar.

Auðvitað er aðalsagan í grunninn um átök milli fjölmenningarsamfélagsins og einsleitni. Ólíkar tegundir vera sameinast í þágu fjölbreytni og friðar í uppreisnarhernum sem berst gegn öflugum heimsvaldaher þar sem allir eru steyptir í sama mót og lúta hugsunarlaust algjöru foringjavaldi, enda ekkert pláss fyrir gagnrýna hugsun.

Þarna er löngu tímabær háfemínísk ádeila Disney á stöðu mæðra á vestrænum vinnumarkaði og raunsönn lýsing á baráttu kvenna í stjórnunarstöðum við að samræma vinnu og einkalíf.

Vandinn sem úreltar staðalímyndir um karlmennsku skapa fyrir feður sem geta ekki talað um erfiða reynslu eða tilfinningar sínar, ástarsambönd sem slitnar upp úr vegna erfiðleika í fjölskyldulífinu og ungt fólk sem gengur til liðs við öfgasamtök.

Erfiðleikarnir sem fylgja því að tryggja frið í sólkerfinu með viðskiptabönnum og samningum við plánetur með vafasöm hag- og stjórnkerfi, því að það er skárra en valkosturinn sem er að lúta alræðisvaldi frekasta kallsins í sólkerfinu.

Hugrekkið sem þarf til þess að standa á móti hinu illa þegar það er öflugra, ríkara og valdameira. Í mjúkum faðmi hins illa og öfluga þarf enga pólitíska rétthugsun eða önnur leiðindi og þar er auðvelt að líða eins og sigurvegara. En það er skammgóður vermir – enda áttunda myndin á leiðinni.

Niðurstaðan? Star Wars er frábær raunveruleikamyndaþáttaröð sem lýsir ástum og átökum í öðru stjörnukerfi, langt, langt í burtu.








